




**SKOÐUN** Próstur Ólafsson skrifar um stjórn sjávarútvegsmála og Líú. **18**



**MENNING** Ásdís Sif Gunnarsdóttir gefur út ljóða-plötu og opnar sýningu. **24**



**LÍFID** Bóas Kristjánsson hlaut tvær og hálf milljón í styrk úr Hönnunarsjóði. **26**



**SPORT** Íslenska knattspyrnuliðið leikur gegn Eistlandi í kvöld. **30**



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

4. júní 2014  
130. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## MARKAÐURINN



### Nýr forstjóri Samskipa hf.

Pálmar Óli Magnússon hefur verið ráðinn forstjóri Samskipa hf. Hann hefur störf í júlímánuði.

### FRÉTTIR

**Meira samstarf** Ísland leggur til starfsmann í nýja stöðu hjá Nato sem er tilkomin vegna ástandsins í Úkraínu. **4**

**Íbúar vilja vernda** Garðyrkjustjóri borgarinnar segir það tæknilega hægt að flytja silfurreyfingarnar sem til stendur að fella við Grettisgötu í óþökk íbúa. **8**

**Vilja efla sjálfstraust** Milljónum hefur verið varið í að efla sjálfs-traust unglingsstúlkna og vinna gegn staðalmyndum. **10**

# Ný flóðlýsing ekki í útboð

Reykvískir skattgreiðendur munu greiða 50 af 70 milljónum sem ný flóðljós á Laugardalsvelli kosta. Knattspyrnusambandið samdi við eitt fyrirtæki án útboðs. Keppinautar á markaði fyrir flóðlýsingu eru ósáttir.

**SAMKEPPNISMÁL** Framkvæmdir við endurnýjun flóðlýsingar á Laugardalsvelli fóru ekki í útboð og keppinautum Ó. Johnson & Kaaber, þess sem fékk verkið, var ekki gert kleift að gera tilboð í framkvæmdina.

Framkvæmdirnar eru á vegum KSÍ og er talið að heildarkostnaður við verkið nemi rúmlega 70 milljónum króna. Samkvæmt fyrirliggjandi samningsdrögum mun Reykjavíkurborg greiða um 50 milljónir króna á þremur árum vegna framkvæmdanna og eignast síðan ljósin. Verkið var ekki boðið út heldur gerður samningur við Ó. Johnson & Kaaber ehf. um kaupin.

Ýmsir af keppinautum Ó. Johnson & Kaaber sem Fréttablaðið hefur rætt við eru afar ósáttir við vinnubrögð KSÍ og Reykjavíkurborgar og telja rétt að bjóða slík verkefni út.

Arnar Þór Hafþórsson, sölu- og

markaðsstjóri Jóhanns Ólafssonar & Co, keppinautar Ó. Johnson & Kaaber, segist undrast það verklag að enginn annar hafi fengið að bjóða í verkið. „Okkar fyrirtæki er með umboð fyrir Siteco, mjög vandaða vöru sem er notuð á um 90 prósent allra knattspyrnuvalla í Noregi til að mynda, við aðstæður sem eru afar líkar þeim sem gerast á Íslandi. Ég fullyrði það að við erum bæði samkeppnishæfir í verði og gæðum og gætum auðveldlega unnið verkið fyrir haustið,“ segir Arnar Þór.

Laugardalsvöllur er eign Reykjavíkurborgar en Knattspyrnusamband Íslands hefur verið með þjónustusamning við borgina um reksturinn. Sá samningur er útrunninn. Á næsta fundi borgarráðs liggja fyrir tveir samningar um völinn, annars vegar nýr þjón-

ustusamningur um rekstur svæðisins og annar um flóðlýsinguna.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir í samtali við Fréttablaðið að sérfræðingur frá UEFA hafi komið til landsins til að fara yfir ýmis mál vegna undankeppni Evrópumóts landsliða sem hefst í haust. „Gerð var athugasemd við flóðlýsingu Laugardalsvallar, hún væri ekki nægilega góð og þá þurftum við að vinna hlutina hratt. Við höfðum ekki tíma til að fara í langt og strangt útboðsferli. Þessi mál þurfti að ákveða hratt og vel.“

Reykjafell, Rönnung og Ískraft eru einnig keppinautar á markaði fyrir flóðlýsingu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fengu þessi fyrirtæki ekki tækifæri til að gera tilboð í verkið.

Leitað var svara hjá Reykjavíkurborg hvort ekki væri eðlilegt að við-

Við höfðum ekki tíma til að fara í langt og strangt útboðsferli. Þessi mál þurfti að ákveða hratt og vel.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ.



hafa útboð við svo viðamikil kaup á kostnað skattgreiðenda. Eva Einarsdóttir, formaður ÍTR, vildi ekki tjá sig um málið fyrr en eftir borgarráðsfundinn á fimmtudag. -sa



Bolungarvík	8°	NA	5
Akureyri	12°	A	5
Egilsstaðir	10°	A	6
Kirkjubæjarkl.	10°	A	10
Reykjavík	12°	A	6

**Súld víða** með S-ströndinni og V-lands en bjartviðri NA-lands. Hiti yfirleitt 6-14 stig. Fremur hæg A-læg átt víðast hvar en 8-13m/s með SA- og S-ströndinni. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólki



Á ÚTLEIÐ Borgarfulltrúar fallast í faðma að loknu fjögurra ára samstarfi í Ráðhúsinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Jón Gnarr, fráfarandi borgarstjóri, kvaddi félagi sína í borgarstjórn í gær:

## „Þetta er búið að vera ævintýri“

**REYKJAVÍK** Síðasti fundur borgarstjórnar Reykjavíkur fyrir meirihlutaskipti fór fram í gær. Fundinum lauk á kveðjuræðu Jóns Gnarr, fráfarandi borgarstjóra, en í henni fór hann fögrum orðum um félagi sína í borgarstjórn og sagðist „maður að meiri“ eftir að hafa fengið að starfa með þeim.

„Ég vil líka biðja ykkur afsökunar á þeim tímum sem ég hef hugsanlega sært eitthvert ykkar með ómálefnalegri gagnrýni eða með því að alhæfa eitthvað sem átti ekki við rök að styðjast,“ sagði Jón við starfsmenn sína. „Það var ekki við mig að sakast heldur heilann í mér.“ Hann þakkaði sérstaklega félögum sínum í Besta

flokknum, sem hverfur nú úr borgarstjórn. „Takk kærlega fyrir að gera þetta með mér,“ sagði Jón. „Þetta er búið að vera ævintýri og ég þakka ykkur hverju og einu.“

Þrátt fyrir að mikið hafi verið um þakkir og kveður á fundinum, minnti Jón á að sitjandi borgarstjórn lætur ekki formlega af störfum fyrr en eftir rúma viku.

„Ég „er hann“ enn þá,“ sagði Jón. „Það er enn þá verið að „tagga“ mig á Facebook þegar fólk vill kvarta yfir einhverju. Ég lít svo á að starfi mínu sé ekki lokið fyrr en fólk hættir að „tagga“ mig á myndum af gubbi á Snorrabraut.“ -bá

Skemmta eldri borgurum:

## Koma fram á 65 tónleikum

**TÓNLIST** „Þetta er hugmynd sem strákarnir fengu, sem hefur gerjast í svolitinn tíma. Þetta er svo skemmtilegt og gefandi fyrir svo margar sakir,“ segir tónlistarkonan Ása Berglind Hjálmarisdóttir en hún, ásamt þeim Tómasi Jónssyni og Jökli Brynjarsyni, stendur fyrir hljómléikaröðinni Nú verður glaumur og gaman, nú gleðjist hver einasta sál.

Um er að ræða hljómléikaröð til heiðurs eldri borgurum Íslands, sem inniheldur 65 tónleika á einungis 30 dögum.

Öll gefa þau vinnu sína og gera þetta af góðmennskunni einni.

ÁSA BERGLIND HJÁLMARSD.

ÁSA BERGLIND HJÁLMARSD.

ÁSA BERGLIND HJÁLMARSD.

ÁSA BERGLIND HJÁLMARSD.

- glp / sjá síðu 34



## BA nám í lögfræði

Skráningu lýkur 5. júní  
Inntökupróf verður 13. júní

www.lagadeild.hi.is



Opið allan sólarhringinn  
í Engihjalla, Vesturbergi  
og Arnarbakka



Iceland

Parftu að pissa oft á nóttunni?

20% afsláttur

PRO-STAMINUS

www.gangareid.is

## SPURNING DAGSINS



Er gott silfur gulli betra?

„Já, allavega betra en hótél.“

Ylfa Dögg Árnadóttir og Eiríkur Kristinn Júlíusson hafa barist fyrir verndun 100 ára gamals silfurreyfis sem stendur við Grettisgötu og á að fella ef áætlanir um hótélbyggingu ganga eftir.

Salmann Tamimi segir umræðu um mosku í Reykjavík „lágkúrulega“:

## Kærir tvo fyrir morðhótanir

**DÓMSMÁL** Salmann Tamimi, varaformaður Félags múslima á Íslandi, ætlar að kæra tvo menn fyrir morðhótanir sem hann fékk frá þeim í gegnum athugasemdir við frétt á Vísi.

„Ég þekki ekki þessa menn og hef aldrei haft samskipti við þá,“ segir Salmann. „Konan mín, börnin og barnabörnin hafa öll áhyggjur af þessu. Þetta er ekki grín og mér finnst að það eigi ekki að taka léttilega á svona mönnum. Við viljum ekki fá svona í samfélagið okkar.“



SALMANN TAMIMI

Hótanirnar sem um ræðir birtust í athugasemdakerfi Vísis við frétt um fyrirhugaða byggingu mosku í Sogamýri. Annar manna, Sturla Þórðarson, skrifar að lífláta ætti Salmann „eins og svín“ og annar, Guðmundur Ingi Vésteinsson, að drepa eigi „þessa

múslima“. Sá síðarnefndi hefur þó beðist afsökunar á ummælunum.

Salmann segir umræðuna um byggingu moskunnar undanfarna daga „ógeðslega“ og „lágkúrulega“.

„Mér finnst sorglegast að einn af elstu stjórnvaldaflokkum landsins gefi þessum fanatíkum undir fótinn,“ segir hann.

„Ég held við eigum að taka okkur saman um að útrýma öllum fordómum í samfélaginu.“

- hp

## Ferðamenn fara ókeypis inn: Engin gjaldtaka í Mývatnssveit

**FERÐAÞJÓNUSTA** Landeigendur Reykjahlíðar hugðust hefja innheimtu náttúruverndargjalds við þrjá ferðamannastaði í Mývatnssveit þann 1. júní. Engin gjaldtaka er þó hafin.

Við hverina hefur fjöldi erlendra ferðamanna verið síðustu daga og hafa þeir komist gjaldfrjálst inn á svæðið. Engin merki eru um að gjaldtaka sé í bígerð fyrir utan í Helgavogi þar sem verið er að breyta dælustöð í svefnaðstöðu fyrir starfsfólk.

- ebg



**GRÆNIR FINGUR** Blóm sem mynda merki borgarinnar hafa verið gróðursett á þessum stað að sumarlagi undanfarnin ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Starfsmenn Reykjavíkur standa nú í sumarverkunum:

## Borgarmerkið myndað úr blómum

**REYKJAVÍK** Sumarverkin eru hafin hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Meðal annars er ungt fólk í sumarvinnu komið langt með að útbúa merki borgarinnar úr bláum og hvítum stjúpum í brekkunni við Sogamýri.

„Þetta er svolítill kúnt að mæla þetta rétt út,“ segir Gunnsteinn Olgeirsson, hjá skrifstofu reksturs og umhirðu Reykjavíkurborgar. „Við reynum að hafa alltaf rétt hlutföll í þessu.“

Hann segir að merkið verði í vinnslu megnið af vikunni en að líklegast náist að klára þetta á föstudaginn kemur.

- b á

Flugfreyjur lýsa yfir sátt:

## FFÍ samþykkir kjarasamning

**KJARAMÁL** Félagsmenn Flugfreyjufélags Íslands (FFÍ) samþykktu í gær nýjan kjarasamning við Icelandair Group hf. Samningurinn hefur þegar tekið gildi og mun gilda til 31. ágúst 2015.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu. Kjaradeilum félagsins við samninganefnd Samtaka atvinnulífsins, fyrir hönd Icelandair, lauk þann 26. maí síðastliðinn þegar sátt náðist og samningur var gerður.

Sá samningur hefur nú verið lagður fyrir félagsmenn og samþykktur.

- sáþ

Umhverfið haft í forgrunni:

## Græn leiga í fornri KEA-höll

**AKUREYRI** Fasteignafélagið Reitur hefur gert „grænan“ leigusamning við stofnanir á Akureyri í fornfrægu húsi í bænum.

Eyþing, Vaðlaheiðargöng ehf., Ferðamálastofa og Markaðsstofa Norðurlands hafa flutt saman starfsstöðvar sínar í fyrrverandi höfuðstöðvar Kaupfélags Eyfirðinga, KEA, á horni Hafnarstrætis og Kaupvangsstrætis.

Græn leiga byggist á að leigusali og leigutaki leggi sig fram um vistvæna hætti, til dæmis flokkun sorps og stuðli að því að starfsmenn noti heilsusamlegan og umhverfisvænan samgöngumáta.

- sa

# Stundum liggur fólk á gluggum hjá Önnu

Anna Gunnarsdóttir setur sinn svip á Drangnes með fagurlega skreyttum garði við heimili sitt í þorpínu. Margir staldra við í brekkunni í Holtagötu til að virða munina fyrir sér. Anna segir suma leggjast á gluggana og jafnvel ganga í bæinn.

**FÓLK** „Fólk labbar oft beint inn í garðinn án þess að spyrja um leyfi. Okkur er svo sem alveg sama,“ segir Anna Gunnarsdóttir þar sem hún situr á sólpallinum í fagurlega skreyttum garði sínum á Drangnesi.

Anna segir að óhægt sé um vik með hefðbundna garðrækt á Drangnesi. Fyrir meira en tíu árum hafi hún og eiginmaður hennar, Birgir Guðmundson trillusjómaður, byrjað að aka í garðinn mól sem þau handmokuðu upp á pallbíl í fjórundi í þorpínu. Síðan hafi bæst við netakúlur, bátaskrúfur og margt fleira spennandi.

Margir staldra skiljanlega við heimili Önnu og Birgis á Holtagötu. Auk þess sem hjónin hafa sjálf verið ötul við að bæta við skrautmunum hefur Guðbjörn Gunnarsson, bróðir Önnu, lagt hönd á plóg. Guðbjörn vandi komur sína á árlega Bryggjuhátið á Drangnesi og skar í hvert skipti út nýjan mun úr rekaviði fyrir garðinn hjá Birgi og Önnu. Þar á meðal er bátslíkneski, maður, kona og köttur.

„Svo erum við með fallega steina sem mamma og pabbi tíndu þegar við áttum heima á Fáskrúðsfirði. Eftir að þau fluttu til Reykjavíkur spurðu þau hvort við vildum steinana og þegar við fórum suður tókum við einn og einn kassa með heim. Þannig að við maðurinn minn höfum fengið að njóta þeirra,“ segir Anna, sem hefur augun opin fyrir nýjum hlutum í garðinn.

„Ég reyni alltaf að finna eitthvað. Í fyrra fann ég gamlan



ANNA GUNNARSDÓTTIR Sól skein á húsfreyjuna á Holtagötu 1 og skrautgarðinn hennar um síðustu helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

línubala sem ég flísalagði og hef fyrir tjörn með öndum. Maðurinn minn hefur sagað út blóm og ég hef málað þau. Þetta er mikil samvinna hjá okkur,“ segir Anna.

Lóðin hjá Önnu og Birgi er ekki afgirt og ramba margir forvitnir ferðalangar þangað inn og taka myndir. Í sólskálanum eru ýmsir munir frá ferðalögum þeirra hjóna. Anna segir að stundum hafi fólk verið komið alla leið að glerinu og horft inn. „Það hefur jafnvel skeð tvisvar eða þrisvar þegar

„Svo erum við með fallega steina sem mamma og pabbi tíndu þegar við áttum heima á Fáskrúðsfirði.“

Anna Gunnarsdóttir, garðeigandi á Drangnesi.

hurðin á sólskálanum er opin að fólk hefur verið komið inn og spurt hvenær búðin opni,“ segir Anna og hlær innilega.

gar@frettabladid.is

Bandaríkjastjórn ætlar að senda fleiri hermenn og vopn til Evrópu:

## Obama leggur til milljarð dala

**PÓLLAND, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti segir að allt að milljarði dala, jafnvirði ríflega 113 milljarða króna, verði varið til að styrkja heraflla Bandaríkjaanna í austanverðri Evrópu.

Tilfnið er ástandið í Úkraínu, þar sem stjórnarherinn hefur átt í hörðum átökum við uppreisnarmenn í austurhluta landsins. Rússar hafa talað máli uppreisnarmanna og gagnrýnt Úkraínustjórn fyrir að beita hervaldi gegn þeim.

Obama skoraði jafnframt á aðildarríki NATO að verja meira fé til sameiginlegra varnarmála, þrátt fyrir efnahagssamdrátt undanfarna ára. „Allir eru færir um að leggja sinn hlut af mörku, taka þátt í að sjá til þess að við höfum nægilegt fé, skipulag, samhæfingu og þjálfun til að geta skilað árangri,“ sagði Obama í Póllandi í gær, þar sem hann hitti Bronislaw Komorowski forseta að máli.

Obama hyggst síðan í dag hitta Petro Porosjenko, hinn nýkjörna forseta Úkraínu, og sagðist í gær vonast til þess að bæði Bandaríkin og Úkraína gætu verið í góðum samskiptum við Rússland.

- gb



BARACK OBAMA Bandaríkjaforseti í Póllandi, þar sem hann kynnti áformin.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Voltaren Gel**  
20% afsláttur af 50g og 100g túbum

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

OPÍÐ MÁN-FÖS 8.30-18 og LAU 10-14

LYFJAVER  
APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN



Way of Life!

# SX4 S-CROSS



## Nýr fjórhjóladrifinn sjálfskiptur Suzuki S-Cross. Verð aðeins kr. 4.880.000



SX4 S-Cross er nýjasti jeplingurinn frá sérfræðingum fjórhjóladrifsbíla Suzuki. Einstaklega rúmgott farþega og farangursrými, öflug og sparneytin vél. Eyðsla aðeins 5.7 l/100 km í blönduðum akstri.



### MEÐAL RÍKULEGS STAÐALBÚNAÐAR:

- All Grip, eitt fullkornasta fjórhjóladrifskerfi sem völ er á
- Garmin leiðsögukerfi með íslenskum kortum
- Bakkmyndavél
- Lykillaut aðgengi og ræsing
- Tvískipt loftkæling
- 7 öryggisloftþúðar
- Hraðastillir (cruise control)
- Fullkomið hljómkerfi með 7 hátölurum og BlueTooth
- Álfelgur
- Dökkan rúður

## Komið og reynsluakið

SUZUKI SPARNEYTNI



TRAUST UMBOD Í YFIR  
40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

SVONA ERUM VIÐ



**30.338** vöruflutninga- og sendiferðabílar voru skráðir á Íslandi í árslok 2012.

Áratug fyrr voru þeir alls 20.278.

# Úrskurður Félagsdóms í gær kom í veg fyrir fyrirhugað verkfall FÍN: Vandamálið ekki úr sögunni

**KJARAMÁL** Ekkert verður af fyrirhuguðu verkfalli náttúrufræðinga á Landspítalanum í dag eftir að Félagsdómur úrskurðaði seint í gær að boðun verkfallsins væri ólögmæt.

„Vandamálið er ekki úr sögunni,“ segir Páll Halldórsson, formaður Félags Íslenskra náttúrufræðinga, en niðurstaðan þýðir að náttúrufræðingar þurfa að kjósa á ný um hvort boða eigi verkfall. „Nú förum við yfir það. Við þurfum að skoða dóminn betur, hvað í honum felst og

á hvað þeir hengja hatt sinn.“ Páll segir úrskurðinn helst byggja á að verkfallið var boðað til að fylgja eftir gerð stofnansamnings. Það gangi ekki upp í augum Félagsdóms. Hvorki stjórnvöld né stjórnendur Landspítalans hafni réttmæti launakröfu félagsins.

„Það er frekar að spítalinn segir að ríkið eigi að leysa þetta,“ segir Páll. „Og ríkið segir að spítalinn eigi að leysa þetta.“ Páll segir að fundað verði snemma í dag með lögfræðingum um næstu skref í málinu. - b



**AF LANDSPÍTALA** Flestir náttúrufræðingar spítalans starfa í Blóðbankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

# Bandaríkin vilja viðræður: Netanjahú furðar sig

**ÍSRAEL, AP** Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, segist hafa miklar áhyggjur af því að Bandaríkin hafi ákveðið að vera áfram í sambandi við Palestínu-stjórn.

Ísraelar slitu öllum tengslum við Palestínunum eftir að tvær helstu fylkingar þeirra, Fatah og Hamas, kynntu sameiginlega ríkisstjórn sína á mánudag. Ísraelar neita að ræða við Hamas-samtökin á þeim forsendum að þar séu hryðjuverkamenn á ferðinni. - gb

## Efla á tvíhliða samvinnu: Horft til jarðhitanytingar

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra átti í gær fund með Elzbieta Bienkowska, aðstoðarforsætisráðherra Póllands, sem er einnig ráðherra innviða og þróunar.

Á fundi ráðherranna í Varsjá var rætt um leiðir til að efla tvíhliða samvinnu ríkjanna fyrir tilstilli uppbyggingarsjóðs EES, einkum á sviði jarðhitanytingar, en einnig á sviði mennta- og menningarmála og rannsókna og vísinda. Þetta kom fram í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu. - fb

## Grunaður um líkamsárás: Í gæsluvarðhaldi til 6. júní

**DÓMSTÓLAR** Maður sem grunaður er um líkamsárás í Selbrekku síðastliðinn föstudagmorgun, verður í gæsluvarðhaldi og einangrun til 6. júní næstkomandi. Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjaness þar að lútandi.

Samkvæmt greinargerð barst lögreglu tilkynning klukkan níu um morguninn um mann sem lá í blóði sínu við Selbrekku. Maðurinn var með mikla áverka og mat lækni á slysideild þá svo að árásin hefði verið kröftug, eins og henni hefði verið ætlað að valda sem mestum skaða.


Tvö vitni sáu tvo menn sem þóttu grunsamlegir í háttum. Lögreglan leit nú að hinum manningum. - skó

## LEIÐRÉTT

Í frétt í gær um tvöfaldar vaktir hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum var missagt að hjúkrunarfræðingar tækju að meðaltali eina tvöfalda vakt á mánuði. Hið rétta er að hjúkrunarfræðingar taka að meðaltali eina tvöfalda vakt á ári.

# Ísland manna stöðu hjá NATO vegna Krímskaga

Mikil áhersla er lögð á að öll aðildarríki NATO leggi í púkkið í viðbrögðum vegna aðgerða Rússlands í Úkraínu. Einn fyrir alla og allir fyrir einn, segir framkvæmdastjóri bandalagsins. Varnarmálaráðherrar ræða langtíma-áhrif krísunnar í Úkraínu. Rússar eru sagðir verða að draga enn meira úr viðbúnaði á landamærum Úkraínu.



Brjánn Jónasson  
Skrifur frá Brussel  
brjann@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL** Ísland leggur til fulltrúa í nýja stöðu innan Atlantshafsbandalagsins (NATO) sem er hluti af auknum viðbúnaði bandalagsins vegna innlimunar Rússlands á Krímskaga og stuðnings Rússlands við aðgerðir aðskilnaðarsinna í austurhluta Úkraínu.

Mikil áhersla er lögð á það innan NATO að öll aðildarríkin 28 taki þátt í viðbrögðunum, sem sýna eiga samstöðu bandalagsins. Ekki er búið að tilkynna um það opinberlega hvert hlutverk íslenska fulltrúans verður, en líklegt er að hann muni starfa í höfuðstöðvum NATO í Brussel.

„Þetta er sannarlega einn fyrir alla og allir fyrir einn,“ sagði Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, á fundi með blaðamönnum við upphaf tveggja daga fundar varnarmálaráðherra NATO, sem hófst í Brussel í gær.

Aðildarríki NATO hafa þegar brugðist við aðgerðum Rússlands með því að stöðva alfarið hernaðarsamstarf við Rússland og auka viðbúnað í aðildarríkjum NATO sem eiga landamæri að Rússlandi, til dæmis Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og Rúmeníu.

Rasmussen lagði á það áherslu í gær að aðgerðir Rússlands væru ólöglegar og að aðildarríki NATO viðurkenndu ekki innlimun Krímskaga. Hann sagði hernaðaraðgerðir ekki á dagskrá, heldur yrði reynt að beita diplómáskum leiðum.

Rasmussen sagði Rússa verða



**VIÐBRÖGÐ** Leiðtogar aðildarríkja NATO munu ákveða langtíma viðbrögð bandalagsins við aðgerðum Rússlands í Úkraínu sagði Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, við upphaf fundar varnarmálaráðherra aðildarríkja NATO, sem hófst í Brussel í gær. Nordichphotos/AFP

að draga enn meira úr viðbúnaði sínum á landamærum Úkraínu, hætta stuðningi við vopnuð „gengi“ í Austur-Úkraínu og standa við alþjóðlegar skuldbindingar landsins ef finna ætti diplómátska lausn á deilunni.

Á fundi varnarmálaráðherra, sem stóð fram á kvöld í gær og heldur áfram í dag, á meðal annars að ræða langtíma viðbrögð við innlimun Krímskaga og aðgerðum Rússlands í Austur-Úkraínu. Ekki er búist við því að teknar verði afdrifaríkar ákvarðanir um framtíðarsamskipti NATO og Rússlands eða tilfærslu á herafli NATO-ríkjanna. Þær ákvarðanir munu væntanlega bíða leiðtoga

fundar NATO-ríkjanna sem fara mun fram í Wales í Bretlandi í september.

NATO þarf að bregðast við algerlega nýrri stöðu í öryggismálum eftir aðgerðir Rússlands í Úkraínu. „Ógnum við öryggi okkar er að fjölga, og þær eru að verða óútreiknanlegri,“ segir Rasmussen.

Það er ljóst að það kom NATO gersamlega í opna skjöldu þegar Rússland innlimaði Krímskaga með því að beita fyrir sig ómerktum hermönnum og rússneskumælendi íbúum Úkraínu. NATO hafði fram að því talið samstarfið við Rússland á réttri leið.

Leiðtogafundur NATO-ríkjanna

Ógnum við öryggi okkar er að fjölga, og þær eru að verða óútreiknanlegri.

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO.

í september átti upphaflega að marka tímamót þar sem hernaðaraðgerðum aðildarríkja NATO í Afganistan mun ljúka í lok árs eftir lengstu hernaðaraðgerðir bandalagsins frá upphafi. Nú er ljóst að ástandið í Úkraínu og viðbrögðin við aðgerðum Rússlands verða þar efst á blaði.

brjann@frettabladid.is

**SONOS** FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINI Í ÖLLUM HERBERGJUM

Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er.

Spotify | Apple Music | Google play

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

**Veðurspá**

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 28°	Friedrichshafen 20°	New York 25°
Ápena 22°	Gautaborg 19°	Orlando 31°
Basel 24°	Kaupmannahöfn 19°	Ósló 17°
Berlín 23°	Las Palmas 23°	París 18°
Billund 20°	London 15°	San Francisco 17°
Frankfurt 20°	Mallorca 28°	Stokkhólmur 17°

**Á MORGUN**  
Fremur hægur NA- og A-lægur vindur.

**FÖSTUDAGUR**  
Hæg breytileg eða NA-læg átt.

**PAÐ ERU HLÝINDI** í kortunum næstu daga og fram yfir helgi og má þá reikna með bjartvörðum um land allt. Úrkoma S- og V-lands í dag en á morgun á NA- og A-landi og birtir þá til S- og V-lands. Vindur verður áfram fremur hægur og hiti 8-18 stig.

**Vordís Eiríksdóttir** veðurfréttamaður

Auglýsingadeildir FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is, ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sværrir Birgir Sværriðsson sværri@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is  
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrnann Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

## TILBOÐ

**7 SKÜFFUR**

**PRO PLUS SERIA** ■■■■■■

**282 verkfæri 199.900 m/vsk**

### TOPP,- OG BITASETT 72 STK

Toppar 1/4" 4 - 14 mm  
Djúpir toppar, bitatoppar  
Sexkantasett og fl.  
Sterk stáltaska

vnr IBTGCA07202

**11.900** m/vsk

Fullt verð 18.231



### TOPP,- OG BITASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm  
1/2" 10 - 32 mm  
Bítar og fl.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCA1094R

**14.900** m/vsk

Fullt verð 25.231



### VERKFÆRASETT 80 STK

Toppar 1/4" og 1/2" 4 - 32mm  
Fastir lykklar 8 - 19mm  
Djúpir toppar, bítar, tangir og skrufjárn.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCA18002

**21.900** m/vsk

Fullt verð 35.058



### VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm  
Toppar, lykklar, skrufjárn, tóng  
Nippilyklar og fl.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCA19601

**22.900** m/vsk

Fullt verð 37.200



### VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"  
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"  
Lykklar 8 - 22 mm  
E toppar, sexkantbítar og fl.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCA1130B

**24.900** m/vsk

Fullt verð 37.900



### VERKFÆRASETT 150 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm  
Fastir lykklar 6 - 24mm,  
Skrufjárn, tangir, sexkantasett  
Slaghamar, krafttóng  
Nippilyklar og fl.

vnr IBTGCA1150R

**39.900** m/vsk

Fullt verð 49.900



**8 SKÜFFUR**

**PRO PLUS SERIA** ■■■■■■

**322 verkfæri 239.900 m/vsk**

**7 SKÜFFUR**

**SÁ VINSÆLI** ■■■■■■

**323 verkfæri 179.900 m/vsk**

### SKRÚFJÁRNSETT 21 STK

**3.900** m/vsk

Fullt verð 5.112



### OLÍUSÍUTANGIR

FRÁ

**1.269** m/vsk



### SKRALLSETT PRO 12 STK

Sterkur taupoki  
72 tanna Pro lykklar  
Stærðir 8 - 19mm

vnr IBTGPAQ1202

**16.900** m/vsk

Fullt verð 25.900



FRÁBÆRT VERÐ Á VERKFÆRUM

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu mörgum kjörseðlum var breytt í kosningunum í Reykjavík nú?
2. Hvaða konungur hefur boðað afsögn sína?
3. Hver eru grunnlaun borgarfulltrúa?

**SVÖR:**  
1. 1.604, 2. Jóhann Karl Spáðarkonungur, 3. Tæp hálf milljón króna.

Forsetakosningar framlengdar um fimm tíma, vegna mikillar kjörsóknar:

## Kosið í miðri borgarastyrjöld

**SÝRLAND, AP** Forsetakosningar voru haldnar í Sýrlandi í gær, þrátt fyrir borgarastyrjöld og linnulitlar loftárásir stjórnarhersins á svæði uppreisnarmanna.

Lítill vafi lék á því að Bashar al Assad forseti myndi bera sigur úr bítum, en bæði stjórnarandstaðan og leiðtogar á Vesturlöndum hafa litið á þessar kosningar sem skrípa-leik. Stjórn landsins tilkynnti síðdegis í gær að kjörstaðir yrðu hafðir opnir fimm klukkustundum lengur en upphaflega stóð til. Ástæðan

var sögð vera svo mikil kjörsókn. Tugir þúsunda manna flyktust að minnsta kosti út á götur höfuðborgarinnar Damaskus og veifuðu ýmist fánum eða myndum af Assad forseta.

Í fjarska mátti þó heyra sprengjuhljóð þar sem stjórnarherinn hélt ótrauður áfram árásum á þorp í nágrenninu. Miklar öryggisráðstafanir voru enda gerðar í höfuðborginni. Að minnsta kosti þrisvar sinnum flugu herþotur yfir borgina, en slíkt mun sjaldséð sjón. -gb



**STRÍÐ Í ALEPPO** Meðan kosið var víða um land var sprengjum varpað á svæði uppreisnarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Könnuðu hug bæjarbúa: Vilja sameina Breiðdalshrepp

**BREIÐDALSHREPPUR** Rétt rúmur meirihluti Breiðdælinga vill sameinast öðru sveitarfélagi. Þetta kom fram í kosningu meðal íbúa sem gerð var samhliða sveitarstjórnarkosningunum. Flestir sem gáfu upp hvaða sveitarfélagi Breiðdalshreppur ætti að sameinast nefndu Fjarðabyggð.

Alls greiddu 84 íbúar hreppsins atkvæði í skoðanakönnuninni, eða rétt rúmur helmingur íbúa. Á kjörskrá voru 152. Íbúar sveitarfélagsins í upphafi árs voru 187. -sa

## Skoðanakönnun í Árborg: Meirihluti íbúa vill sameiningu

**ÁRBORG** Meirihluti íbúa sveitarfélagsins Árborgar vill að skoðaður verði möguleiki á að sameinast öðrum sveitarfélögum, ef marka má skoðanakönnun sem unnin var samhliða sveitarstjórnarkosningum um helgina.

Niðurstöðurnar voru kynntar í gær en af þeim 2.870 sem tóku þátt í könnuninni sögðust 782 ekki vilja að sameining við önnur sveitarfélög yrði skoðuð. 1.311 sögðust vilja að skoðaður yrði sá möguleiki að sveitarfélögin í Árnassýslu sameinist í eitt.

Þá sögðu 765 að skoða ætti hvort Árborg gæti sameinast einu eða fleirum af sjö sveitarfélögum sem nefnd voru. -bá

## Valitor afhenti styrki: Ellefu fengu sjö milljónir króna

**SAMFÉLAGSMÁL** Samfélagssjóður Valitor veitti fyrir helgi ellefu styrki að heildarupphæð 7.350.000 krónur. Hlutverk sjóðsins er að styðja við málefni, sem bæta mannlíf og efla.

Úr sjóðnum hlutu styrk Baldvin I. Tryggvason, Barnamening, Verkefnið Allir öruggir heim, Félag lesblindra á Íslandi, Óperan Ragnheiður, Gettu betur-stelpur, Hrafnhildur Árnadóttir, Ingvar Alfreðsson, Ragnheiður Lilja Óladóttir, Ungmennaráð Samfés og umhverfissamtökin Blái herinn.

Sjóðurinn var stofnaður fyrir 22 árum og hafa frá upphafi veittir samtals 164 styrkir til einstaklinga og samtaka. -fb



**ALLIR SAMAN NÚ** Björt framtíð leggur til að allir flokkar vinni saman í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# Allir flokkar rætt saman í Hafnarfirði

Björt framtíð leggur áherslu á breiða samstöðu og að allir flokkar vinni saman. VG telur að það eigi að gefa Bjartri framtíð svigrúm til að skoða málin. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki tjáð sig um hugmyndir Bjartrar framtíðar.

**HAFNARFJÖRÐUR** „Það hafa allir flokkar verið að tala saman,“ segir Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

Björt framtíð, sem menn telja sigurvegara kosninganna, hefur rætt við Vinstri græn og Samfylkinguna annars vegar og Sjálfstæðisflokkinn hins vegar um samstarf á breiðum grunni. Guðlaug Kristjánsdóttir, oddviti Bjartrar framtíðar, segir að flokkurinn vilji vinna með öllum flokkum í bæjarstjórn. Í kosningabaráttunni hafi verið lagt upp með breiða samstöðu.

„Við metum það svo að kjósendur hafi kosið þá hugmynd. Mögulega komum við fólki á óvart með því að vilja að allir rói í sömu átt en þannig nýtast kraftar bæjarfulltrúa best,“ segir Guðlaug. Gunnar Axel segir að Samfylkingunni lístist ágætlega á tillögur



**GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR** **GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR**

Bjartrar framtíðar. Sjálfsgagt sé að láta á þær reyna.

„Við ætlum að gefa Bjartri framtíð svigrúm til að skoða hlutina,“ segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri og oddviti VG, og bætir við að vinstri græn séu alveg róleg yfir þessu.

Þeir sem rætt var við í gær vildu ekki skjóta hugmynd Bjartrar framtíðar um breiða samstöðu í kaf en töldu hana varla raunhæfa. Þess vegna væru allir að ræða óformlega sín á milli um alla mögulega og ómögulega meirihluta. Erki-fjendurnir Samfylking og Sjálfstæðisflokkur hefðu til að mynda átt óformlegt spjall.

## → Viðræður ganga vel

Viðræðum Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi miðar vel. Í gær var farið yfir hina ýmsu málaflokka. Ef ekkert óvænt kemur upp á er stefnt að því að kynna nýjan málefna-samning og nýjan meirihluta í Kópavogi um hvítasunnuhelgina.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki verið stærsti flokkurinn í Hafnarfirði frá árinu 1998. Þrátt fyrir það tapaði hann örlitlu fylgi í kosningunum nú miðað við kosningarnar fyrir fjórum árum.

Möguleikarnir á myndun meirihluta í Hafnarfirði eru nokkrir. Sjálfstæðisflokkur gæti myndað meirihluta með Bjartri framtíð eða Samfylkingu. Þá gætu Vinstri græn, Samfylking og Björt framtíð líka myndað meirihluta.

EKKI NÁÐIST Í RÓSU Guðbjartsdóttur, oddvita Sjálfstæðismanna, í gær. Kristinn Andersen, annar maður á lista, vildi ekkert láta eftir sér hafa. johanna@frettabladid.is

Niðurstöður meistaraprófsritgerðar varpa ljósi á áhrif mannabyggðar:

## Saurgerlar taldir í Þingvallavatni

**UMHVERFISMÁL** Sterkar líkur eru á að saurgerlar á borð við E.coli séu í Þingvallavatni. Kjartan Guðmundson, líffræðingur og meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræði, rýnir í örveruflóru vatnsins í meistaraprófsritgerð sinni.

Saurgerlar (E.coli) fundust í fimm sýnum í grennd við mannabústaði. „Þingvallavatn er gríðarstórt og því erfitt að átta sig á hvaðan saurmengunin kemur. Staðreyndin sem blasir við er að hér í sveitinni eru 600 bústaðir sem uppfylla ekki kröfur um tveggja þrepa hreinsun á skólpi. Það, sem slíkt, setur spurn-

→ Í lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum segir að óheimilt sé að gera nokkuð sem geti spilt eða mengað vatn.

ingarmerki við heilbrigði drykkjarvatns á svæðinu,“ segir Kjartan.

Þá er óljóst hvaða áhrif stóraukin köfun á Þingvöllum hefur. Rúmlega 15 þúsund kafarar, hvaðanæva að úr heiminum, köfuðu í Silfru á síðasta ári. Engin krafa er um að fólk hreinsi kafarabúnað sem hingað er fluttur. Slíkt á þó við um innflutt reiðtygi og veiðibúnað. -khn



**KAFAD Á ÞINGVÖLLUM** Ekki er gerð krafa um að fólk hreinsi köfunarbúnað sem fluttur er til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Við tjöldum því besta

kr. 40.995  
**Tilboð**  
**34.995**

**Tempest 200**  
Vinsælasta 2ja manna göngutjaldið okkar, 5000 mm vatnsheldni, 2,75 kg.

kr. 64.995  
**Tilboð**  
**49.995**

**Kirby 400** - 4 manna tjald, gott fortjald, 195 cm lofthæð, 3000 mm vatnsheldni, eldvarinn dúkur.

**78.995**

**ISIS 500**  
Mjög vandað 5 manna tjald, 7,8 fm fortjald, 4000 mm vatnsheldni, eldvarinn dúkur, einnig til 6 manna.

**FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN**  
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is  
**PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF**




Síminn

## Nýttu þér fjölbreyttari þjónustu og sterkara samband í sumar

siminn.is

### Nýttu þér möguleikana hjá Símanum þegar þú flytur að heiman

Þegar flutt er að heiman í fyrsta skipti er hægt að sætta sig við ýmislegt. En það er algjör óþarfi að sætta sig við lélegt samband. Hjá Símanum færðu kraftmikla nettengingu, talar endalaust og sendir endalaust mörg SMS með nýju GSM Snjallpökkunum. Svo sér Spotify um tónlistina og þú nýtur allra kostanna sem Sjónvarp Símans færir þér, bæði heima og í snjalltækjunum. Nýttu þér fjölbreytta þjónustu og hafðu nýju íbúðina þína í sterkara sambandi með Símanum.



# KOMDU Í HEIMSÓKN OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Skoðaðu úrvalið á [Bilaland.is](http://Bilaland.is)

ALLT AÐ **80%** LÁNAMÖGULEIKAR



Ekinn aðeins  
16 þús. km.

TÖKUM NOTADAN  
UPPI NOTADAN!  
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

LAND ROVER EVOQUE

Nýskr. 03/12, ekinn 16 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Rnr. 131092

Frábært verð  
**9.980 þús.**



TOYOTA LAND CRUISER 150

Nýskr. 05/12, ekinn 36 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 8.980 þús.**

Rnr. 130829.



CHEVROLET CAPTIVA

Nýskr. 09/11, ekinn 40 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur. Verð 5.390 þús.

**TILBOÐ kr. 4.590 þús.**

Rnr. 151751.



NISSAN MICRA VISIA

Nýskr. 06/13, ekinn 27 þús. km.  
bensín, beinskiptur.

**VERÐ kr. 1.990 þús.**

Rnr. 281483



HONDA CIVIC SPORT

Nýskr. 07/12, ekinn 36 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ kr. 2.790 þús.**

Rnr. 281734.



NISSAN QASHQAI+2 SE - 7 sæta

Nýskr. 04/12, ekinn 52 þús. km.  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ kr. 4.290 þús.**

Rnr. 281682.



RENAULT MEGANE BERLINE

Nýskr. 05/12, ekinn 71 þús. km.  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ kr. 2.390 þús.**

Rnr. 320038.

# bilaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - [bilaland@bilaland.is](mailto:bilaland@bilaland.is)  
[www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)



[www.facebook.com/bilaland.is](http://www.facebook.com/bilaland.is)

Allir nýir borgarfulltrúar hafa verið boðaðir á kynningarfundum í næstu viku:

## Sækja nýliðafundi í ráðhúsinu

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Nýkjörnir borgarfulltrúar Framsóknarflokksins, Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, hafa verið boðaðar á eins konar nýliðafund í ráðhúsi Reykjavíkur í næstu viku ásamt öðru nýju borgarstjórnarfólki og varamönnum. Þar verður starfsemi kynnt fyrir þeim.

Framsókn hefur ekki verið í borgarstjórn síðustu fjögur ár og hefur því ekki átt fulltrúa í nefndum og ráðum sem manna þarf á næstunni.



GUÐFINNA JÓH.  
GUÐMUNDSD.

ÞÓRGNÝR  
THORODDSEN

„Þó svo að við höfum ekki verið í borgarstjórn áður þá er þetta ekki alveg nýtt fyrir okkur. Við erum

vanar nefndarstörfum í gegnum vinnu okkar sem lögmenn,“ segir Guðfinna Jóhanna.

Þá eru Píratar í fyrsta sinn í borgarstjórn. „Maður þarf alveg á þessu að halda,“ segir Þórgnýr Thoroddsen, sem var í öðru sæti á lista Pírata í Reykjavík.

Starfið í nefndunum og ráðunum leggst vel í hann. „Þetta verður ótrúlega spennandi að fá að taka þátt í þessu starfi með þessu fína fólki. Við erum ofsalega spennt og gróðarlega jákvæð fyrir þessu.“ - fb

## GÖMUL TRÉ Í MIÐBORGinni SEM HAFU VERIÐ VERNDUÐ:




HLYNUR FRÁ 1917 Horn Vonarstrætis og Suðurgötu.



ÁLMURINN ER FRÁ 1902. Horn Túngötu og Aðalstrætis.



FÓGETAGARÐURINN Silfurreynir frá 1886 auk gamla hlyna.



ELSTU TRÉN FRÁ ÞVÍ STUTTU EFTIR ALDAMÓTIN 1900. Hólavallagarður.



SILFURREYNIR FRÁ 1908 ER EKKI VERNDUÐUR. Grettisgata 17.

## Hægt að flytja tréð en árangur óviss

Garðyrkjustjóri segir tæknilega hægt að flytja silfurreyninn við Grettisgötu 17 sem fyrirhugað er að víki vegna hótélbyggingar. Best væri að tréð fengi að standa þar sem það er. Álmi við Aðalstræti var bjargað þegar byggt var hótél þar.

**SKIPULAG** Verði niðurstaðan sú að silfurreynirinn á Grettisgötu 17, sem talinn er vera frá árinu 1908, verði að víkja vegna fyrirhugaðrar hótélbyggingar milli Laugavegs og Grettisgötu verður skoðað hvort hægt verði að finna honum nýjan stað, að sögn Þórólfs Jónssonar garðyrkjustjóra.

„Það er tæknilega mögulegt að flytja tréð. Svona stór tré og jafnvel stærri tré hafa verið flutt en árangurinn er óviss. Fyrst á eftir verður tréð druslulegt en það gæti hjarnað við. Svo gæti það líka gerst að það veslaðist upp á nokkrum árum,“ tekur Þórólfur fram.

Að sögn garðyrkjustjórans má reikna með að rótarkerfi silfurreynisins við Grettisgötu sé jafnstórt krónu trésins. „Ef vel ætti að vera þyrfti að ná jafnstóru rótarkerfi og krónan teiknar sig. Við vitum hins vegar ekki hvert ræturnar hafa farið. Sennilega eru þær í framlóðinni eða jafnvel undir húsinu sem það stendur við hliðina á. Langbest væri þó að tréð fengi að standa þar sem það er. Þar mun því örugglega farnast best.“

Þórólfur segir borgaryfirvöld og byggjendur hótels á horni Aðalstrætis og Túngötu hafa lagt mikið á sig til að vernda gamalt tré inni á lóð hótelsins. „Þar er álmur frá 1902 á bak við hótelið sem sést þegar gengið er upp Túngötu. Það tókst ágætlega að halda því tré þótt þrengt hafi verið að því.“

Flottasta tréð sem borgin á er



Á AUSTURVELLI Þórólfur Jónsson garðyrkjustjóri segir að á Austurvelli séu nokkrir grælrar frá því um 1960.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

silfurreynirinn í Fógetagarðinum við Aðalstræti, að því er Þórólfur greinir frá. „Silfurreynirinn þar er líklega frá 1886. Þar eru líka flottir, gamlir hlynir.“

Hlynurinn á horni Vonarstrætis og Suðurgötu er frá 1917. „Við eigum hann ekki frekar en álminn í Aðalstræti. Þessi hlynur er á lóð Hapdrættis Háskóla Íslands en í hugum margra er hann aðaltréð í borginni,“ segir Þórólfur.

Elstu trén í Hólavallagarði, kirkjugarðinum við Suðurgötu, eru

frá því upp úr aldamótunum 1900. Almenn gróðursetning varð þar ekki fyrr en á árunum milli heimsstyrjaldanna, að því er segir á vef Kirkjugarða Reykjavíkurprófestsdæma.

Þórólfur bendir á að hægt sé að reikna aldur trjáa út frá aldri byggðarinnar. „Ef trén eru stór og gömul eru þau frá því skömmu eftir að húsin voru byggð. Margir dást að gömlum trjám sem eru víða á einkalóðum við Laufásveg. Í Norðurmýri eru líka gömul, flott tré.“

ibs@frettabladid.is



Lóðir á föstu verði



# Byggðu þér hús í Reykjavík

Reykjavík býður tilbúna lóðir á föstu verði í vel skipulögðum hverfum sem eru í uppbyggingu með vaxandi þjónustu. Í Úlfarsárdal stendur yfir samkeppni um uppbyggingu samþætts leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir frístunda- og félagsstarf. Einnig verður þar starfrækt menningarmiðstöð og almenningsbókasafn, kennslu- og almenningsundlaug, sem og íþróttahús Fram í Úlfarsárdal.

Byggðin undir Úlfarsfelli og Reynisvatnsáasi er farin að taka á sig mynd. Í Úlfarsárdal getur þú valið milli 76 lóða fyrir einbýlishús, raðhús, parhús og fjölbýlishús. Í nærliggjandi hverfi, Reynisvatnsáasi, er val um 31 lóð fyrir einbýlishús. Þá eru 6 einbýlishúsalóðir í Blesugróf og Lambaseli í boði.

## Fast verð:

Verð fyrir lóðir innifelur byggingarrétt og gatnagerðargjald.

- á hverja íbúð í fjölbýlishúsum 4.600.000 kr.
- á hverja íbúð í rað- og parhúsum 7.600.000 kr.
- fyrir einbýlishús að 375 m<sup>2</sup> 11.100.000 kr.
- fyrir einbýlishús í Blesugróf og Lambaseli 13.000.000 kr.

Hafðu samband við okkur til að fá upplýsingar eða farðu inn á vefinn [www.reykjavik.is/lodir](http://www.reykjavik.is/lodir). Þar finnur þú öll gögn og umsóknareyðublöð. Þau eru einnig aðgengileg í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12 -14.

Sendu okkur fyrirspurn á netfangið [lodir@reykjavik.is](mailto:lodir@reykjavik.is) eða hringdu í síma 411 11 11. Starfsmenn á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar leiðbeina þér með ánægju.



Ný sundlaug og íþróttastaða verður byggð í hverfinu.



Menningarstarf verður mikilvægur hluti af starfsemi hinna nýju þjónustumannvirkja.

[www.reykjavik.is/lodir](http://www.reykjavik.is/lodir)



# Staðalímyndir skekkja sjálfsmyndina

Frá byrjun árs 2013 hefur starfshópur undir forystu Oddnýjar Sturludóttur frætt fagfólk um hvernig megi efla sjálfstraust unglingsstúlkna og vinna gegn hamlandi staðalímyndum í lífi barna og ungmenna. Í dag er haldið málþing um valdeflandi starf með börnum þar sem aðgerðasinninn Dana Edell fræðir fagfólk um leiðir til að fá börnin til þess að horfa gagnrýnum augum á kynbundnar staðalímyndir.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**  
erlabjorg@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Í kjölfar mælinga Skólapulnsins, sem sýndu neikvæða þróun á sjálfsmynd og líðan stelpna frá 5. til 10. bekkjar, var stofnaður starfshópur innan borgarinnar.

Verkefni hópsins var að greina áhrif staðalímynda kynjanna á börn og leita leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra. Síðastliðið eitt og hálft ár hefur hópurinn staðið að fræðslu til fagfólks, gert tilraunaverkefni um áhrif fræðslunnar og nú í dag lýkur starfinu formlega með




**ODDNY STURLUDÓTTIR**

málþingi um valdeflandi starf með börnum og unglungum.

Síðasta verkefni Oddnýjar Sturludóttur, borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, á hennar síðasta borgarstjórnarfundum í gær var að tryggja áframhaldandi baráttu gegn staðalímyndum í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

„Það er mikilvægt að taka þennan nýja vágast inn í forvarnarstefnu borgarinnar. Staðalímyndir, líkamsdýrkun, klámvæðing og dökkar hliðar samfélagsmiðlanna hafa augljós áhrif á sjálfsmynd barnanna,“ segir Oddný og bætir við að samkvæmt rannsóknunum Unicef megi rekja nær allt einelti til þess að barn

## DAEMI UM SPURNINGU Á LISTANUM



### Fræðsla um staðalímyndir og umræður um jafnréttismál

Prír skólar fengu fræðslu um staðalímyndir. Í lok verkefnis var spurningalisti lagður fyrir börnin ásamt samunburðarhópi sem ekki fékk fræðslu. Marktækur munur var á hópunum og fræðsla um neikvæð áhrif staðalímynda bar greinilegan árangur.

fari út fyrir staðlaðan kynjaramma.

Samþykktur var fjögurra milljóna króna styrkur til starfsins sem mun fara mestmegnis í aukna fræðslu til þeirra sem starfa með börnum.

„Það er margt sem glöggur kennari og frístundastarfsmaður getur gert til að hafa áhrif. Starfshópurinn skilaði af sér tuttugu tillögum sem snúast fyrst og fremst um að grípa tækifærið í daglegu lífi barnanna. Kennarar geta til dæmis opnað umræðu um staðalímyndir

með því að ræða nýja sigurvegarann í Eurovision eða þegar Eiður Smári fór að gráta í lok fótboltaleiks. Einnig er hægt að snúa við kynhlutverkum í sögum og leikritum eða telja alþingismenn eftir kyni í stærðfræðitíma.“

Oddný segist ekki hafa lært eins mikið af öðru verkefni í átta ára starfi sínu í borgarstjórn. „Mér þykir vænt um að fá að fylgja þessu verkefni úr hlæði og vona að þetta sé bara byrjunin á vitundarvakningu á meðal fagfólks, foreldra og barna.“

**KENNIR AKTÍVISMÁ Dana Edell** fræðir fagfólk um hvernig hægt sé að hvetja börn til þess að berjast á móti staðalímyndum.



## Kennir baráttu gegn staðalímyndum

Aðalfyrirlesari á málþinginu í dag er dr. Dana Edell, aðgerðasinninn og framkvæmdastjóri SPARK-hreyfingarinnar.

Starf hreyfingarinnar snýst um að þjálfa ungar stelpur upp sem aðgerðarsinnar.

„Besta leiðin til að vinna gegn staðalímyndum og klámvæðingu í fjölmiðlum er að efla þann hóp sem verður fyrir sterkustu og neikvæðustu áhrifunum af þeim. Það eru ungar stúlkur,“ segir Dana.

Með fræðslu og valdeflingu er stúlkunum kennt að horfa gagnrýnum augum á skilaboð glans-tímaritanna og berjast gegn því.

„Við vöðum í fyrirtækin og fjölmiðlana. Með mikilli baráttu hóps ungra stúlkna fengum við unglingatímaritið Seventeen til þess að lofa því að hætta að breyta myndum af fyrirsætum með photoshop.“

Dana segir að með þessum hætti sé hægt, skref fyrir skref, að fá fjölmiðla til að skilja ábyrgð sína gagnvart ungum stúlkum.

Í heimsókn sinni á Íslandi hefur Dana haldið tvær vinnustofur fyrir kennara og frístundaleiðbeinendur. Þar kennir hún þeim hvernig hægt sé að virkja bæði stelpur og stráka til að berjast gegn staðalímyndum. „Það er hægt að kenna börnum að lesa fjölmiðla, gagnrýna þá og ef þeim ofbyður skilaboðin að gera eitthvað í málinu.“

Dana segir að staðalímyndir kynjanna verði sterkari með ári hverju.

„Stelpur og strákar vaxa úr grasi eftir mjög þröngum fyrir fram mótuðum stíg. Þessir stígar eru alltaf að þrengjast og aðskilja sífellt meira kynin. Þetta er þróun sem við þurfum að styðja börnin til þess að stöðva.“

## Mat á umhverfisáhrifum í 20 ár

### Morgunverðarfundur 6. júní

Í tilefni rannsóknar á mati á umhverfisáhrifum vegagerðar býður VSÓ Ráðgjöf til morgunverðarfundar 6. júní næstkomandi.

Á fundinum verður farið yfir helstu niðurstöður um þróun mats á umhverfisáhrifum undanfarin 20 ár þ.m.t. fjöldi umhverfisþátta, ólíkt vægismat og gæði matsins, ásamt tillögum að úrbótum. Þá verður rætt um samráð og aðkomu Landverndar að matinu og Skipulagsstofnun litur yfir farinn veg.

Frummælendur eru:

**Auður Magnúsdóttir**, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**, framkvæmdastjóri Landverndar

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir**, forstjóri Skipulagsstofnunar

Fundurinn hefst kl. 08:30 og stendur til 10:00 í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, föstudaginn 6. júní.

Boðið er upp á morgunverð frá kl. 08:00.

Allir velkomnir.

Skráning á vso@vso.is



**RICHARD TIBBELS** Yfirmaður norðurslóðastefnu Evrópusambandsins tók þátt í opnum fundi í Norræna húsinu á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Tibbels gerði grein fyrir norðurslóðastefnu ESB:

# ESB sýnir auðmýkt

**NORÐURSKAUTIÐ** „Við sýnum auðmýkt í umgengni okkar við norðurskautið,“ sagði Richard Tibbels, sviðsstjóri norðurslóðamála hjá utanríkisþjónustu Evrópusambandsins (EEAS), þegar hann gerði grein fyrir norðurslóðastefnu Evrópusambandsins á opnum fundi í Norræna húsinu á mánudag.

Á ráðstefnunni kom fram að norðurslóðastefnan felst ekki síst í því að Evrópusambandið hefur komið á fót og tekur þátt í margþættum samstarfs- og samræðuvettvangi með öllum þeim ríkjum, sem eiga hagsmuna að gæta á norðurslóðum.

Tibbels segir Ísland nú þegar í töluverðu samstarfi við ESB í norðurslóðamálum, og þau samskipti eigi eftir að aukast á næstu misserum.

Hann segir ESB þessa dagana fylgjast með þróun mála í Rússlandi og nágrannaríkjum Rússlands, og telur fullvíst að Rússar hafi eins og önnur norðurskauts-

ríki hag af því að friður ríki áfram á norðurslóðum, þrátt fyrir vaxandi hernaðaruppbyggingu Rússa þar.

„Norðurskautið hefur áratugum saman verið friðsælt og öruggt svæði, jafnvel á meðan kalda stríðið var í hámarki,“ segir Tibbels. „Ríkin hafa jafnan getað komist að niðurstöðu í ágreiningsmálum sínum og ég tel að það sé í allra þágu að svo verði áfram.“

Hvað varðar vaxandi áhrif Kínverja víða um heim, þá segir Tibbels afar mikilvægt að þeir séu nú komnir með áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu.

„Kínverjar hafa nú tækifæri til að horfast í augu við skóðanir norðurskautsríkjanna.“ Hann segir sérlega mikilvægt að Kínverjar hafi nú tækifæri til að átta sig á því „hvað þeir þurfa að gera, kjósi þeir að fylgja eftir efnahagslegum hagsmunum sínum á norðurslóðum, þannig að það gangi ekki gegn hagsmunum norðurskautsríkjanna.“

# VELKOMIN Í THE PIER



Hornsófi 149.900,-  
nú 119.920,-

Hengistóll 99.900,-  
nú 79.920,-



**FLOTTAR SUMARVÖRUR  
Á GÓÐU VERÐI**

ANTON&BERGUR



**OPNUNARTÍMAR**

**VIRKA DAGA 11.00-18.30**

**LAUGARDAGA KL. 10.00-18.00**

**(AKUREYRI KL. 10.00-17.00)**

**SUNNUDAGA KL. 12.00-18.00**

**(AKUREYRI KL. 13.00-17.00)**

the  
**PIER**




Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880




**TJÖRN UNDIR JÖKLI** Neðst í ísgöngunum er reiknað með að koma niður á grunnvatn. Með þetta verður unnið og gerður verður ævintýrahellir þar sem ljós, vatn og ís skapa sérstaka upplifun.



**KAPELLA** Dæmi annars staðar frá sýna að mikill áhugi er hjá fólki að ganga í það heilaga við óvenjulegar aðstæður. Þessu er mætt í ísgöngunum með lítilli kapelli, þar sem krossinn og bekkir verða úr ís, en sessurnar þó úr timbri.



**SEST TIL BORDS** Gestir geta við dvöl í ísgöngunum sest niður í veitingasal og notið léttu veitinga. Stólar og borð verða úr ís; barinn líka. Gestir á hverjum tíma verða líklega um 80 talsins, en mögulegt að leiða fjóra hópa í gegn daglega.



**„SÝNINGARTJALD“** Göngin sjálf verða hrá og sjá má óhreinindi og annað sem jökullinn geymir. Sprungur í jöklinum veita dagsljósi inn í göngin. Á mannhæðarháum skjá verður hægt að leita upplýsinga um sögu jöklanna og hlýnun jarðar sem ógnar tilvist þeirra.

# Opna undraheim inni í Langjökli

Lengstu ísgöng í Evrópu verða opnuð ferðafólki í Langjökli í maí 2015. Þau þrýðir veitingasalur, sýningaraðstaða og kapella og kosta 200 til 300 milljónir. Ísgöngin verða eins örugg og annað sem menn heimsækja í náttúrunni. Reiknað er með 20 til 30 þúsund gestum á ári.

**BOZZ**  
sturtuklefi  
80x80cm **GÆÐAVARA**  
**43.900**

Fást einnig í 90x90cm á  
**kr. 45.900**. Einnig eru til  
rúnnaðir 90x90 klefar  
á **kr. 45.900**

Sturtustöng og -brúsa fylgja.



**11.990**

AGI-167 hitastýrð  
blöndunartæki fyrir sturtu  
fánleg með upp stút.

**Rósetturog hjámiðjur  
fylgja.**

Vatnslás og botnventill frá  
McAlpine seldur sér á **kr. 1.290**

**Kletthálsi Reykjavík  
Reykjanesbæ**



**MURBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Svarar  
Hávarðsson**  
svarar@frettabladid.is



Ferðalangar geta frá og með komandi maímánuði heimsótt 800 metra löng ísgöng um 30 metrum undir yfirborði Langjökuls. Þessi undraveröld í jöklinum mun bjóða gestum að njóta veitinga í sértilhöggnum veitingasal; virða fyrir sér sýningar í afkimum og hliðarskútum, tilhöggvin íslistaverk svo ekki sé talað um jökulstálið sjálft upplýst eftir kúnstarinnar reglum. Hugsað er fyrir öllu, jafnvel þeim sem eru á þeim buxunum að ganga í það heilaga því í jöklinum verður lítil kapella fyrir þá sem gera þær sérkröfur.

Þetta var meðal þess sem Sigurður Skarphéðinsson, framkvæmdastjóri IceCave, nefndi við kynningu á ísgöngum í vestanverðum Langjökli í gær, þeim stærstu í Evrópu þegar þau verða fullbyggð. Göngin eru ofan við Geitlandsjökul í um 1.260 metra hæð yfir sjávarmáli.

Í máli hans kom fram að ísgöngin eru hugsuð sem viðbót við ferðabjónustu á því svæði landsins sem ásókn er mest. Vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið geta ferðabjónustufyrirtæki markaðssett dagsferðir þaðan, með viðkomu á

Dingvöllum, við Geysi og Gullfoss og gert fólki kleift að sjá sýnishorn af mörgu því forvitnilegasta sem landið hefur að bjóða.

Það er Icelandic Tourism Fund (ITF I), framtakssjóður í eigu Landsbankans, Icelandair Group og nokkurra lífeyrissjóða, sem stendur að verkefninu undir merkjum fyrirtækisins IceCave. Við opnun í maí árið 2015 er reiknað með að framkvæmdin muni kosta á bilinu 200 til 300 milljónir, en verktakar eru þegar þetta er skrifað komnir rúmlega 40 metra inn í jökulinn og sækist vel.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í september er fjárfestingargeta framtakssjóðsins um 2,1 milljarðar króna, sem verður nýtt til fimm til tíu verkefna. Annað verkefni sem hefur vakið athygli er hestamíðstöð í Ölfusi. Sérstaða sjóðsins eru fjárfestingar í ferðabjónustu eingöngu.

Verkefnið er ekki nýtt af nálinni, undirbúningur hófst hjá verkfræðistofunni Eflu árið 2010. Samráð var þá strax haft við sveitarfélagið Borgarbyggð og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun gaf út að verkefnið væri ekki matsskyld en náttúruverndarsjónarmið verða í hávegum höfð, að sögn Sigurðar.

Ari Trausti Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur og ráðgjafi í verkefninu, svaraði spurningum á fund-



„Það verður ekki sagt að svona ísgöng séu 100% örugg. Þú byggir ekki mannvirki í náttúrunni sem það á við, en hættur af þessu eru hverfandi.“

Ari Trausti Guðmundsson  
jarðeðlisfræðingur

inum um öryggismál í göngunum og á jöklinum.

Í máli hans kom fram að á jökli er hætta á hruni mest úti við jaðra hans; þar sem hreyfingin og bráðnunin er mest. „Það verður ekki sagt að svona ísgöng séu 100% örugg. Þú byggir ekki mannvirki í náttúrunni sem það á við, en hættur af þessu eru hverfandi,“ sagði Ari Trausti og nefndi ferðir inn í hraunhella og önnur náttúruleg fyrirbæri þar sem hættan er meiri ef eitthvað er.

Eins kom fram að áður en ferðafólki verður hleypt inn í göngin verða þau prófuð í eitt ár, áður en kemur að opnun. Búið er við allt að 30.000 gestum á ári, um fjórutíu manns gætu verið í hópi í ísgöngunum á hverjum tíma.

Sumarlokanir á hluta Laugavegs og Skólavörðustígs eftir þjóðhátíð:

# Pósthússtræti lokað á laugardag

**REYKJAVÍK** Það styttist í að farið verði að loka götum í miðborg Reykjavíkur fyrir akandi umferð líkt og gert hefur verið undanfarið sumur.

Á laugardaginn verður Pósthússtræti við Kirkjustræti lokað fyrir bílaumferð og bannað verður að leggja bílum í götunni sunnan Hafnarstrætis. Gatan verður opin fyrir akstur með aðföng frá klukkan átta á morgnana til klukkan ellefu.

Hluta Laugavegs og Skólavörðustígs verður lokað frá og með 17.



Í MÍÐBORGinni Meðal þeirra gatna sem verður lokað í sumar er neðri hluti Skólavörðustígs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


júní. Laugavegurinn verður lokaður neðan Vatnsstígs og verður bannað að leggja í þeim hluta götunnar sem verður lokað.

Skólavörðustíg verður lokað við Bergstaðastræti og bannað verður að leggja bílum í lokaða hlutanum. Akstur um þvergötur verður leyfður og bílastæði fyrir hreyfihamlaða verða staðsett við göngugöturnar.

Aka má með aðföng milli klukkan átta á morgni til tólf virka daga.

Göturnar verða lokaðar til fyrsta september. -jme

## SUMARLOKANIR Í MIÐBÆNUM



■ Lokaðar götur ★ Torg



BETL Kona í Milánó á Ítalíu biður vegfarendur um aðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Niðurskurður í Evrópu:

## Fjórði hver íbúi ESB er fátækur

**EVROPA** Alþjóðavinnuálagstofnunin segir að niðurskurður í útgjöldum hins opinbera hafi leitt til fátæktar 123 milljóna manna í Evrópusambandsríkjunum, ESB. Það þýði að fjórði hver íbúi innan sambandsins sé fátækur.

Samkvæmt Alþjóðavinnuálagstofnuninni hefur efnahagskreppan og niðurskurður í kjölfar hennar mest bitnað á þeim sem stóðu höllum fæti fyrir, á tíma þegar þeir þurftu á sem mestum stuðningi að halda.

Greint er frá þessu á fréttavef Dagens Nyheter. - ibs

**Gítar námskeið**  
**"Crash course" í júní**  
 Skráning er hafin  
 Einkatímar 2x í viku í 4 vikur  
 Skráning í síma 581 1281  
 UKULELE  
 www.gitarskoli.is  
**GIS** GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

**SIEMENS**

Siemens bakstursofninn með sjálfhreinsun (pyrolysis) er sannkallaður sigurvegari.

www.sminor.is

Bakstursofninn HB 63AB512S fékk hæstu einkunn í prófun TÆNK á ofnum með sjálfhreinsun (pyrolysis).



**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
 www.sminor.is

Siemens. Framtíðin flyst inn.

# TAX FREE AF HÚSGÖGNUM



Nýjar vörur frá Hübsch, idp, pb Home, HTL o.fl.

\*20,32% afsl. af öllum vörum. Gildir aðeins dagana 4. til 10. júní.

VIÐ ERUM Á FACEBOOK 

# HEIMAHÚSID OG GJAFAVÖRU\*



## HEIMA HÚSIÐ

Forysta Framsóknarflokksins þarf að tala skýrar:

## Lágkúrupólítík

**F**orysta Framsóknarflokksins barmar sér enn yfir að vera krafín um skýra afstöðu til kosningaútpils frambjóðenda flokksins í borgarstjórn; að krækja sér í atkvæði með því að höfða til andúðar á útlendingum og fólki sem er annarrar trúar en meirihluti Íslendinga. Skoðum fyrst hvað Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir sagði fyrir kosningar. Í fyrsta viðtalinu sem tekið var við hana eftir að hún sagðist á Facebook hafa fengið fyrirspurnir um afstöðu sína til mosku í Reykjavík, sagði hún: „Á meðan við erum með þjóðkirkju eigum við ekki að úthluta lóðum undir hús eins og moskur eða kirkjur fyrir grísku [svo] rétttrúnaðarkirkjuna.“ Sveinbjörg sneri þessu síðar upp í að hún vildi íbúakosningu um hvort úthluta ætti lóð fyrir mosku. Það er reyndar hugmynd frá Danska Þjóðarflokkninum, hægrilýðskrumsflokki sem gerði slíkar atkvæðagreiðslur að kosningamáli fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2009, af því að moskur væru gríðastaður trúarofstækismanna og stuðningsmanna hryðjuverka. Þjóðarflokkurinn blés nýju lífi í þetta stefnumál sitt í febrúar síðastliðnum vegna deilna um mosku í Haderslev.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Næst reyndi oddvitinn að halda því fram að þetta snerist bara um lóðamál í Reykjavík, en þá hafði fræjum útlendingaandúðarinnar verið sáð og fylgið, sem vissulega er að sækja á þeim miðum, byrjað að skila sér. Í sjónvarpsmæðum kvöldið fyrir kosningar bætti hún rækilega í og spurði hvort við vildum búa í samfélagi þar sem fólk væri þvingað í hjónaband.

Skoðum næst hvað Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði um málflutning oddvítans fyrir kosningar. Lengst af ekki neitt, enda gengu atkvæðaveiðarnar augljóslega vel. Svo kom loks pistill frá formanninum, þar sem hann tók enga efnislega afstöðu, heldur bætti enn í efnismiklar kvartanir sínar yfir því að flokkurinn hans væri gagnrýndur.

Skoðum þá hvað Sigmundur hefur sagt eftir kosningarnar, eftir að metfjöldi atkvæða Framsóknar í Reykjavík í fjörutíu ár var kominn í hús. Jú, hann hefur sagt að múslimar meggi allveg byggja sér mosku, ef hún falli bara að umhverfinu. Ekki samt á lóðinni sem Reykjavíkurborg hefur úthlutað henni, hún eigi áfram að vera grænt svæði. En skipulagsferlinu er lokið, engar athugasemdir bærast og borginni ber bæði að lögum og mannréttindasáttmálum að útvega múslimum lóð fyrir helgidóm sinn. Svo hefur Sigmundur líka sagt að Framsókn geri ekki upp á milli trúarbragða og starfi á grundvelli jafnréttis. Um atkvæðaveiðar flokksins í krafti fordóma og útlendingaandúðar hefur hann hins vegar ekki sagt nokkurn skapaðan hlut nema að gagnrýnin misbjóði honum. Hann vill ekki styggja nýja fylgið.

Þetta er prinsiplaus og lágkúruleg pólítík, sem skortir alla reisn. Það er eðlilegt að fulltrúar samstarfsflokks framsóknarmanna í ríkisstjórn geri kröfu um að flokksforystan tali skýrar, eins og Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, gerði til dæmis í fréttum Stöðvar 2 í fyrrakvöld.

Allir kjósendur eiga raunar kröfu á að Framsóknarflokkurinn svari því skýrt hvort taktík flokksins í borginni hafi verið forystu flokksins að skapi og hvort Framsókn hyggist áfram spila inn á andúð á minnihlutahópum í leit sinni að nýju fylgi.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Til hægri og vinstri

Björt framtíð getur unnið bæði til hægri og vinstri. Framsóknarflokkurinn hefur þar með fengið skæðan keppinaut. Framsóknarmenn hafa lengst af haft miklu meiri áhrif í íslensku pólítík en fylgi þeirra hefur gefið til kynna. Þrátt fyrir að Björt framtíð sé í oddaðstöðu í þremur stórum bæjarfélögum um myndun meirihluta þá hafa þeir hvergi krafist þess að fá æðstu embætti, það er borgarstjóra- eða bæjarstjóraembætti. Björt framtíð leggur hins vegar áherslu á að fá sem flesta til að taka þátt í samstarfi, til að mynda í Hafnarfirði þar sem þeir hafa rætt við alla flokka um samstarf á breiðum grundvelli. Guðlaug Kristjánsdóttir, oddviti Bjartrar framtíðar



í Hafnarfirði, segir að ef þetta takist sé verði að nýta krafta allra til góðra verka í bæjarfélaginu. Mörgum finnst hins vegar pólítík þar sem allir eru vinir fremur bragðdauf pólítík.

#### Sjaldan séð annað eins kjaftæði

Dagur B. Eggertsson benti á það um helgina að Framsóknarflokkurinn væri ekki stjórnstærur, hvorki í borgarstjórn né á landsvísi, vegna afstöðu sinnar til moskumála og innflytjenda. Dagur sagði að flokkurinn yrði að skýra stefnu sína í málinu. Fleiri hafa tekið undir það, þeirra á meðal er Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, í fréttum Stöðvar 2.



Jóhannes Þór Skúlason fer hamföllum á fésbókafærslu þar sem hann gagnrýnir fréttaplutninginn harðlega og segir að það sé af veikum mætti reynt að krafa það út úr hinum og þessum sjálfstæðismönnum að Framsókn í heild sé orðinn slíkur ógaflokkur að það sé ekki hægt að eiga við hann samstarf. Sjaldan hefur Jóhannes séð annað eins kjaftæði. Hann segir að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hafi tjáð sig skýrt um málið, Sigmundur geri engar athugasemdir við að múslimar byggji mosku. Framsóknarflokkurinn er sennilega misskildasti flokkur á Íslandi. Það gæti verið vegna þess að flokknum er ekki mjög lagið að tala skýrt og skilmerkilega.

johanna@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRARI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

### STJÓRN MÁL



Elín Hirst alþingismaður

Auðvitað urðu það mikil vonbrigði þegar ljóst varð á kosninganótt að Sjálfstæðisflokkurinn myndi ekki halda fimmta mannum í borginni. Það er sárt að sjá að flokkurinn skuli hafa misst yfirburðstöðu sína, UM SINN. Stóru fréttirnar voru hins vegar þær að meirihluti Besta flokksins/Bjartrar framtíðar og Samfylkingarinnar féll.

Vonandi verður þessi niðurstaða til þess að sjálfstæðismenn þétti raðirnar í Reykjavík. Grundvallaratriði er að bæði konur og karlar skipi aðalsæti listans. Halldór Halldórsson oddviti hefur allt til að bera sem þrýða má góðan stjórnmálamanng og manneskju og hann hefur ekki sagt sín lokaorð í íslensku pólítík, að mínum dómi. En listinn verður að endurspegla samfélagið.

Sjálfstæðisflokkurinn skoraði hátt víða um land, sem er virkilega fagnaðarefni. Það er afar glæsilegt að Sjálfstæðisflokkurinn skuli fá hreinan meirihluta í stórum bæjarfélögum, eins og Mosfellsbæ, Vestmannaeyjum, Garðabæ, Seltjarnarnesi, Árborg, Hveragerði og Akranesi. Mjög góður árangur nádist einnig í Hafnarfirði, Kópavogi og Akureyri. Konur eru oddvitar framboðanna á Seltjarnarnesi, í Hafnarfirði og í Hveragerði: Ásgerður Halldórsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

**➔ Men eiga að bera fulla virðingu fyrir skoðunum hver annars, hlusta á önnur sjónarmið og temja sér víðsýni.**

Hvað umræðuna um mosku og fleira hér heima áhrærir þá hlustaði ég á Michael Bloomberg, fyrrverandi borgarstjóra New York-borgar, lýsa því í frábærri ræðu á dögunum hvers vegna New York-borg ákvað að leyfa byggingu á bænahúsi múslima skammt frá þeim stað sem tvíbura-turnarnir stóðu. Rétturinn til trúfrelsis, tjáningarfrelsis og rétturinn til að hafa skoðanir almennt, án þess að aðrir geri lítið úr þeim eða reyni að þagga þær niður, er ofar öðru.

Bloomberg lýsti því einnig í ræðunni hvernig virtir háskólar í Bandaríkjunum hefðu verið staðnir að því að ritskoða hverjir fengu að halda ræður við útskriftir vegna þess að skoðanir viðkomandi féllu ekki að/eða voru ekki þóknarlegar „vinstri sinnuðum“ skoðunum háskólasamfélagsins. Men eigi að bera fulla virðingu fyrir skoðunum hver annars, hlusta á önnur sjónarmið og temja sér víðsýni. Eða eins og í málshættinum segir: Háð er heimskra gaman.



# Þökk sé ykkur!

Fyrir tíu árum var alls óvíst hvernig landsmenn tækju í þá hugmynd að styðja við réttindi barna á heimsvísu með mánaðarlegum gjöfum. Gæta að velferð barna um veröld víða – velferð allra barna. Gerast heimsforeldrar og segja við sjálfa sig að það sé sameiginlegt verkefni okkar allra að búa börnum þessa heims örugga framtíð.

## RETTINDI BARNNA



Svanhildur Konráðsdóttir  
stjórnarformaður  
UNICEF á Íslandi

sköpum fyrir börn um víða veröld og tryggja þeim hreint vatn, heilsugæslu, menntun, næringu, vernd gegn ofbeldi og önnur sjálfsögð réttindi.

Heimsforeldrar eru hugsjónafólk á ólíkum aldri sem býr um allt land – og breiðfylking heimsforeldra hér á landi hefur vakið athygli hjá UNICEF alþjóðlega.

## Löngunin til að bæta

Í nær sjö áratugi hefur UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, verið leiðandi í hjálparstarfi fyrir börn í heiminum. Við leggjum ríka áherslu á að ná til þeirra barna sem helst eiga undir högg að sækja. Það var því einstaklega ánægjulegt að finna hvað hug-

myndin um að koma á fót UNICEF hér á landi fékk mikinn hljóm-grunn.

UNICEF á Íslandi spratt úr grasrótarstarfi sem var drifið áfram af lönguninni til að bæta réttindi barna. Hópur af ungu fólki tók sig saman og gott fólk og öflugir bakhjarlar tóku framtaki þeirra fagnandi og studdu hugmyndina. Án þeirra hefði UNICEF á Íslandi aldrei orðið að veruleika. Stofnun landsnefndarinnar var samvinna og baráttuhugur í hópnum.

Fljótt fjölgaði síðan í hópi styrktaraðila þegar fyrstu heimsforeldrar gengu til liðs við okkur. UNICEF var komið til að vera hér á landi – komið til að þrýsta á um breytingar fyrir börn og standa fyrir varanlegum umbótum sem breyta heiminum þegar til lengri tíma er litið.

## Aldrei fleiri börn í skóla

Á þeim áratug sem liðinn er hefur mikill árangur náðst í hjálparstarfi fyrir börn í heiminum. Stórlega hefur sem dæmi dregið úr barnadaða og aldrei hafa fleiri börn gengið í skóla en einmitt nú. Á sama tíma hefur mikill árangur náðst hvað varðar réttindi barna á Íslandi. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur í fyrria og aukin fræðsla hefur skilað sér í meiri vitund um réttindi barna hér á landi. Eitt af hlutverkum UNICEF er að fræða börn um réttindi sín – og fræða fullorðna um réttindi barna.

Á Íslandi sinnir UNICEF auk þess markvissri réttindagæslu fyrir börn, fylgist vandlega með stöðu barna og beitir sér til dæmis fyrir því að stjórnvöld hafi hagsmuni barna að leiðarljósi við

ákvarðanatöku sína. Við höfum sem dæmi ítrekað bent á að ofbeldi í sínum fjölmörgu birtingarmyndum er ein helsta ógn sem stöðjar að börnum hér á landi. Við höfum beitt okkur af aefli fyrir því að minnka ofbeldið og komið með vandlega útfærðar lausnir. Þessi áhersla UNICEF á Íslandi og annarra aðila á baráttu gegn ofbeldi hefur leitt til meiri framlaga til málaflokksins. Það er okkur mikið fagnaðarefni.

Ekkert af þessu hefðum við getað gert nema vegna þess trausts sem við njótum frá heimsforeldrunum okkar og öðrum styrktaraðilum. Ykkur öllum viljum við því færa hjartans þakkar. Til hamingju með 10 ára samfylgd sem helguð er því að tryggja réttinn til betra lífs fyrir öll heimsins börn.

# Óuppgert voðaverk

Dagsetningin 4. júní er bannorð hjá hugsanalögg- unni í Kína. Þennan dag í ár eru 25 ár liðin frá morðárás skriðdrekaasveita á lýðræðishreyfingu ungs fólks á Torgi hins himneska friðar í miðborg Beijing. Varlega áætlað lágu hundruð manna í valnum. Voðaverkið táknaði rökþrot valdamanna gegn frómum óskum nýrrar kynslóðar um auknar umbætur og lýðréttindi.

## UTANRÍKISMÁL



Hjörleifur Sveinbjörnsson  
var við nám í  
Beijing 1976–1981

á falli Sovétríkjanna sjálfra en það fór ekki á milli mála hvert stefndi. Það vinnur aldrei neinn sitt dauðastríð eins og segir í frægu ljóði Steins Steinarr.

## Ofsafengin viðbrögð

Fjöldamorðin í Beijing voru meðal mestu ótíðinda þessa viðburðaríka árs. Ég man varla eftir atburði sem hefur komið verr við mig. Ekki bara vegna þess að ég

hafði verið þarna við nám nokkrum árum áður og tengdist því staðnum heldur líka vegna viðbragða yfirvalda sem voru mjög ofsafengin miðað við tilefnið. Það má margskömmuð nútímafjölmiðlun eiga að þarna birti hún okkur ófegraða instantmynd af stjórnvöldum þegar illa stóð á. Valdhafar í okkar heims- hluta stjórna í krafti umboðs frá

almennungi eftir leynilegar kosningar en í alræðisríkjum er engu slíku til að dreifa. Því betur sem ráðamenn skynja að þeir eiga ekki lögmætt tilkall til valda þeim mun tilbúnari verða þeir að beita öllum meðöllum til að hanga á þeim með kjafti og klóm.

Kínverskir valdhafar kölluðu yfir sig hörð viðbrögð og sátu um skeið í skammmarkrök almenningsálitsins. Ég skrifaði fyrir mína parta samansúrraða fordæmingargrein í tímaritið Mannlíf í júlí þetta sama ár, mánuði eftir ótíðindin, og þremur árum seinna birti Mogginn grein eftir mig, „Svívirða sem ekki á að gleymast“, sem andsvar við viðtali við sendifulltrúa í kínverska sendiráðinu í Reykjavík, en honum fannst orðið tímabært að slá striki yfir þessa óþæglegu atburði, sem hefðu hvort eð er verið ýktir úr öllu hófi og hálf-

partinn verið að undirlagi erlendra aðila. Kínverskir valdhafar eru að sönnu löngu sloppnir úr sínum skammmarkrök en fyrir bragðið verður heldur ekki undan því vikið að halda þessu máli vakandi.

Stórstígar breytingar og framfarir á fjölmörgum sviðum í Kína eru á allra vitorði. Það er náttúrulega fagnaðarefni enda var landið hálfpartinn eins og Norður-Kórea í lok menningarbyltingarinnar, seint á sjöunda áratug síðustu aldar. En þrátt fyrir miklar breytingar á mörgum sviðum er alræðisfyrirkomulagið í aðalatriðum enn við lýði. Þegar kemur að því að virða almenn mannréttindi, skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi er Kína í hópi þeirra ríkja sem lakast standa.

**Uppgjör forsenda stefnubreytingar**  
Strengilegt bann við allri umfjöll-

un um morðin á Torgi hins himneska friðar 1989 – og óþægilegar afleiðingar ef því er ekki sinnt – er auðvitað til marks um að hin mannskæða skriðdrekaárás forðum er fleinn í holdi valdhafa. Þeir vita upp á sig skömmina. Vonandi rennur upp sá dagur að þarna verði breyting á. Það er ekki fram á mikið farið að landsmenn fái að fara ofan í saumana á þessum atburðum, fá botn í það sem gerðist, veita fórnarlömbunum uppreisn æru og aðstandendum færi á að leita réttlætis.

Meðan stjórnvöld, hvort sem er í Kína eða annars staðar, hafa ekki gert upp við voðaverk fortíðarinnar sem framin eru í skjóli eða að undirlagi ríkisvalds er alltaf sú hætta fyrir hendi að slík voðaverk verði endurtekin. Uppgjör, á hvaða formi sem það er, er til marks um að stefnubreyting hafi átt sér stað.

**MAZDA2**

**LIPUR OG SPARNEYTINN**

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.190.000 KR. - GERÐU VERÐSAMANBURÐ

5 stjörnu öryggi!

Mazda2 er sparneytinn, ótrúlega lipur og hagkvæmur í rekstri. Hann er búinn öflugri 1,3 lítra bensínvél sem þó eyðir einungis frá 4,3 l/100 km og fær frítt í stæði.\* Mazda2 er áreiðanlegur, öruggur, vel búinn og frábær í endursölu.

Taktu snúning á Mazda2, gerðu góð kaup og lækkaðu rekstrarkostnaðinn.

MAZDA. DEFY CONVENTION.

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Mazda2 eyðir 4,3 l/100 km í langkeyrslu og fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á



OYSTER PERPETUAL  
DATEJUST II

ROLEX



MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. júní 2014 | 35. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir www.visir.is](http://www.visir.is)

VIÐ **ELSKUM**  
UMHVERFIÐ!



**Guðjón Ó**  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

## PÁL MAR RÁÐINN FORSTJÓRI SAMSKIPA HF.

- Yfirstjórn Samskipa hefur gengið frá ráðningu Pálmaris Óla Magnússonar í starf forstjóra Samskipa hf.
- Pálmar hefur starfað sem framkvæmdastjóri hjá Landsvirkjun. Hann hefur störf í júlí.
- Stjórnendur samstæðunnar stefna að frekari umsvifum í Austur-Evrópu, segir Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskip Holding BV.

SÍÐA 6

# SAMSKIP



## TM seldi tveggja milljarða hlut

Tryggingamiðstöðin (TM) seldi í gær 74 milljónir hluta í HB Granda fyrir tæpa tvo milljarða króna.

Fyrirtækið seldi bréfin þegar gengi þeirra var um 27 krónur á hlut. TM á nú rúman eins prósentu hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu.

Gengi hlutabréfa HB Granda hafði hækkað um 0,93 prósent við lokun markaða í gær. Velta með bréf fyrirtækisins nam 2.054 milljónum króna en heildarveltan í Kauphöllinni var 2.623 milljónir. Mesta hækkun dagsins var á hlutabréfum Marel en þau hækkuðu um 1,4 prósent í 142 milljóna króna veltu. - hg

## App iOS 8 aðstoðar sykursjúka

Bandaríski tæknirísinn Apple hefur kynnt nýjar útgáfur af stýrikerfunum iOS, fyrir iPhone, og OS X, fyrir tölvur fyrirtækisins. Með iOS 8 og OS X Yosemite, sem væntanleg eru í haust, verður hægt að framkvæma enn fleiri aðgerðir í Mac-tölvu, eða iPad, með iPhone-síma.

Af þeim nýju forritum sem iOS 8 býður upp á má helst nefna heilsuappið Health. Það mælir lífsmörk notanda, svo sem blóðþrýsting og púls, og getur sent þær upplýsingar með sjálfvirkum hætti til læknis viðkomandi notanda. Einnig getur appið gagnast sykursjúkum, en með hjálp sérstaks aukabúnaðar getur það mælt blóðsykur notandans og safnað upplýsingum um blóðsykurssveiflur. - rkr

## Sigurður nýr forstjóri Deloitte

Sigurður Páll Hauksson tók við sem forstjóri endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækisins Deloitte 1. júní síðastliðinn af Þorvarði Gunnarssyni.

Frá þessu er greint í fréttatilkynningu fyrirtækisins. Þar segir að Sigurður Páll hafi starfað í yfir 20 ár við endurskoðun og ráðgjöf og verið meðeigandi Deloitte frá árinu 2003. Hann hóf störf hjá fyrirtækinu árið 1994 og lauk löggildingu í endurskoðun árið 1998.

„Ég er fullur tilhlökkunar að takast á við öll þau spennandi verkefni sem fram undan eru,“ segir Sigurður Páll í tilkynningunni. - sá



## Sjónmælingar í Optical Studio

Tímapantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind  
sími 5288500

Optical Studio í Keflavík  
sími 4213811

Optical Studio í Leifstöð  
sími 4250500

# Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK







The power to do more

# Sköpuð hvort fyrir annað Áreiðanleg borðtölva og bjartur tölvuskjár



Parið á  
tilboðsverði  
169.980 kr.

P2314H

OPTIPLEX 9020SF#03



#### Öflugur vinnuhestur á góðu verði

Dell Latitude E5430 fartölva er með styrkta umgjörð og hentar því vel fyrir fólk á ferðinni.

Verð áður: 266.090 kr.

**Verð nú: 169.900 kr.**



#### Bjartur og skarpur tölvuskjár

Dell Professional P2314H 23" skjáinn er hæðarstillanlegur, hefur marga tengimöguleika og býður bjarta og góða mynd.

Verð áður: 43.990 kr.

**Verð nú: 38.990 kr.**



#### Lítið og öflugt fjölnotatæki

Xerox WorkCentre 6015ni er gríðarlega öflugt fjölnotatæki, prentari, skanni og ljósritun í einni vél.

Verð áður: 74.990 kr.

**Verð nú: 69.990 kr.**

Velkomin í verslanir okkar í Guðrúnartúni Reykjavík og Tryggvabraut Akureyri.

Nánari upplýsingar má finna á [www.advania.is/tilbod](http://www.advania.is/tilbod), í síma 440 9010 eða í tölvupósti á [sala@advania.is](mailto:sala@advania.is)



**advania**

Welcome to IT



# Sumargleði

Breyttir tímar í sölu á hágæða fæðubótarefnum - **Lægra verð**

## THE PROTEIN WORKS

The Protein Works er breið vörulína af hágæða fæðuaukum með náttúrulegum litar- og bragðefnum á afar hagstæðu verði.

Innihalda engin þykkingar- eða fyllingarefni og allt sem er í vörunni kemur fram í innihaldslýsingu.



Lágkolvetnafæði

Whey protein 97  
500 g. **kr. 3.699.-**  
1 kg. **kr. 6.999.-**



Úthald + uppbygging

Kreatin monohydrate  
500 g. **kr. 1.999.-**



Uppbygging

Whey protein 80  
7 bragðteg.  
500 g. **kr. 2.999.-**  
1 kg. **kr. 4.999.-**  
2 kg. **kr. 7.999.-**



Úthald

AMINO-NRG  
10g aminosýrur  
133 mg koffín og  
aðeins 1,2 g kolvetni  
250 g **kr. 2.699.-**  
500 g **kr. 4.999.-**



Uppbygging

Brown rice protein  
500 g  
**kr. 2.499.-**



Fitkubrennsla

CLA hylki  
Frábær stuðningur  
við fitubrennslu  
120 hylki **kr. 3.999.-**



Fitkubrennsla

Thermopro  
90 töflur.  
**kr. 3.999.-**



Fitkubrennsla

Raspberry  
Ketones  
60 hylki  
**kr. 1.799.-**



Næring+uppbygging


Hreint hnetusmjör  
1 kg  
**kr. 1.799.-**




Nuddrúlla 45 cm  
Verð kr. 4.995.-  
**Sumartilboðsverð**  
kr. 3.996.-



Bollar með  
þyngingum 55-75 cm  
**Sumartilboðsverð**  
frá kr. 4.796.-



Æfingadýna  
**Powerhouse Pro**  
Verð kr. 9.995.-  
**Sumartilboðsverð**  
kr. 7.996.-



EcoSmart  
yogadýna 3 mm  
Verð kr. 3.995.-  
**Sumartilboðsverð**  
kr. 2.996.-



Nuddkefli  
**Rejuvenation**  
Verð kr. 5.995.-  
**Sumartilboðsverð**  
kr. 3.995.-



**POLAR**

Púlsmælur henta vel fyrir alla.  
**Polar FT4** - Verð kr. 15.995.-  
**Sumartilboðsverð**  
kr. 13.995.-  
**Polar FT7** - Verð kr. 18.995.-  
**Sumartilboðsverð**  
kr. 16.995.-



**IRON GYM**  
IRONGYM styrktæki, ótrúlega margir  
æfingamöguleikar, einfalt og öruggt.  
**Sumartilboðsverð** kr. 7.995.-



Hreysti hefur stutt við bakið á afreksfólki í íþróttum um árabil.  
**Komdu og fáðu ráðleggingar hjá fagfólki**



**maxifuel**

**ViperActive**  
 Úthugsaður orkudrykkur sem hleður orku, steinefnum og aminosýrum hratt og vel inn í vöðvana. Kemur í veg fyrir ofþornun, slappleika, vöðvakrampa og niðurbrot á vöðvum. Endurhleður hraðar og betur en aðrir drykkir á markaðnum. Viperactive er hinn fullkomni orkudrykkur til að nota á æfingu, sama hvort þú ert að hjóla, hlaupa eða ganga. Viperactive hjálpar við að koma í veg fyrir vökvatap og viðheldur orku meðan á æfingu stendur.

**Verð kr. 4.995.-**



**maxifuel**

**Viper boost**  
 er hátækni-blanda af hráefnum sem vinna með líkamanum til þess að hámarka orku og einbeitingu á æfingu. Blandan hámarkar ekki aðeins orku og einbeitingu en kemur einnig í veg fyrir ofþornun/krampa með steinefnum og söltum. Viper boost er frábær orkudrykkur fyrir íþróttafólk sem vill fá alvöru orku en jafnframt svolitla örvun til þess að keyra einbeitinguna í gang.

**Verð kr. 5.995.-**



**maxifuel**

**Recovermax**  
 er einn virkasti endurhleðsludrykkurinn á markaðinum í dag. Þessi einstaka blanda af kolvetnum og próteinum hjálpar líkamanum að endurhlaða orkubirðir sínar. Notkun Recovermax með reglubundnum æfingum getur gefið þér bættan árangur, m.a. aukinn vöðvastyrk, aukði úthald og minnkað vöðvapreytu.

**Verð kr. 5.995.-**



**MAXIMUSCLE**

**Promax Lean**  
 Fyrsti næringardrykkurinn sem inniheldur brennslufni til að styðja fitulosun og þyngdarstjórnun. Promax lean er einstök blanda, hönnuð fyrir fólk sem vill hágæða fæðuaukablöndu sem styður þyngdarstjórnun og þyngdartap. Einn skammtur af Promax lean inniheldur 228 hitaæiningar

**Verð kr. 9.995.-  
 Sumartilboðsverð kr. 8.995.-**



**MAXIMUSCLE**

**Cyclone**  
 Einstök samsetning af mysupróteini og nauðsynlegum næringarefnum sem styðja vöðvavöxt, auka styrk og úthald auk mikilvægrar endurhleðslu.

**Verð kr. 9.995.-  
 Sumartilboðsverð kr. 8.995.-**



**MAXIMUSCLE**

**Promax**  
 Háhreinsuð blanda mysupróteina sem tryggir hámarks aminosýruflæði og endurhleðslu. Sérstaklega gott í meltingu!

**Verð kr. 7.995.-  
 Sumartilboðsverð kr. 6.995.-**

YORK 20 kg handlóðasett  
 Verð áður kr. 14.995.-  
**Sumartilboðsverð kr. 13.995.-**



**Sumarútsala**  
 af öllum UNDER ARMOUR fatnaði  
**25-30% afsláttur**



Authentic **HARD** Original **TAIL**  
 FOREVER

**SLENDERTONE™**



Stinnari og sterkari á aðeins 4 vikum.  
 Notaðu Slendertone í 20-40 mínútur, allt að 5 sinnum í viku til að ná hámarks árangri.  
 Belti - Verð kr. 33.995.-  
**Sumartilboðsverð kr. 29.995.-**

**TRX**  
 Suspension Training



Eitt öflugasta æfingakerfi sem völ er á og hefur farið sigurför um heiminn.  
 Verð kr. 39.995.-  
**Sumartilboðsverð kr. 29.996.-**



**Loksins á Íslandi**  
 Æfingafatnaður í sérflokki

allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI**

**Skeifunni 19 - S. 568 1717**

NETVERSLUN: WWW.HREYSTI.IS  
 OPIÐ MÁN - FÖST. 10:00 - 18:00 - LAUGARD. 11:00 - 16:00  
 Sendum um land allt.



NÝR FORSTJÓRI Pálmar er vélaverkfræðingur og starfaði hjá Samskipum frá 1998-2011.

FRÉTTABLAÐID/GVA

# Ráðinn til að stýra Samskipum hf.

*Yfirstjórn Samskipa hefur gengið frá ráðningu Pálmaris Óla Magnússonar í stöðu forstjóra Samskipa hf. Pálmar hefur starfað hjá Landsvirkjun en hann mun sjá um flutningastarfsemi félagsins til og frá Íslandi og Færeyjum.*

**VIÐTAL**  
HARALDUR GUÐMUNDSSON  
HARALDUR@FRETTABLAÐID.IS



Stjórn Samskip Holding BV hefur gengið frá ráðningu Pálmaris Óla Magnússonar, framkvæmdastjóra framkvæmdasviðs Landsvirkjunar, í starf forstjóra Samskipa hf.

Ákvörðunin var kynnt starfsmönnum félagsins í gær. Pálmar mun hefja störf í júlí en hann starfaði áður hjá Samskipum frá 1998 til 2011. Hann mun sjá um flutningastarfsemi félagsins til og frá Íslandi og Færeyjum og allt sem henni tengist.

## Príur forstjórar

Í síðustu viku kynnti stjórn Samskip Holding BV, yfirstjórn samstæðunnar, áform um skipulagsbreytingar. Samkvæmt þeim verða flutningakerfi samstæðunnar sameinuð undir nafni Samskipa og flutningsmiðlun fyrirtækisins undir Samskip Logistics.

Samskip mun sjá um grunnflutningakerfið í Evrópu og þar á meðal flutninga til og frá Íslandi. Daninn Jens Holger Nielsen verður forstjóri Samskipa með aðsetur í Hollandi, eins og kom fram í fréttatilkyningu um breytingarnar.

Pálmar mun aftur á móti stýra dótturfélaginu Samskip hf.

Ásbjörn Gíslason, sem áður var annar tveggja forstjóra Samskipa, tekur við stöðu forstjóra Samskip Logistics. Hann verður með aðsetur í Hollandi og meðal annars ábyrgur fyrir FrigoCare, frystigeymslum samstæðunnar utan Íslands og Færeyja, dótturfélaginu Silver Sea í Noregi og Samskip IcePack.

„Það er verið að skipta þessu upp þannig að Samskip Logistics mun sjá um flutningsmiðlun Samskipa um allan heim sem tekur þá til frystiflutninganna og annarra flutninga þar sem við erum að nota okkar flutningakerfi og kerfi hvers sem er í raun og veru,“ segir Pálmar.

## Hagnaður upp á tvo milljarða

„Það sem við erum að gera með þessum skipulagsbreytingum er annars vegar að skerpa áhersluna á áframhaldandi vöxt og viðgang félagsins en ekki síður að tryggja að við séum með skýran fókus á okkar heimamarkað hérna á Íslandi. Við ætlum áfram að veita viðskiptavinum okkar hér heima hagkvæmar heildarlausnir í flutningum og viljum tryggja að þeir

**MIKIL FLUTNINGSGETA** í gámaflota Samskipa eru um 19 þúsund gámar.



njóti góðs af þeim árangri sem við erum að ná erlendis,“ segir Pálmar.

„Með aukinni samhæfingu flutningakerfanna til og frá Íslandi teljum við okkur ná kostnaðarlegri hagræðingu og sá möguleiki

opnast að viðskiptavinir okkar á Íslandi geti fylgst með og rakið sendingar í gegnum flutningakerfi okkar, ekki aðeins til og frá Íslandi, heldur jafnframt innan Evrópu.“

Samskipasamstæðan hagnaðist um tvo milljarða króna á síðasta ári þegar veltan nam 88 milljörðum. Í tilkyningu félagsins um skipulagsbreytingarnar er tekið fram að spár þess geri ▶



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## 914 METRAR

Fjölmarginir ganga á Esjuna yfir sumarið. Hæsti tindur hennar er 914 metrar. Hlíðar fjallsins þykja nokkuð brattar og því ber það vott um ágætis úthald og þol að komast án mikilla vandkvæða á toppinn.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

## Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >



★★★★ Amerísk gæðavara



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

★★★★ Amerísk gæðavara

## PRO-STAMINUS

ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á nóttunni?  
Er bunan orðin kraftlítill?



20% afsláttur



PRO-STAMINUS er spennandi nýjung sem er fyrst og fremst ætluð karlmönnum sem hafa einkenni góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli sem getur valdið vandræðum við þvaglát.

MEZINA

www.gengurvel.is



PRO-STAMINUS fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



SAFT



TEVA

LYFIS  
Traust í lyfjum

## FÆST ÁN LYFSEÐILS

Nasofan-nefúðinn inniheldur barksterann fluticason própíónat og er fyrsta og eina lyfið sinnar tegundar sem fæst án lyfseðils á Íslandi.

- NEFSTÍFLA
- NEFRENNSLI
- KLÁÐI Í NEFI
- HNERRI

# NÝR NEFÚÐI GEGN OFNÆMISBÓLGUM

**LYFIS KYNNIR** Nýtt í lausasölu. Nasofan-nefúða. Í fyrsta sinn á Íslandi fæst nú nefúði í lausasölu í apótekum sem inniheldur barkstera og notaður er við árstíðabundnum ofnæmisbólgu í nefi. Sambærileg lyf hafa hingað til eingöngu verið fáanleg gegn ávísun læknis.

Nasofan nefúðinn inniheldur barksterann fluticason própíónat. Barkstera eru mjög virk bólgueyðandi efni sem hindra myndun ýmissa boðefna í ónæmiskerfinu, m.a. í ónæmi. Einkenni frá nefi vegna ónæmis geta verið nefstífla, nefrennsli, kláði í nefi og hnenni. Með því að gefa barkstera staðbundni í nef er hægt að hafa áhrif á þessi algöngu ofnæmiskerfi frá nefi.

Ráðlagður skammtur fyrir fullorðna, 18 ára og eldri, er 1-2 úðaskammtar í hvora nös einu sinni á dag, helst að morgni. Auka má skammt í mest 2 úðaskammta í hvora nös tvisvar á dag þar til einkenni minnka og halda þá áfram að nota venjulegan skammt.

Það getur tekið nokkra daga fyrir lyfið að virka þrátt fyrir reglulega notkun. Þegar bati hefur náðst á að halda áfram að nota minnsta skammt sem þarf til að hafa stjórn á einkennum. Ráðlagt er að hefja meðferð við frjókornaofnæmi eins fljótt og hægt er, jafnvel áður en frjókornatímabilið hefst.

Nasofan nefúðinn fæst án lyfseðils á góðu verði í öllum apótekum. Án ávísunar frá lækni er Nasofan eingöngu ætlað einstaklingum 18 ára og eldri. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér notkunarleiðbeiningar og helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér á eftir.

**Notkunarvið:** Nasofan nefúði er notaður til að draga úr og meðhöndla árstíðabundna ofnæmisbólgu í nefi. **EKKI MÁ NOTA Nasofan:** ef um er að ræða ofnæmi fyrir fluticason própíónati eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. **Gæta skal sérstakrar varúðar ef þú:** hefur einhvern tíma farið í aðgerð á nefi; ert með eða hefur nýlega verið með sýkingu í nefi; ert með eða hefur nýlega verið með einhvers konar ómeðhöndlaða sýkingu eða berkla eða herpes-sýkingu í augum; hefur nýlega verið í meðferð með sterum í sprautuformi eða ef þú hefur verið að taka inn stera um munn í langan tíma. Nasofan nefúði inniheldur benzalkonklóríð rotvarnarefni. **Meðganga og brjóstgjöf:** Leita skal ráða hjá læknum eða lyfjafraeðingi áður en lyfið er notað. **Skammtur:** Fullorðnir, 18 ára og eldri: 1-2 úðaskammtar í hvora nös einu sinni á dag, helst að morgni. Auka má skammt í mest 2 úðaskammta í hvora nös tvisvar á dag þar til einkenni minnka og halda þá áfram að nota venjulegan skammt. **Algengar aukaverkanir:** Blóðnasir, höfuðverkur, óþægilegt bragð í munni eða óþægileg lykt í nefi, þurrkur eða erting í hálsi og nös sum ásamt hnenni. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Október 2013.



## Heyrðu umskiptin

Fáðu heyrnartæki til reynslu



Fyrstu heyrnartækin sem tengjast þráðlaust við snjalltæki

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is  
Tímarpantanir 534 9600

## Flottar buxur



Kr. 4.990.-

Str. S-XXL

Tveir litir



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030  
www.rita.is



**ÁSTARSAMBAND** Guðbjörg Gissurardóttir segir Runólf ótrúlega rómantískan og sætan ferðafélaga. Bíllinn var fluttur til landsins af arkitekt og skipasmið sem sérhannaði í hann haganlegar innréttingar. MYND/GVA

# RÓMANS Í RUNÓLFI

**FERÐALAG** Ertu ævintýragjarn og hefur gaman af óvæntum uppákomum? Þá gefst tækifæri til að ferðast í 37 ára gömlum húsbíl um sérvalda staði Íslands.

Það leið ekki nema mínúta frá því ég sá Runólf fyrst þar til að ég hafði fest kaup á honum; þetta var ást við fyrstu sýn," segir Guðbjörg Gissurardóttir, fagurkeri, náttúruunnandi og ritstjóri tímaritsins Í boði náttúrunnar.

Guðbjörg er að tala um Runólf; rauðbirkinn, 37 ára gamlan Frakka af tegundinni Renault Estafette, árgerð 1977. Ástmöginn ætlar hún að lána tveimur heppnum ferðalöngum í fyrstu HandPicked-ferðina um Ísland.

„HandPicked Iceland varð til þegar ég lenti í því æ ofan í æ að finna ekki annað en hamborgara- og pitsustaði á ferðalagi mínu um landið. Þá áttaði ég mig á að ferðamenn bráðvantaði leiðarvísi um úrvalið af því besta sem Ísland geymir og gaf út fyrsta HandPicked-bæklinginn sem enn er sá eini sinnar tegundar um leyndar gersemar Íslands.“

Fyrsti HandPicked-bæklingur Guðbjargar hét Eat, síðan kom Sleep, næst Shop & Play og nú Kids & Culture fyrir krakka og menningu. Sjálf fer Guðbjörg um

land allt til að sannreyna HandPicked-staðina og tryggja að allt sé í lagi.

„Þetta er afar persónulegt verkefni og ég handtíni staði sem ég mundi sérvelja handa mínum bestu vinum til að upplifa og njóta. HandPicked Iceland er gæðastimpill og með HandPicked-kort við höndina er eins og að ferðast um sveitir lands með góðum vini sem gjörþekkir landsins yndislegustu ævintýri sem maður annars færi sennilega á mis við.“

**Í ÓVISSUFERÐ MEÐ RUNÓLFI** Dagana 1. til 8. júlí verður farið í fyrstu HandPicked-óvissuferðina. Umsóknir eru öllum opnar og umsóknarfrestur til laugardagsins 7. júní.

„Við leitum að pari, vinum, elskendum eða hverjum þeim sem langar að upplifa „slow travel“-ferðamennsku og njóta ósvikinna ævintýra með Runólfi. Runólfur er í Fornbílaklúbbnum og fer ekki hraðar en 70 kílómetra á klukkustund. Því fer maður hægt um íslenskt landslag og nýtur útsýnis á hæfilegum hraða.“

Peir sem verða fyrir valinu leggja af stað frá Reykjavík þriðjudaginn 1. júlí með átta umslög í farteskinu og halda þaðan út í buskann.

„Í farangrinum verður eitt umslag fyrir hvern dag með fyrir-mælum um hvar á að stoppa, borða, versla, gista, njóta og upplifa ótal áhugaverða og skemmtilega hluti á HandPicked-kortinu. Innifalið er bensín á bílinn, sjö náttu gisting í Runólfi og á hótélum, tvær til þrjár máltíðir á dag hjá sérvöldum HandPicked-vinum, fjölbreyttar ferðaupplifanir og óvæntar uppákomur sem ekki má segja frá. Í staðinn þurfa ferðalangarnir að taka með sér góða skapið og deila upplifun sinni með texta og myndum í gegnum bloggíð okkar og samfélagsmiðlana.“

Ævintýrabyrstir geta sent stutt bréf á ensku um sjálfa sig og ferðafélagann á netfangið gg@ibn.is ásamt myndum af báðum. Tilkynnt verður um þá heppnu á Facebook. Sjá handpickediceland.is.

thordis@365.is

## MASTERLINE Professional Beauty

### ÉG MÓTA BODY FIRING

Ég viðheld teygjanleika húðarinnar. Byrjaðu bara á að bera mig reglulega á líkamann og þú helst flott og fitt. Frábært krem með góðum innihaldsefnum eins og Elastín, Kollagen og Pomegranate.



www.master-line.eu

Made in Italy

Fæst í apótekum og Hagkaup

## MAULAÐ Í MJÚKUM MÓ

Nestistund í fallegru náttúru í alfaraleið býr til ljúfar minningar og setur ævintýraljóma á ferðalagið.

Á ferð um íslenskar sveitir jafnast ekkert á við heimagert nesti sem snætt er undir berum himni í íslenskri náttúru. Viða er hægt að finna nestisborð í heillandi umhverfi í námunda við þjóðveginn eða rómantískar lautir til að æja í og fá sér nesti.

Girnilegt nesti samanstandur af gómsætum samlokum sem bera hugmyndaflugi sælkerans fagurt vitni, huggulegu sætabrauði, súkkulaði, ávöxtum og heitum eða köldum drykkjum við hæfi.

Sjálf samlokugerðin býður upp á óendanlega möguleika í samsetningu

ingu áleggs og indælt er að bera óvæntar en gómsætur útfærslur á borð samferðafólksins.

Mikilvægt er að búa vel um nestið, bera það fram í fallegru kórðu, á sumarlegum bakka eða tréskurðarbretti og í gamaldags blikkstömpum ofan á dúk eða hlýlegt teppi.

Lostætar samlokur sem gleðja bæði munn og maga eru til dæmis gróft pítubrauð með salami, klettsalati, camembert-osti og mangómauki, ciabatta með pestói, túnfisksalati og sólpurrkuðum tómötum, baguette með hráskinku, gráðaosti, vínberjum og salatblaði, vefjur með



**LOSTÆTI** Það jafnast ekkert á við heimagert nesti.

beikoni, kjúklingi, guacamole og parmesan-osti eða langlokur með barbeque-nautakjöti, gljáðum rauðlauk og súrum gúrkum.

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T



# SUMARSPRENGJA



# 200%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU

VORUM AÐ FÁ NÝJAR VÖRUR

evans.

TOPSHOP

WAREHOUSE

KAREN MILLEN

DOROTHY PERKINS

Þú færð langmesta úrval meðgöngu- og brjóstgjafafatnaðar í Tvö Líf á frábæru verði!

Full búð af nýjum vörum,  
valdar vörur á  
**30% afslætti**

FRÍ PÓSTSENDING UM ALLT LAND

tvö lif

opið virka daga 11-18  
laugardaga 12-17

Holtasmári 1 • © 517 8500 www.tvolif.is  
/barnshafandi



**LEIÐSÖGUMENN** Ferðamálastólí Íslands á Bildshöfða útskrifaði þrjátíu leiðsögumenn nú í vor. Fjölbreytt og skemmtilegt nám, segir skólastjóri. MYND/FERÐAMÁLASKÓLI ÍSLANDS

# EFTIRSPURN EFTIR LEIÐSÖGUMÖNNUM

**FERÐAMÁLASKÓLI ÍSLANDS KYNNIR** Þrjátíu leiðsögumenn útskrifuðust frá Ferðamálastólí Íslands nú í vor. Mikil eftirspurn er eftir menntuðum leiðsögumönnum samhlíða vaxandi ferðamannastraumi til landsins.

Þeir nemendur sem skólinn útskrifar fara beint út á vinnumarkaðinn. Það er mikil eftirspurn eftir menntuðum leiðsögumönnum, sérstaklega leiðsögumönnum sem tala suðræn tungumál svo sem spænsku, frönsku, ítölsku og portúgölsku,“ útskýrir Friðjón Sæmundsson, skólastjóri Ferðamálastólí Íslands, Bildshöfða.

„Einnig eru Kína og Rússland ört stækkandi markaður og þeir leiðsögumenn sem við útskrifum með þau tungumál hafa líka nóg að gera.“

Námið við Ferðamálastólí Íslands tekur tvær annir og fer að stórum hluta fram með myndasýningum svo nemendur geta

fylgst með á lifandi hátt þegar ferðast er um landið.

Meðal helstu námsgreina eru leiðsögutækni, saga landsins, jarðfræði, jarðsaga, bókmenntir og listir, norðurljósin, menningartengd ferðabjónusta, skipulagðar ferðir og afþreyingarferðir. Í hverjum mánuði fer hópurinn í skipulagða vettvangsferð þar sem nemendur eru látnir spreyta sig við leiðsögn. Náminu lýkur með fimm daga hringferð um landið. Leiðbeinendur við skólann eru allir þau leiðsögumenn með mörg ár að baki við móttöku ferðamanna.

„Góður leiðsögumaður þarf að geta tjáð sig um gæði lands og þjóðar og það sem Ísland hefur

upp á að bjóða. Við leggjum mikla áherslu á að nemendur æfi sig í styttri ferðunum sem farnar eru á námstímabilinu,“ útskýrir Friðjón. „Norðurljósaferðirnar höfum við kennt í mörg ár en norðurljósin eru stór þáttur í íslensku ferðabjónustunni yfir vetrartímamann. Námið er bæði fjölbreytt og skemmtilegt og þar sem búast má við mikilli aukningu erlendra ferðamanna til landsins á komandi árum er vöntun á menntuðum leiðsögumönnum. Við erum þegar farin að skrá inn fyrir næsta haust,“ segir Friðjón.

Nánari upplýsingar um Ferðamálastólí Íslands er að finna á [www.menntun.is](http://www.menntun.is).



Við náum til fjöldans

Póstdreifing

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. Öruglega til þín.

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

## PINTEREST HJÁLPAR TIL

Samfélagsmiðillinn Pinterest er ótrúlega skemmtilegt tól þegar skipuleggja þarf ferðalög, hvort sem um er að ræða ferðalagið fram undan eða draumaferðina sem farin verður síðar. Um margra ára skeið hafa ferðalangar notað ferðabæklinga og hefðbundnar vefsíður til að kynna sér framboð áfangastaða og hvað er í boði á hverjum stað.

Nú geta notendur Pinterest stofnað sérstaka möppu fyrir áfangastaðinn eða ferðalagið og safnað saman myndum í möppuna. Það er mun þægilegri og skemmtilegri kostur en að klippa út greinar úr bæklingum eða reyna að halda utan um margar vefslóðir og Instagram-myndasíður. Það er lítið mál að búa til nokkrar möppur fyrir ferðalagið.

Ef stefnt er til Ítalíu í sumar má til dæmis stofna sér möppu utan um áfangastaðinn, aðra um veitingastaði, enn aðra um söfn og skemmtigarða, auðvitað þarf eina möppu fyrir verslanir á staðnum og svo mætti lengi telja. Í hverja möppu eru síðan



Ayers Rock í Ástralíu, eitt helsta náttúruundur veraldar, skiptir litum yfir daginn.

myndir „pinnaðar“ og annað efni við hæfi.

Einnig er hægt að fylgja eftir öðrum ferðalöngum og „pinna“ myndir þeirra og svo býður Pinterest upp á góða leitarvél. Þar má finna fjölda mynda en á bak við flestar þeirra er slóð á viðkomandi vefsíðu með frekari fróðleik um myndefnið.



# RISA LAGERSALA



Ótrúlegt úrval af vönduðum fatnaði  
frá Þýskalandi og Danmörku í stærðum 34-52



Fatnaður úr verslununum

**TUZZI** og *hjá Grafhildi*  
KRINGLUNNI

Erum í kjallaranum undir versluninni, gengið inn baka til. Hlökkum til að sjá ykkur!

*hjá Grafhildi*

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- [www.hjahrafnhildi.is](http://www.hjahrafnhildi.is)

 Vertu vinur okkar á Facebook





**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**

Ertu að kaupa nýjan bíl hjá bílaumboði og þarft að selja gamla bílinn? Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar á www.seldur.is og við sendum þér tilboð.

**250-499 þús.**



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 390ÞÚS, STGR.**

Peugeot 307 árg. 01 ek. 162þús km. bsk, skoðaður. 5d. ný heilsársdekk. mjög eyðslugrannur. ásett verð 690þús. Tilboðsverð aðeins 390þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696

**500-999 þús.**



**VIRKILEGA SPARNEYTINN**

VW Polo 1.2 árg. 05. ek aðeins 141þús km. bsk. Sdyra. tímakedja. lýtur mjög vel út. ný skoðaður og í góðu ástandi. ásett 750þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**MJÖG GOTT EINTAK !**

Renault Megane station 1.6 árg. 04. ekin 170þús. ný skoðaður 2015. dráttarkrókur. samlæsingar. eyðsla ca 7L/100km. Góður bíll. ásett verð 890þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. S 659-9696

**Bílar óskast**

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**Sendibílar**



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

**Fjór hjól**



Polaris Sportsman 800 Touring ,08. Eitt m/ öllum aukabúnaði, einn eigandi lítur út sem nýtt. Ekið 5100km, götuskráð. Verð 1750 en fæst m/ góðum stgr afslætti. Uppl í síma 896-2899

**Fellihýsi**

Notaðir ferðavagnar á www.vikurverk.is



**Viðgerðir**

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

**Bátar**

MARÁS  
**TOHATSU**  
UTANBORÐSMÓTORAR

JAPÓNISK GÆÐI!

Léttir Fyrirferballitir Hjóðlátir Kraftmiklir Sparneytnir 2,5-140 hö

Míðhraun 13 - 210 Garðabær Sími: 555 6444 - www.maras.is

**Bílaþjónusta**

**B.S.VERKTAKAR**

Malbiksviðgerðir - málnun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

**BendPak**

Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílalyftur.

Stál og Stansar ehf.  
VAGNHÖFEDI 7 • SÍMI 517 5000  
stalgstansar@stalgstansar.is

**Varahlutir**

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

**EIGUM VARAHLUTI Í PESSA KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**

Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi, Opel, Hyundai Accent-Trajat, Dodge Caravan, Peugeot, Kia, Renault, Volvo S40-S70, Mazda 323. Bílar&Partar 421-7979 bílarogpartar.is

**ÞJÓNUSTA**

**Pípulagnir**

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**

Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**Hreingerningar**

Hreingerningabjónusta  
**Þvegillinn**  
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**Garðyrkja**

Garðabjónusta  
**Íslands ehf**  
www.garda.is

Vönduð vinnubrögð  
Róbert S. 866 9767

**ÚÐI**

Garðaúðun fyrir maðki og lús

Brandur Gíslason  
Skrúðgarðyrkjumeistari  
S: 571-2000

**SCAN domestic**

**VERSLUNARTÆKNI**

**Kæli- og frystitækni**

**Frystar**  
SD 155 Stærð (hxbxd) 922x564x695mm Kæling -12/-24°C **79.000,-vsk**  
SD 305 Stærð (hxbxd) 905x950x695mm Kæling -12/-22°C **99.000,-vsk**  
SD 400 Stærð (hxbxd) 905x1225x650mm Kæling -12/-24°C **119.000,-vsk**

**Frystir**  
KF 870 H: 2110 B: 660 D: 1663 Kæling -12/-22°C - 8 hillur - Læsing **249.000,-vsk**  
KK 420 B: 615 D: 590 H: 1945 - 350 Linnanmál - Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing **109.000,-vsk**  
SD 415 B: 606 D: 575 H: 1980 - 360 Linnanmál - Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing **99.000,-vsk**  
SD 1000 og SD 800 Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing **219.000,-vsk**

**Kæli- og frystitækni**

**Kælar**  
XS 600 Stærð (hxbxd) 840x1480x760mm Kæling -12/-24°C **149.000,-vsk**  
RTW 100 Kæling +2/+12°C - Innbyggð lýsing - Stærð b: 682 d: 450 h: 675 **89.000,-vsk**  
RTW 160 Kæling +2/+12°C - Innbyggð lýsing - Stærð b: 874 d: 568 h: 686 **109.000,-vsk**  
SC 139 St. (hxbxd) 865 x 555 x 520 mm Kæling +2/ +10°C **79.000,-vsk**  
SC 209 St. (hxbxd) 865 x 865 x 520mm Kæling +2/ +10°C **99.000,-vsk**  
SC 309 St. (hxbxd) 865x1350x520mm Kæling +2/ +10°C **119.000,-vsk**  
SC 80 St. (hxbxd) 940x460x460mm Kæling +2/ +10°C **79.000,-vsk**  
DKS 121 St. (hxbxd) 850x500x510mm Kæling +2/ +10°C **49.000,-vsk**  
DKS 61 St. (hxbxd) 510x480x470mm Kæling +2/ +10°C **39.000,-vsk**

**Vinkælar**  
OFK 220 HxBxD. 1750x495x600 Kæling 2/12°C **199.000,-vsk**  
RT 78 St (hxbxd) 960x425x380mm Kæling +2/+12°C **59.000,-vsk**  
RTC 235 St (hxbxd) 1695x515x485mm Kæling +2/+12°C **115.000,-vsk**  
RTC 285 St (hxbxd) 1895x515x485mm Kæling +2/+12°C **149.000,-vsk**

**Frystar**  
IM 110 St. hxbxd: 950x750x550. Á hjólum LED ljós **119.000,-vsk**  
WM 90 St. hxbxd: 1000x 690x453 LED ljós **109.000,-vsk**  
TK 85 Stærð þvermál 560. Hæð 840 mm - Kæling +2/+12°C **39.000,-vsk**  
VK 148 - Stærð (hxbxd) 850x595x580mm LED ljós. Hurð ryðfritt stál **89.000,-vsk**  
VK 278 - St. (hxbxd) 1200x595x680 mm LED ljós. Hurð ryðfritt stál **139.000,-vsk**  
VK 438 - St. (hxbxd) 1700x595x680. Hurð ryðfritt stál. LED ljós **168.000,-vsk**

**Kælar**  
OTF 100 bara kælar **159.000,-vsk**  
OTF 90 kælar + frystir **179.000,-vsk**  
KK 611 hxbxd: 1897x750x785 Kæling -18/-22°C **189.000,-vsk**  
KK 501 hxbxd: 1820x590x643 Kæling 1-8°C **169.000,-vsk**  
hxbxd: 1085x740x720 mm Kæling +7/-20°C **179.000,-vsk**

**Frystar**  
SD 92 Stærð (hxbxd) 855x595x520mm Kæling -9/-24°C **89.000,-vsk**  
SD 76 Stærð (hxbxd) 675x595x520mm Kæling -9/-24°C **79.000,-vsk**  
SD 46 Stærð (hxbxd) 500x570x510mm Kæling -9/-20°C **59.000,-vsk**

**VERSLUNARTÆKNI**  
Drögátsli 4 - 110 Reykjavík  
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Pöntunarsími: 535 1300



TAKTIV-4171 (6x20 mai 14)





► ráð fyrir 100 milljarða veltu á þessu ári.

#### Rekur lestarkerfi í Evrópu

Í tilkynningunni kemur einnig fram að félagið rekur skrifstofur í 24 löndum í fimm heimsálfum. Gámaflotinn telur um 19 þúsund gáma og um 700 þúsund gámaeiningar eru fluttar með skipum, lestum, bílum og fljótaprömmum á hverju ári. Flutningsmagnið hefur aukist ár frá ári og félagið rekur sem dæmi umfangsmikið lestarkerfi í Evrópu. Starfsmenn eru um 1.400 talsins.

„Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað á síðustu áratugum með atvinnulífni og reynslan af því að þjónusta kröfuharða viðskiptavinum hér á landi er grunnurinn að þeirri velgengni sem fyrirtækið hefur áunnið sér,“ segir Pálmar.

„Það er hlutverk okkar að sjá til þess að viðskiptavinir komi sínum vörum og aðföngum á milli staða á áreiðanlegan og hagkvæman hátt. Við sinnum þessu hlutverki okkar best með því að hlusta á viðskiptavinum og skilja þau viðfangsefni sem þeir eru að fást við. Með því að bjóða áreiðanlegar og hagkvæmar lausnir sem henta þeim þörfum sköpunar við verðmæti fyrir okkar viðskiptavinum.“

#### Var staðgengill forstjóra

Pálmar starfaði eins og áður segir í þrettán ár hjá Samskipum. Árið 2011 var hann ráðinn framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs Landsvirkjunar. Þar hefur hann borið ábyrgð á öllum virkjanaframkvæmdum á vegum fyrirtækisins, frá því ákvörðun um fjárfestingu í virkjun er tekin þangað til hún er tilbúin til afhendingar.

„Þegar ég var hér hjá Samskipum var ég í nokkrum framkvæmdastjórastöðum og tók þá þátt í uppbyggingu félagsins erlendis og starfaði meðal annars um tíma sem staðgengill forstjóra



„Ég hef auðvitað fylgst vel með á hliðarlínunni eftir að ég fór enda er þetta skemmtilegur vettvangur.“

Samskipa á Íslandi,“ segir Pálmar. Hann starfaði einnig hjá keppinautum Eimskip frá 1994 til 1996.

Pálmar er menntaður í vélaverkfræði, lauk meistaraáráðu í námsgreininni við Universitæt Karlsruhe í Þýskalandi og er einnig með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands. Hann er giftur Hildi Karlsdóttur grunnskólakennara. Þau eiga þrjú börn og tvö barnabörn.

„Mér finnst rosalega skemmtilegt að vera að koma inn í Samskip aftur. Maður þekkir hversu góður starfsandinn í fyrirtækinu er og hversu samheldinn hópurinn er. Hér er fólk sem er tilbúið til að leggja allt á sig til þess að ná árangri og býr yfir mikilli þekkingu og reynslu í þessum bransa. Ég hef auðvitað fylgst vel með á hliðarlínunni eftir að ég fór enda er þetta skemmtilegur vettvangur.“

# Horfa til Austur-Evrópu

Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskip Holding BV og aðaleigandi samstæðunnar, segir skipulagsbreytingarnar lið í að búa félagið undir frekari sókn og uppbyggingu á erlendum mörkuðum. Stjórnendur samstæðunnar horfi meðal annars til Austur-Evrópu í þeim efnum.

„Við ætlum okkur að vaxa meira inn í þann hluta Evrópu og þar eru gömlu ráðstjórnarríkin og Rússland stærst. Við munum fara meira inn á þessi lönd, meðal annars frá Tyrklandi þar sem við erum að taka í notkun nýja flutningaleið, og erum nú þegar kominn með umtalsverða lestarflutninga út frá Póllandi,“ segir Ólafur. Hann bætir við að stjórnendur samstæðunnar ætli að sækja hægt og rólega inn á þessa markaði.

„Við biðum með Rússland því ástandið þar hefur verið svolítið brothætt. Þar munum við annaðhvort styrkja eigin siglingar eða fara í samstarf við önnur flutningafyrirtæki. Það er ekki einfalt að koma upp mjög samkeppnishæfu og góðu kerfi en við erum staðráðin í að gera það en það mun taka nokkur ár.“

Ólafur segir félagið einnig horfa til Spánar og Portúgals. Miklar væntingar hafi verið gerðar til frekari uppbyggingar Samskipa í löndunum tveimur en afleiðingar efnahagskreppunnar hafi sett strik í reikninginn.

„Við höfum beðið með það en erum enn með teikningarnar á borðinu. Við erum að meta ástandið og þá hvenær rétt sé að fara í að gera eitthvað.“

#### Starfsemin hér 23% af veltunni

Um 23 prósent af veltu Samskipa Holding BV, sem skráð er í Hol-

landi, má rekja til starfseminnar hér á landi. Árið 2005 varð erlend starfsemi Samskipa í fyrsta sinn meiri en sú innlenda og þá þróun má meðal annars rekja til kaupa á erlendum flutningafyrirtækjum.

„Fyrst vorum við í bölvuðum vandræðum með að samþætta þetta en við vorum komin á gott



ÓLAFUR ÓLAFSSON

ról árið 2007. Svo fengum við gríðarlegan samdrátt á öllum okkar flutningaleiðum í kjölfar efnahagskreppunnar í Evrópu og þurftum að bregðast markvisst við því og það hefur allt tekist. Þá lögðum við alla áherslu á að passa upp á reksturinn á Íslandi og flutningakerfi okkar um allan heim. Það hefur tekist mjög vel og núna höfum við tekið allt sem tengist flutningum með skipum, lestum og bílum og alla gáma, og sett í eitt svið og það heitir nú Samskip,“ segir Ólafur.

Hann útskýrir hvernig Samskip Logistics byggir á þjónustu við viðskiptavinum þar sem starfsmenn yfir tuttugu skrifstofa, í fimm heimsálfum, skipuleggja flutninga með því að nota að mestu flutningakerfi annarra fyrirtækja.

„Þetta er svið sem við ætluðum alltaf að byggja upp en drögum úr á meðan við vorum að fást við önnur verkefni.“

Ólafur segir áætlun félagsins um aukna veltu, úr 88 milljörðum króna á síðasta ári í 100 milljónir á þessu, byggja á því að félagið hafi á undanförunum árum séð vöxt upp á sjö til átta prósent á öllum meginflutningaleiðum.

„Við erum núna að gera ráð fyrir umtalsverðum vexti út af meðal

annars Tyrklandi. Við gerum ráð fyrir þó nokkurri tekjuaukningu þar og hitt er áframhaldandi vöxtur á öllum okkar leiðum. Það verður bæði gert með því að kaupa minni fyrirtæki og ráða nýja starfsmenn inn á okkar skrifstofur,“ segir Ólafur.

#### Keypt fimm skip síðustu tvö ár

Spurður hvar Samskip standi í samanburði við alþjóðlega flutningaríska eins og Maersk segir Ólafur að þar sé verið að bera saman tvö ólík fyrirtæki sem starfi á ólíkum sviðum.

„Flutningar í Evrópu eru margþættir. Í fyrsta lagi eru stór skipafélög sem fara frá Asíu til Evrópu, Asíu til Ameríku, Ameríku til Evrópu og svo framvegis. Þar eru Maersk og MSC langstærst en við erum ekkert í þannig flutningum. Síðan ertu með önnur félög í Evrópu sem taka úr þessum stóru skipum og fara með gámana inn á minni hafnir og við erum mjög lítið í því. Svo er „door-to-door shipping“, þar sem þú flytur til dæmis bjór frá Heineken-verksmiðju í Hollandi til Bretlands, eða húsgögn fyrir IKEA frá Póllandi til Frakklands. Við erum í þessum flutningum og þar erum við stærstir.“

Samskip seldu að sögn Ólafs öll sín skip fyrir tuttugu árum og félagið hafði þá stefnu að nota eingöngu leiguskip.

„Það var gert vegna þess að það var nóg framboð af þeim hjá þýskum eigendum. Eftir fjármálakreppuna hríðfelli skipin hins vegar í verði og fóru langt undir smíðakostnað. Við gátum því ekki annað en nýtt okkur það tækifæri og höfum keypt fimm skip síðustu tvö árin.“

## Sendibíll ársins 2014.

> Hvað réð úrslitum?

Var það framúrskarandi vinnuumhverfið og sveigjanlega flutningsrýmið? Lága eyðslan? Eða ríkulegur staðalbúnaður, eins og til dæmis Bluetooth, olíumiðstöð og brekkuaðstoð? Mögulega spilaði hátt endursöluverð og lág bilanatíðni líka inn í. Nýr Ford Transit Connect er harðgerður og vinnusamur. Komdu og prófaðu sendibíl ársins.

**FORD TRANSIT CONNECT**

MEÐ BENSÍNIVÉL  
FRÁ **2.382.470** KR. ÁN VSK

MEÐ DÍSILVÉL  
FRÁ **2.589.641** KR. ÁN VSK

FÁANLEGUR Í TVEIMUR LENGÐUM. FÆR FRITT Í STÆÐI.



ford.is



Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16. Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 129 g/km. Verð með bensínivél frá 2.990.000 m/vsk. Ford Transit Connect, 1,6TDCI dísil 75 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.250.000 m/vsk. Transit Connect með 1,6TDCI dísilvél og Start-Stop spartækni uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðbæ Reykjavíkur í 90 mínútur í senn. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR Viðbrögð á TripAdvisor hreyfðu við eigendum Gló

Sólveig Eiríksdóttir, oft nefnd Solla á Grænum kosti eða Solla á Gló, hefur óvenjulegan bakgrunn því hún er lærður kennari og textílhönnuður sem hellti sér út í veitingabransann af krafti árið 1994. Solla var valin besti hráfæðiskokkur í heimi árin 2011 og 2012 og núna eru þrjár veitingastaðir reknir undir merki Gló. Í lok apríl var tilkynnt um að Birgir Þór Bieltvedt athafnamaður og eiginkona hans hefðu keypt helmingshlut í Gló en þess var getið að Gló ætti möguleika á alþjóðlegum vexti vegna sérkenna sinna. Þá njóta vörur undir merkinu Himneskt mikilla vinsælda. Solla er gestur okkar í nýjasta Klinkinu.

klinkið

Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@365.is

Viðtalið við Sólveig Eiríksdóttir er hægt að sjá í þættinum Klinkinu á [www.visir.is](http://www.visir.is).

### Birgir Þór Bieltvedt hefur séð tækifæri í alþjóðlegum vexti Gló?

„Það sem okkur líkaði við hann er að hann er erlendis. Ég held að hann sé að setja upp Domino's í Noregi. Þar sem hann fer, eftir að hafa haft áhuga á þessum mat og verið fastagæstur hjá okkur á Íslandi, þá sér hann tækifæri á þeim vettvangi þar sem hann er að setja upp aðra staði.“

### Velta Himneskt ehf. í ársreikningum fyrirtækisins endurspeglar engan veginn framboðið af þessum vörum í búðum Haga.

„Himneskt er bara mitt fyrirtæki. Ég fæ bara ákveðna upphæð á mánuði við vinnu mína í vörumerkinu. Ég þarf að velja vörurnar.“

### Það hefur verið nefnt að Gló eigi möguleika á alþjóðlegum vexti. Er Gló að fara í útrás?

„Þetta eru Evrópa og Bandaríkin. Ég fer til Kaliforníu nokkrum sinnum á ári og það er svo merkilegt, eins og það er mikið af góðum stöðum þar, þá er Gló og sú hugmyndfræði sem staðurinn byggist á ekki mikið til staðar, aðeins svipað. (...) Eftir að við opnuðum Gló á Laugavegi byrjuðum við að fá svo ofboðslega flottar umsagnir á TripAdvisor. Síðan fáum við mjög mikið af tölvupósti þar sem við erum beðin um að opna Gló hér og þar.“

### Hversu mikils virði er Himneskt vörumerkið, sem almenningur tengir við þig?

„Í ofboðslega mikilli einlægni, ég hef passað mig að vera eins hrein og heiðarleg og mögulegt er. Ég er með mína hugsjón og ég reyni að vera henni eins trú og ég get. Ég lífi þennan lífsstíl. Ég get sagt, þetta er mín reynsla.“

**VIÐ FÁUM MIKLA SVÖRUM FRÁ VIÐSKIPTAVINUM. EINS OG PEGAR BIRGIR ÞÓR BIELTVEDT BANKAÐI Á DYRNAR.**

# Spenntur fyrir golfsumrinu mikla

Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls, lærði meðal annars heimspeki og vann sem ritstjórnarfulltrúi á Morgunblaðinu. Hann er með þrjár til fjórar bækur í smíðum og hlakkar til þriggja vikna ferðalags með fjölskyldunni.

SVIPMYND  
HARALDUR GUÐMUNDSSON  
haraldur@frettabladid.is

„Það sem er á borðinu hjá mér núna er að fylgja eftir þessari viljayfirlýsingu um stofnun rannsóknarseturs í áli og efnisvísindum sem skrifað var undir á ársfundi Samáls fyrir stuttu síðan af iðnaðarráðherra og fulltrúum Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöðvar og Samáls,“ segir Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls (Samtaka álframleiðenda).

Pétur var ráðinn framkvæmdastjóri samtakanna í júlí í fyrra. Hann hafði þá gegnt starfi ritstjórnarfulltrúa á Morgunblaðinu frá 2006 og stýrt menningardeild blaðsins, auk þess að ritstýra Sunnudagsmogganum. Pétur byrjaði í blaðamennsku 1994 og vann við fagið til ársins 2000 þegar hann kláraði BA-nám í heimspeki í Háskóla Íslands. Þá hafði hann farið í skiptinám til Berlínar og

lokið áföngum í þremur stærstu háskólum borgarinnar.

„Þegar ég kom heim hóf ég störf á auglýsingastofunni Gott fólk þar sem ég stýrði almanna-tengsladeild fyrirtækisins í tvö ár. Eftir það fór ég aftur á Moggann og kláraði MBA-nám við Háskólann í Reykjavík samhliða því,“ segir Pétur.

Hann starfaði sem forstöðumaður fjárfestatengsla og kynningarmála hjá Íslandsbanka frá 2004-2005.

„Ég hætti þar til að klára Sköpunarsögur, viðtalsbók við rithöfunda um sköpunarferlið og eftir það lá leiðin aftur á Moggann.“

Pétur er einnig stjórnarformaður Stofnunar um fjármálalæsi og í stjórn Forlagsins. Hann segist vera með ólæknandi bakteríu sem lýsi sér þannig að hann þurfi að skrifa um allt sem hendir hann í lífinu.

„Þannig að ég er með þrjár til fjórar bækur sem ég sinni í hjáverkum. Eitthvað er á vísnaviði, ein er um ferðalög og svo er eitthvað um þjóðmál. Þannig að þetta

eru ólíkar bækur sem ég er að skrifa,“ segir Pétur.

Hann er giftur Önnu Sigríði Arnardóttur lögfræðingi. Þau eiga tvö börn, Ólöfu Krístrúnu, 12 ára, og Örn Óskar, sem er nýu ára.

„Ég reyni að verja miklum tíma með fjölskyldunni og um leið að vera duglegur að hreyfa mig. Krakkarnir voru að komast inn í Nesklúbbinn í golfi og ég og Anna Sigga erum sömuleiðis í klúbbnum. Svo voru tengdaforeldrarir að komast inn líka þannig að ef þetta verður ekki golfsumarið mikla þá held ég að ég selji kylfurnar mínar.“

Pétur fer á hverju ári í um þriggja vikna ferðalag með fjölskyldunni um landið og hann er augljóslega spenntur fyrir fríinu.

„Ég hlakka mikið til þess augnabliks þegar við keyrum út úr bænum um miðjan júlí og snúum ekki aftur í flóttamannabúðirnar í Reykjavík fyrr en í byrjun ágúst. Þetta er sá tími þegar maður hleður batteríin fyrir skammdegið og álagið sem fylgir íslenskum vetri.“



STYRIR SAMÁLI Pétur tók við sem framkvæmdastjóri samtakanna af Þorsteini Víglundssyni, núverandi framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins. FRÉTTABLAÐID/GVA

**Nilfisk ALTO**  
works for you

**C130.1-6 X-tra háþrýstidæla**  
Fyrir þá sem vilja góða háþrýstidælu.  
Vnr. 128470251

**E140.3-9 X-tra háþrýstidæla**  
Óflug dæla fyrir þá kröfuhörðu. A húsið, bíllinn og stéttina.  
Vnr. 128470505

**P150.2-10 X-tra háþrýstidæla**  
Þessi er kraftmikil og hentar fyrir minni fyrirtæki, bændur, stóra bíla, vinnuvélar o.s.f.  
Vnr. 128470132

**Buddy 15**  
Líti og nett ryk- og vatnssuga  
Vnr. 302002316

**Poseidon 3-40 háþrýstidæla**  
Álkastamikill 3ja fasa háþrýstidæla. Þrýstingur 170 bár. Vatnsmagn allt að 830 l/klst  
Vnr. 301002221

**Attix 30-01**  
Óflug ryk- og vatnssuga sem hentar vel í erlið verkefni.  
Vnr. 02003405

**Háþrýstidælar, ryk- og vatnssugur á sumartilboði**

**Tilboð frá 11.988 kr.**

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

### Markaskorari og stórskáld



„Pétur er stórkostlegur! Alltaf í góðu skapi, stórskáld, einstakur vinur og gott að leita til hans. Þó er ómögulegt að vera farþegi með honum í bíl, þar sem hann veit aldrei hvaðan hann kemur eða hvert hann er að fara. En á sama tíma er Pétur samt ótrúlega næmur á umhverfi sitt og tekst á einhvern stórunarlegan hátt að vera alltaf réttur maður á réttum stað á réttum tíma. Það er einstaklega falleg lógík og mennsk í hinni litríku óreiðu í kringum Pétur. Eitt það allra besta við Pétur er samt hversu vel giftur hann er.“

**Breki Karlsson**, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi.



„Við Pétur hittumst fyrst sumarið þegar við vorum bæði sjö ára og hann flutti í húsið mitt frá Akureyri. Urðum strax bestu vinir og lékum okkur saman alla daga næstu ár. Þá var ég betri en hann í fótbolta en nú malar hann mig, enda mikill markaskorari með Gróttu Old Boys. Pétur spilar nýja sóknartaktík fyrir Samál með myndun álklassans sem hefur tekist stórvel. Hann er flottur fagmaður í öllu sem hann snertir og næmur fyrir öllu athafnalífi í landinu, jafnt iðnaði sem ljóðlist. Ótrúlega gaman að vera nú aftur saman í húsi. Pétur er bara frábær.“

**Kristrún Heimisdóttir**, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

# SNJALLSÍMAR

KAZAM - HTC - LG



KAZAM



Einfaldir og ódýrir snjallsímar sem allir taka 2 símakort, eru með Dual Core eða Quad Core örgjörvum og fást með 3,5"-5,5" skjá.

htc

Fyrir þá sem vilja aðeins það besta. Nýji HTC One M8 er kominn. Hágæða myndavél. Mögnuð rafhlöðuending. Frábær skjár. Ótrúlegur vinnsluhraði. Lofaður af fagtímaritum.



LG



LG er einn stærsti farsímaframleiðandi heims og samhlíða að bjóða sjónvörp með bognum OLED skjá þá má einnig fá boginn OLED skjá í flaggskipinu þeirra G Flex.

**15% KYNNINGARAFSLÁTTUR**  
AF ÖLLUM FARSÍMUM TIL 6. JÚNÍ

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)





Í NAUTHÓLSVÍK Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, segir bæði nemendur og starfsmenn skólans hafa átt þátt í stofnun „spin-off“-fyrirtækjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HR á hlut í 6 íslenskum „spin-off“ fyrirtækjum

*Sex svokölluð „spin-off“-fyrirtæki hafa orðið til innan veggja Háskólans í Reykjavík á síðustu árum. Skólinn á eignarhlut í fyrirtækjunum og sum eru enn með einhverja starfsemi innan hans.*

### NÝSKÖPUN

HARALDUR GUÐMUNDSSON | HARALDDUR@FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Háskólinn í Reykjavík á eignarhlut í sex svokölluðum „spin-off“-fyrirtækjum sem hafa orðið til innan veggja skólans og með verulegu framlagi hans á síðustu árum.

Fyrirtækin sem um ræðir eru: Videntifier Technologies, Skema, ReKode Education, FiRe, 3Z Pharmaceuticals og Línudans. Skema og 3Z eru í dag með hluta af starfsemi sinni innan HR.

„Orðið spin-off er notað þegar þekking verður til innan háskóla og hann hefur lagt verulega til þess að gera þekkinguna mögulega ásamt uppfinningamönnum sem yfirleitt eru starfsmenn skólans eða nem-

endur,“ segir Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, og heldur áfram:

„Þegar þessi verkefni koma út úr þessu umhverfi eru þau orðin að fyrirtækjum. Þetta er vel þekkt um allan heim en sérstaklega í Bandaríkjunum.“

Þessi spin-off-fyrirtæki eru að sögn Ara eingöngu lítil hluti af þeim fjölda fyrirtækja sem verða til innan skólans. Hann segir að könnun sem hafi verið gerð meðal útskrifaðra nemenda árið 2010 hafi sýnt að rúmlega 16 prósent nemenda hafi annaðhvort stofnað fyrirtæki á meðan á námi stóð, eftir að því lauk eða hvort tveggja.

„Fyrir hvert spin-off hjá okkur eru fjölmörg fyrirtæki sem verða til hjá nemendum og starfsmönnum upp úr þeim verkefnum sem verið

er að vinna hérna án þess að skólinn sé endilega með verulega aðkomu. Þetta eru allt hlutir sem við ætlum að halda áfram að efla og styðja við.“

Ari segir skólann hafa lagt mikla áherslu á að kenna nemendum nýsköpun þar sem markmiðið sé að búa til fólk sem geti skapað sín eigin tækifæri og ný verðmæti.

„Við gerum það með fjölda námskeiða. Sum eru beint miðuð að því að kenna nýsköpun, önnur eru eins og stærri verkleg námskeið þar sem nemendurnir beita nýsköpun til að leysa raunveruleg viðfangsefni og gera nýja hluti. Þannig að þegar fólk kemur með hugmyndir, hvort sem það eru starfsmenn eða nemendur, þá reynum við að beina þeim í réttar áttir.“

## Um gerð samninga án útboðs

### ÚTBOÐSMÁL

SIGURÐUR SNÆDAL JÚLIÚSSON  
hæstaréttarlögmaður



Að undanförunu hefur nokkuð verið fjallað um það á síðum Fréttablaðsins að sveitarfélagið Garðabær hafi gert samninga um kaup á vörum og þjónustu án útboðs. Var látið liggja að því að með þessu hefðu innkaupareglur Garðabæjar og lög um opinber innkaup verið brotin. Þá kom fram að ekkert virkt eftirlit væri með því hvort sveitarfélög færu að lögum við innkaup sín auk þess sem haft var eftir forstjóra Samkeppniseftirlitsins að hann teldi skipulag útboðsmála hér á landi ekki nægilega skýrt og eðlilegra væri að Samkeppniseftirlitið hefði einhverja eftirlitsskyldu og skýrt lagavald til þess að fylgjast með útboðum hins opinbera.

### Eftirlit er í höndum fyrirtækja

Vegna þessa er ástæða til að vekja athygli á því að á Íslandi er eftirlit með því að opinberir aðilar fari að lögum sem um útboð gilda aðallega í höndum fyrirtækja sem starfa á útboðsmarkaði. Verði þessi fyrirtæki vor við að opinberir aðilar brjóti lög við framkvæmd útboða eða geri samninga, sem skylt er að bjóða út samkvæmt lögum, án útboðs, eru þeim tryggð ákveðin úrræði í lögum um opinber innkaup. Samkvæmt þeim geta fyrirtæki skotið málum sínum til kæruneftirlits útboðsmála, en kæruneftirlit þessi er sjálfstæð í störfum sínum og því óháð hinu opinbera. Er henni ætlað að leysa með skjótum og óhlutdrægum hætti úr kærnum fyrirtækja vegna ætlaðra brota á lögum um opinber innkaup og reglum settum samkvæmt þeim. Getur nefndin meðal annars fellt úr gildi ákvarðanir opinberra aðila eða hún getur lagt fyrir þá

Verði fyrirtæki á útboðsmarkaði vor við að slíkur samningur hafi verið gerður geta þau kært gerð samningsins til kæruneftirlits og getur nefndin lýst slíkan samning óvirkan.

að bjóða út tiltekin innkaup eða auglýsa að nýju, telji hún lög hafa verið brotin.

### Ný úrræði vegna samninga sem gerðir eru án útboðs

Hinn 1. september 2013 tóku síðan gildi breytingar á lögum þar sem nefndinni voru tryggð ný úrræði til að taka á brotum sem felast í því að opinberir aðilar geri samninga, sem skylt er að bjóða út, án útboðs. Verði fyrirtæki á útboðsmarkaði vor við að slíkur samningur hafi verið gerður geta þau kært gerð samningsins til kæruneftirlits og getur nefndin lýst slíkan samning óvirkan. Í því felst að samningurinn fellur í raun úr gildi og hinn opinberi aðili verður að bjóða samninginn út. Þá getur nefndin einnig stýtt gildistíma samnings og gert hinum brotlega opinbera aðila að greiða stjórnvaldssekt í ríkissjóð, sem getur numið allt að 10% af ætluðu virði samnings. Þá kann að vera að hinn opinberi aðili þurfi að greiða viðsemjanda sínum, þ.e. þeim aðila sem hann samdi upphaflega við áður en samningur var lýstur óvirkur, skaðabætur, en á þetta álitamál hefur reyndar ekki reynt enn fyrir íslenskum dómstólum. Því eru nú mjög alvarleg viðurlög við því að opinberir aðilar geri samning, sem lög áskilja að boðinn skuli út, án útboðs.

Ljóst er hins vegar að til þess að eftirlitsskerfi sem þetta virki þurfa þátttakendur á útboðsmarkaði að vera meðvitaðir um eftirlitshlutverk sitt og þau úrræði sem standa þeim til boða verði þeir varir við brot. Mikilvægt er því að þátttakendur hafi augun hjá sér og kanni um leið og þeir verða þess varir að samningur hafi verið gerður án útboðs hvort skylt hafi verið að bjóða umræddan samning út og hvort ástæða sé til að bera gerð samningsins undir kæruneftirlit útboðsmála. Án þessarar aðgæslu fyrirtækja á útboðsmarkaði kunna opinberir aðilar að komast upp með að gera samninga án útboðs í trássi við lög. Er því full ástæða til að vekja athygli á þessu eftirlitshlutverki fyrirtækja á útboðsmarkaði og þeim úrræðum sem þeim standa til boða.


Rétt er að geta þess að lokum að með grein þessari er ekki tekin nokkur afstaða til þess hvort sveitarfélagið Garðabær hafi brotið lög við innkaup sín.

## Byggingarréttur til sölu

# Tryggvagata 13 - lóð



Hugmyndasamkeppni verður um útlit hússins.



Reykjavíkurborg leitar eftir kaupþilboðum á byggingarrétti fyrir atvinnuhúsnæði og íbúðarhús við Tryggvagötu 13, á milli Grófarhúss og Hafnarhúls.

Á lóðinni, sem er um 842 m<sup>2</sup> að stærð, er heimilt samkvæmt deiliskipulagi að reisa 6 hæða hús allt að 5.240 m<sup>2</sup> fyrir íbúðir, þjónustu, skrifstofur eða annan atvinnurekstur.

Tilboðum skal skilað á sérstöku tilboðsblaði fyrir kl. 16.00 miðvikudaginn 25. júní 2014 í þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu innkaupadeildar, Borgartúni 12-14, kl. 10.00 þann 26. júní 2014.

Útboðs- og úthlutunarskilmálar, tilboðsblað og nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/lodir-tryggvagata13](http://www.reykjavik.is/lodir-tryggvagata13)

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T

# Við óskum öllum okkar viðskiptavinum gleðilegs sumars

Starfsfólk ISS Ísland.



Við hjá ISS erum komin í sumarþap. Við minnum á að nú fer í garð tími þar sem starfsfólk fer í sumarleyfi og þá er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Hreingerningar
- Gluggþvott
- Parket hreinsun
- Steinteppaprif
- Bónvinnu

Það er gott að koma í vinnuna eftir frí og allt ilmar af hreinlæti.

Sendið okkur línu á [sala@iss.is](mailto:sala@iss.is) eða hringið til okkar í síma 5800 600 og við bregðumst við af fagmennsku.

A WORLD OF SERVICE 



## Nýherji selur tækjaleigu

Gengið hefur verið frá sölu á starfsemi Tækjaleigu Nýherja til Sonik Tækni ehf. Sonik mun taka yfir reksturinn þann 15. júní næstkomandi.  
„Salan á Tækjaleigunni til Sonik Tækni er í takt við nýjar áherslur Nýherja, sem er að efla þjónustu- og lausnaframboð í upplýsingatækni fyrir íslensk fyrirtæki,“ sagði Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja, í fréttatilkynningu um sölu.

## 12,1 MILLJARÐUR Tölur Sí um viðskiptajöfnuð

Viðskiptajöfnuður mældist óhagstæður um 12,1 milljarð króna á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 11,2 milljarða hagstæðan jöfnuð fjórðunginn á undan. Afgangur á vöruskiptum við útlönd nam 9,3 milljörðum en þjónustujöfnuður var jákvæður um 800 milljónir, samkvæmt bráðabirgðatölum Seðlabanka Íslands.  
Viðskiptajöfnuður án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var óhagstæður um 3,5 milljarða.

2.6.2014 „Kjarni þessara breytinga er að hugmyndir og nýsköpun geta í raun spröttið upp hvar sem er og haslað sér völl á alþjóðavísu á tiltölulega stuttum tíma. Það gerir lítil lönd eins og Ísland að leikendum í þessum nýja heimi á þann hátt sem er langt umfram okkar björtustu vonir.“

Ólafur Ragnar Grímsson,  
forseti Íslands.



## Hin hliðin

ÞÓREY VILHJÁLMSDÓTTIR  
AÐSTOÐARMÆÐUR  
INNANRÍKSRAÐHERRA

## Glögg er gests augað

Þau jákvæðu áhrif og innblástur sem innflytjendur hafa á íslenskt samfélag eru því miður oft vanmetin. Við gleymum of oft þeirri staðreynd að innflytjendur flytja inn hugvit, þekkingu, menningu og fleiri þætti sem auðga mjög íslenskt samfélag í víðu samhengi. Við gleymum einnig þeirri staðreynd að innflytjendur eru ekki að taka af kökunni, heldur stækka þeir hana og auka þannig framleiðni í íslensku samfélagi.

## Hærra hlutfall innflytjenda fyrir-tækjæigendur

Flestar vestrænar þjóðir hafa áttað sig á þessu fyrir þó nokkru síðan. Í rannsókn, sem unnin var af háskóla í Kaliforníu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, kom fram að frumkvöðlar eru fleiri á meðal innflytjenda en innfæddra í Bandaríkjunum. Niðurstöðurnar voru að 10,3% innflytjenda ættu eigið fyrirtæki á meðan 9,3% innfæddra ættu eigið fyrirtæki. Þar kom einnig fram að innflytjendur ættu þrjú af hverjum fjórum einkaleyfum sem veitt hafa verið í helstu háskólum Bandaríkjanna. Frumkvöðlaeðlið virðist því vera töluvert ríkara hjá innflytjendum.

## Kaffihúsið hans Augustins

Við vitum að lítil og meðalstór fyrirtæki eru burðarás íslensks atvinnulífs og þar hafa innflytjendur látið til sín taka. Það má sem dæmi nefna fjölda veitingastaða sem reknir eru af innflytjendum og hafa svo sannarlega auðgað matarmenningu þjóðarinnar. Ég starfaði sjálf fyrir um tveimur áratugum á kaffihúsi í eigu innflytjanda, hins spænska Augustins. Ég veit ekki betur en að hann hafi allar götur síðan verið í veitingarekstri og sé enn. Hann hefur að jafnaði verið að skapa 5-10 störf á hverjum tíma.

## Tækifærin sem við sjáum ekki

Það var einnig áhugavert fyrir okkur Íslendingana sem unnum fyrir Augustin að kynnast spænski menningu og spænskum mat. Þetta vakti áhuga minn á Spáni og ég fór í kjölfarið til Madrid þar sem ég dvaldi í eitt ár til að sjúga í mig menninguna og læra tungumálið – og kom reynslunni ríkari til baka. Það mætti nefna svipuð dæmi af erlendum aðilum sem hafa starfað í öðrum geirum hér á landi og vikkað þannig sjóndeildarhring okkar.

## Fjölbjóðlegt samfélag einkaframtaks

Glögg er gests augað, segir máls-hátturinn – en það á vel við um þá sem hingað flytja. Þeir sjá tækifæri sem við hin sjáum ekki vegna þess að þeir koma úr allt öðru umhverfi. Þetta hefur orðið til þess að svo stórum hluti útlendinga stofnar fyrirtæki sem mjög oft eru farsæl – oft eða yfirleitt byggð á eða undir áhrifum frá fyrirmynd í þeirra eigin landi eða menningu. Tökum þeim fagnandi og sköpum hér farsælt og fjölbjóðlegt samfélag einkaframtaks.

## Loksins færðu stuðning í vinnunni

Knoll

CHADWICK STÓLLINN  
SAMEINAR FALLEG FORM  
OG HÁMARKSPÆGINDI.

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / [epal@epal.is](mailto:epal@epal.is) / [epal.is](http://epal.is)



Tilboðsverð:  
**138.800kr\***  
Fullt verð: 198.500kr



HÖNNUÐUR: DON CHADWICK



+

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**ÓLAFUR SVEINBJÖRNSSON**  
húsasmíðameistari,  
verður jarðsunninn frá Filadelfíukirkjunni  
Hátúni fimmtudaginn 5. júní kl. 11.00.  
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir  
en þeim sem vilja minnst hans er bent á  
líknarstofnanir.



**Davíð Ólafsson  
Einar Ólafsson  
Rúnar Ólafsson**  
tengdadætur og barnabörn.

+

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,  
**SESSELJA INGÓLFSDÓTTIR**  
Álftamýri 56, Reykjavík,  
lést sunnudaginn 25. maí á líknardeildinni  
í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá  
Háteigskirkju þriðjudaginn 10. júní kl. 13.00.



**Ingólfur Sigurðsson, Þórdís Arnardóttir,  
Ásta, Guðný og Úlfur.**

+

Elsku konan mín og mamma okkar,  
amma og langamma,  
**SVAVA JÓHANNSDÓTTIR**  
Rein í Eyjafjarðarsveit,  
sem lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri  
að morgni föstudagsins 30. maí verður  
jarðsunninn frá Munkaþverá föstudaginn  
6. júní klukkan 13.30.



**Valdimar Gunnarsson  
Sigríður Valdimarsdóttir  
Sigrún Valdimarsdóttir  
Sigrún Valdimarsdóttir  
Órvar, Arna og Amelía, Agla, Orri, Sverrir, Starri, Skorri,  
Valdimar Óli og Sigrún Stella.**  
**Hjörvar Harðarson  
Steindór Guðmundsson  
Valþór Freyr Þráinsson**

+

Útför ástkærrar eiginkonu minnar,  
móður okkar, tengdamóður og ömmu,  
**SIGURLAUGAR ERLU  
JÓHANNSDÓTTUR**  
hjúkrunarfræðings,  
frá Gauksstöðum, Garði,  
Þorrögötu 9, Reykjavík,  
sem andaðist 28. maí, verður gerð frá Neskirkju fimmtudaginn  
5. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á  
Mæðrastyrksnefnd eða aðrar hjálparstofnanir.



**Jón G. Tómasson  
Helga Matthildur Jónsdóttir  
Tómas Jónsson  
Sigríður María Jónsdóttir  
og barnabörninn.**  
**Rafn B. Rafnsson  
Áslaug Briem  
Björn Bjartmarz**

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**MARGRÉT ÓLAFSDÓTTIR**  
húsmóðir,  
Ægisdú 78, Reykjavík,  
andaðist á heimili sínu, laugardaginn  
24. maí. Útförin fer fram frá Neskirkju  
miðvikudaginn 4. júní kl. 13.00. Þeim sem  
vilja minnst hennar er bent á Ljósið - endurhæfingar-  
og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda  
og aðstandendur þeirra.



**Vilhjálmur Svan Jóhannsson  
Valgerður Jóhannsdóttir  
Ólafur Jóhannsson  
Laufey Jóhannsdóttir  
Þráinn Jóhannsson  
barnabörn og barnabarnabörn.**  
**Sesselja R. Henningsdóttir  
Jakob H. Magnússon  
Helga Sigurðardóttir  
Jan Bernstorff Thomsen  
Erna Andreassen**

**PETTA GERÐIST 4. JÚNÍ 1989**

## Morðin á Torgi hins himneska friðar

Á þessum degi árið 1989 fjölmenntu kínverskir hermenn á Torg hins himneska friðar í Peking og drápu hundruð stú-  
enta við mótmæli og þúsundir til viðbótar voru handtekna.

Sjö vikum áður hófu kínverskir stúdent-  
ar mótmæli á Torgi hins himneska friðar og er talið að allt að því milljón manns hafi safnast á torginu þegar mest var. Mótmælendur kröfðust afsagnar leiðtoga Kommúnistaflokksins og lýðræðislegra umbóta í stjórnkerfi landsins. Stjórnvöld gerðu nokkrar misheppnaðar tilraunir til að reka fjöldann á braut áður en herinn

lét til skarar skríða. Þó að margir hafi vissulega átt von á að það myndi slá í brýnu milli mótmælenda og hersins kom ofsafengin árásin flestum í opna skjöldu.

Mikill glundroði skapaðist þegar tugþúsundir manna reyndu að flýja undan hermönnum. Sumir börðust á móti og grýttu hermennina og kveiktu í bifreiðum þeirra og skriðdrekum. Erlendir erindrekar á staðnum töldu að að minnsta kosti 300 manns hefðu látið lífið í átökunum og allt að tíu þúsund hefðu verið handteknir. Sennilega verður aldrei endanlega ljóst hversu margir létu lífið þennan dag.



+

Við þökkum vinum og vandamönnum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,  
**INGIBJARGAR KRISTJÁNSDÓTTUR**  
Háagerði, Kjalarnesi.  
Einnig færum við starfsfólki krabbameinsdeildar Landspítalans sérstakar þakkir fyrir hugulemi sína og hlýju.



**Guðjón Hólm Guðbjartsson  
Hulda Margrét I. Magnúsdóttir  
Hólmar Hólm Guðjónsson  
tengdabörn og barnabörn.**  
**Hans Guðmundur Magnússon  
Kristján Edilon Magnússon  
Ólafía Þyri Hólm Guðjónsdóttir**

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**AXEL HENRY BENDER**  
lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut sunnudaginn 1. júní. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 10. júní kl. 13.00.



**Vigdís Baldursdóttir  
Fjóla D. Bender  
Íris Bender  
Guðmundur Kristján Bender  
afa- og langafabörn.**  
**Steven Dolan  
Helga B. Jóhannesdóttir**

+

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**EDDA KRISTÍN CLAUSEN**  
Hólmvaði 8, 110 Reykjavík,  
lést mánudaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 6. júní kl. 13.00.



**Viggó Sigfinnsson  
Sigfinnur Viggósson  
Ólafur Viggósson  
Jóna Harpa Viggósdóttir  
Vala, Sigursveinn, Edda, Freyja, Rakel, Bára, Arna,  
Kristján og Kári.**  
**Þorbjörg Kristjánsdóttir  
Sesselja Jónsdóttir  
Þráinn Haraldsson**

+

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**GUÐLEIFAR KRISTJÁNSDÓTTUR**  
Staðarhvammi 7, Hafnarfirði.  
Einnig þökkum til starfsfólks Áss í Hveragerði.



**Helgi Hermann Eiríksson  
Halldóra Kristín Helgadóttir  
Eiríkur Þór Helgason  
Ívar Helgason  
barnabörn og barnabarnabörn.**  
**Samúel Guðmundsson  
Cecilia Nfono Mba**

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**GUÐRÚN HALLDÓRSDÓTTIR**  
áður til heimilis að Vallarbraut 6, Reykjanesbæ,  
andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði fimmtudaginn 29. maí. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 5. júní kl. 12.00.



**Guðrún Gunnlaugsdóttir  
Jón Gunnlaugsson  
Halldór B. Gunnlaugsson  
Sigrún Erla Gunnlaugsdóttir  
Leifur Gunnlaugsson  
Hugrún Gunnlaugsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.**  
**Elín Einarsdóttir  
Borgný Samúelsdóttir  
Karl Guðjónsson  
Sigurður Kristjánsson**

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,  
**HALLDÓRA G. EINARSDÓTTIR**  
Fífuseli 36,  
áður til heimilis að Efstasundi 6, Reykjavík,  
lést 2. júní. Útförin verður auglýst síðar.



**Skúli Jóhannsson  
Inga Birna Jóhannsdóttir Smith  
Kristinn Jóhannsson  
Hjördis Jóhannsdóttir  
Ásdís Jóhannsdóttir  
Svanhildur Sigfúsdóttir  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**  
**Roger Smith  
Denise O'Donoghue  
Bragi Ásgeirsson  
Warren L. Gilsdorf  
Ásgeir Sverrisson**

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,  
**GUNNARS ÁGÚSTSSONAR**  
frá Stærri-Bæ.  
Sérstakar þakkir til starfsfólks Áss í Hveragerði.



**Porkell Gunnarsson  
Sigríður Laufey Gunnarsdóttir  
Jón Rúnar Gunnarsson  
Ágúst Gunnarsson  
Guðrún Gunnarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.**  
**Kristín Karólína Karlsdóttir  
Brandur Matthíasson  
Kristín Petrina Birgisdóttir  
Anna Margrét Sigurðardóttir  
Árni Bjarkan Jónsson**

+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**KARL SÆMUNDUR SIGURÐSSON**  
vélvirki,  
áður til heimilis að Brekkuhúsi 1, Hjalteyri,  
lést á Hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð aðfaranótt laugardagsins 31. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.



**Stefán Karlsson  
Sigurbjörn Karlsson  
Sigurður Karlsson  
Anna Jóna Karlsdóttir  
Ester Guðlaug Karlsdóttir**  
**Nína Ingvarsdóttir  
Sigurlaug Jóhannesdóttir  
Aðalbjörn Sverrisson  
Kristinn Georgsson**

**LEGSTEINAR**  
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGJHLUTUM  
VÖNDUÐ VINNA  
Steinsmiðjan Mosaik  
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

**Nýtt á heimsvísu**  
**VARANLEGT LETUR**  
Eingöngu hjá Graníthöllinni  
Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgjihlutum hjá Graníthöllinni  
**Graníthöllin** Legsteinar  
www.granithollin.is  
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).  
Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



# ÚTRÝMINGARSALA

NÚ TELJUM VIÐ NIÐUR

Allir stakir jakkar á  
**9.900 kr**

Gallabuxur frá  
**2.000 kr**

Skýrtur frá 2.000 kr

Bolir frá 500 kr

Og fleirra og fleirra

**FJÖRÐUR**  
[www.fjordur.is](http://www.fjordur.is)

**Herra**  
hafnarfjörður  
S. 572 3400



**ALLAR VÖRUR MED**

**30-50%**  
**AFSLÆTTI**

**FJÖRÐUR**  
[www.fjordur.is](http://www.fjordur.is)

**Mind Xtra**

Smart verslun fyrir konur

Firði Hafnarfirði • Sími 556 3400



**KL. 20:40**

**Dallas**

Ein vinsælasta þáttaröð íslenskrar sjónvarpssögu heldur áfram og átökin innan Ewing-fjölskyldunnar ná nýjum hæðum.

# Frábært miðvikudagskvöld

**KL. 20:00**

**How I Met Your Mother**

Gamanþáttur um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



**KL. 20:20**

**Lífsstíll**

Glæsilegur tískuþáttur þar sem Theodóra Mjöll fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl.



**KL. 19:00**

**Seinfeld**

Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Jerry Seinfeld í aðalhlutverki.



**KL. 22:00**

**Hunger Games**

Spennandi framtíðarmynd með Jennifer Lawrence og Liam Hemsworth í aðalhlutverkum.



**KL. 19:20**

**Baby Daddy**

Gamanþáttaröð um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraprepi hans.



**KL. 07:00-20:00**

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**SUDOKU**

**LÉTT**

7	6	8		1	2
	2		3		7
	1		5	9	
		1	7	4	8
1			5	6	
	8	4			3
	7	5	2		4
				5	8
3	4				

**LÉTT**

	7		9	5	
	2	6		3	8
	9		2	7	
6	8		5	1	4
	9		6	8	
7	4				
	4	3	7	2	
9			8		1
	8			6	4

**MIDLUNGS**

**PUNG**

			1		2	5
5					3	7
2				6		
3			4		5	7
			6			
		4	9	2		
				5	3	9
	5	2	1		4	
1	3		8	9		

4	3	7	6	5	1	9	8	2
8	1	2	7	9	4	5	3	6
5	9	6	8	2	3	4	1	7
3	5	9	2	1	7	8	6	4
1	6	8	4	3	5	2	7	9
7	2	4	9	8	6	1	5	3
2	7	5	1	6	9	3	4	8
6	8	1	3	4	2	7	9	5
9	4	3	5	7	8	6	2	1
5	1	6	3	9	8	7	4	2
3	7	2	5	1	4	6	8	9
8	4	9	2	6	7	1	5	3
7	3	8	4	2	9	5	6	1
1	9	4	6	7	5	3	2	8
6	2	5	8	3	1	4	9	7
9	5	7	1	4	2	8	3	6
2	8	3	7	5	6	9	1	4
4	6	1	9	8	3	2	7	5
6	9	1	4	7	2	3	8	5
8	7	2	3	1	5	9	4	6
3	4	5	6	8	9	1	2	7
4	8	9	5	2	1	6	7	3
2	3	6	7	9	4	8	5	1
1	5	7	8	3	6	2	9	4
5	2	8	1	6	7	4	3	9
7	6	3	9	4	8	5	1	2
9	1	4	2	5	3	7	6	8

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

\*Pondus er farinn í sumarfrí en snýr aftur í ágúst.

**GELGJAN**



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**HANDAN VIÐ HORNID**



Eftir Tony Lopes

**BARNALÁN**



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Ég horfi á allt á listrænan hátt.“

Tony Curtis

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**KROSSGÁTA**

**LÁRÉTT:** 2. ládeyða, 6. rún, 8. orlof, 9. gagn, 11. hreyfing, 12. frárennsli, 14. létt hlaup, 16. kvað, 17. berja, 18. beita, 20. org, 21. land.

**LÓÐRÉTT:** 1. áfengisblanda, 3. ógrynni, 4. verkfæri, 5. óhróður, 7. heimilistæki, 10. nam burt, 13. umrót, 15. yfirhöfn, 16. óvild, 19. skst.

**LAUSN**

kæpa, 16. kal, 19. no. 5. nró, 7. ryksuga, 10. tók, 13. los, 15. LÓÐRÉTT: 1. þúns, 3. of, 4. grípkíó, síð, 18. agn, 20. óp, 21. Laos. 11. í, 12. skólp, 14. skokk, 16. ku, 17. LÁRÉTT: 2. logn, 6. úr, 8. frí, 9. nyt.

**SKÁK**

**Gunnar Björnsson**

Lenka Ptácníková (2267) hafði svart gegn Davíð Kjartanssýni (2342) í lokaumferð áskorendaflakks Íslandsmótsins í skák. **Svartur á leik:**



43...Hxd2! 44. Dxd2 Hxc4 45. Dd8 Hxe4 46. Hc7 Hd4 47. Hxc6 Hxd8 og svartur vann skömmu síðar. Lenka tryggði sér Íslandsmeistaratilil kvenna með sigrinum og jafnframt sæti í landsliðsflokki að ári. Frábær árangur. [www.skak.is](http://www.skak.is): Norway Chess

TOSHIBA

acer

UNITED

ASUS

nextbook

ARCHOS

# RÝMING Á FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM!



-30.000

INTEL CELERON

TOS-NB10TA101

TOSHIBA

59.990

Fullt verð 89.990



acer

INTEL i5  
HASWELL

-40.000

ACE-NXV8MED002

159.990

Fullt verð 199.990



TOSHIBA

-30.000

QUAD CORE A6

TOS-M50DTA105

99.990

Fullt verð 129.990

## 90 MISMUNANDI GERÐIR!

Lenco  
AUDIO-VIDEO

-30%

BLÁ OG  
BLEIK

LEN-COOLTAB72PI

13.990

Fullt verð 19.990

nextbook



-25%

8 TOMMUR

NEX-NX008HD8G

14.990

Fullt verð 19.990

ARCHOS



-23%

IPS SKJÁR

ARO-502427

22.990

Fullt verð 29.990

YFIRFARNAR  
10" SPJALDTÖLVUR  
FRÁ 9.990!

OPIÐ  
11-18

AÐEINS  
NOKKRIR  
DAGAR!

tl.is

TÖLVU  
LISTINN

REYKJAVÍK  
SUDURLANDSBRÁUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

HÚSAVÍK  
GARÐARSBRÁUT 18A  
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOSS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

AKRANES  
ÞJÓÐBRAUT 1  
Sími 431 333

HAFNARFJÖRÐUR  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750

# Vandað nám í heillandi umhverfi



## Öflugur og nútímalegur háskóli í Borgarfirði

Það er alltaf gott að koma á Bifröst. Öll aðstaða til náms er til fyrirmyndar og stuðlar að góðum árangri í námi. Íbúðarhúsnæði á staðnum er hagkvæmt og fjölbreytt og hentar jafnt einstaklingum sem fjölskyldum. Á Bifröst er stutt í óbeislaða náttúru og þar eignast fólk vini fyrir lífstíð.

Kynntu þér nám í Háskólagátt og grunnnámi við Háskólann á Bifröst.

Nánari upplýsingar á [nam.bifrost.is](http://nam.bifrost.is)



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

# MENNING

“Ég hef alltaf notað texta mikið í performönsum og vídeóverkum en þetta er í fyrsta sinn sem ég gef út ljóð.



**FJÖLHÆF LISTAKONA** Úr gjörningi Ásdísar í Centre Pompidou, sem hún segir í grunninn byggja á sama verki og hún sýnir nú.

## Ljóðaplata, vídeó-sýning og gjörningur

Ásdís Sif Gunnarsdóttir opnar á morgun sýningu á þremur vídeóverkum í Listasafni Íslands. Hún er með ljóðaplötu í smíðum og vídeóin eru varíásjónir við verk sem einnig var grunnurinn í nýlegri sýningu hennar í Centre Pompidou.

Eftir mánuð mun ég gefa út ljóðaplötu með ljóðum sem ég samdi í vinnustofudvöl á Seyðisfirði í fyrra og samhliða vinnslu plötunnar gerði ég þessi vídeó,” segir Ásdís Sif Gunnarsdóttir spurð hvaða verk það séu sem hún mun sýna á kaffistofu Listasafns Íslands á morgun. „Verkið heitir Surrounded by the purest Blue, I welcome you og samanstendur af þremur vídeóum sem eru varíásjónir af sama verkinu. Tvö þeirra verða sýnd í sjónvörpum með heyrnartólum þar sem fólk getur hlustað á ljóðin og svo er eitt vídeó með engu hljóði.“

Fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði er opið lengur í Listasafni Íslands og einhver listamaður eða hópur listamanna sýna vídeóverk í samstarfi við vídeólistahátíðina 700IS Hreindýraland og er Ásdís Sif fimmti listamaðurinn sem tekur þátt í verkefninu.

Hún segist hafa skrifað ljóð frá því hún var unglingur en aldrei gefið neitt út. Hvers vegna valdi hún þá leið að gefa ljóðin út á plötu en ekki í hefðbundinni ljóðabók? „Ég hef alltaf notað texta mikið í performönsum og vídeóverkum en þetta er í fyrsta sinn sem ég gef út ljóð,” segir hún. „Ég hef alltaf flutt textann minn sjálf sem performans og það er réttara fyrir verkið að það sé lesið upp en prentað á bók. Þetta eru ljóð sem þarf að flytja, ekki bara lesa, og svo á ég sjálf auðveldara með að hlusta á ljóð en lesa þau og geri ráð fyrir að hið sama gildi um marga aðra.“

Ásdís hefur fleiri járn í eldinni því fyrir skemmstu tók hún þátt í sýningunni Hors pistes í Centre Pompidou í París. „Þetta er „live performance“ bíómyndahátíð þar sem listamenn eru fengnir til að setja á svið vídeóverk og performansa. Sýningin mín var í samstarfi við RIFF þar sem ég sýndi líka í haust. Í Pompidou sýndi ég bæði eldri vídeó, sem voru þýdd yfir á frönsku, og þennan performans þar sem ég notaði heilmikið af ljóðunum sem verða á plötunni, þannig að það var líka þetta verk bara í öðru formi.“

Sýningin í kaffistofu Listasafns Íslands hefst klukkan 17 á morgun og stendur til 30. júní.

fridrikab@frettabladid.is

## Fimm kynslóðir á sjö býlum

Sýning Borghildar Óskarsdóttur, Þráður á landi, rekur ættarsögu frá 1760 til 1941.

Sýning á verki Borghildar Óskarsdóttur myndlistarkonu, Þráður á landi, verður opnuð í Artóteki Borgarbókasafnsins klukkan 17 á morgun.

Verkið á sýningunni er um fimm kynslóðir sömu ættar, sem bjó á sjö býlum á Rangárvöllum og í Landsveit frá 1760 til 1941. Þetta fólk er löngu horfið en víða eru ummerki um búsetu þeirra, hlaðnir garðar og húsveggir og grónar tóftir. Sums staðar eru ummerkin ógreinileg, jafnvel horfin undir gróður og sand. Fólkið er minning og býlin eru grónar tóftir. Ein tóftin er á Reynifelli á Rangárvöllum.

Þar byrjar sagan og þaðan liggur söguþráðurinn yfir í Landsveit, að sex stöðum: Mörk, Gamla-Klofa, Stóra-Klofa, Gamla-Skarðsseli, Skarðsseli við Þjórsá og að lokum að Skarfanesi.

Sýningin er tvískipt og verður síðari hluti hennar settur upp við sögustaðina á Rangárvöllum og í Landsveit seinna í júní.

Sýningin í Borgarbókasafninu er á 1. hæð í Grófarhúsi. Á opnuninni mun Hlynur Helgason, lektor í listfræði við Háskóla Íslands, segja frá sýningunni og list Borghildar. Sýningin er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.



**BORGHILDUR ÓSKARSDÓTTIR** Þráður á landi segir sögu fimm kynslóða sem bjuggu á sjö býlum á Rangárvöllum og í Landsveit.

## Rapp og riddarar á Skerplu

Blásarakvintett Reykjavíkur leikur á Stofutónleikum á Gljúfstra-steinu á sunnudaginn klukkan 16. Kvintettinn skipa þau Hallfríður Ólafsdóttir á flautu, Daði Kolbeinsson á óbó, Einar Jóhannesson á klarínettu, Jósef Ognibene á horn og Darri Mikaelsson á fagott.

Á efnisskrá tónleikanna eru La cheminée du roi René eftir Darius Milhaud, Íslenski rapp – Rondo fantastico eftir Atla Heimi Sveinsson og Fornir ungverskir dansar eftir Ferenc Farkas.

## Fyrsti vísindaleiðangur Frakka til Íslands

Sýning um ferðir Frakkans Yves-Joseph de Kerguelen á seinni hluta átjándu aldar verður opnuð í Þjóðarbókhöðunni á morgun. Bók hans um þær ferðir kom út árið 1771 og þótti sæta tíðindum.

Sýning um franska landkönnuðinn Yves-Joseph de Kerguelen verður opnuð í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni á morgun klukkan 16. Á sýningunni er rakin saga fyrsta vísindaleiðangurs Frakka til Íslands; ferðir Kerguelens hingað til lands 1767 og 1768.

Bók hans, Relation d'un voyage dans la Mer du Nord, kom út árið 1771. Þar greindi hann frá rannsóknnum sínum og uppgötunum í þessum tveimur Íslandsferðum.

Skýrslur Kerguelens höfðu bæði hernáðarlega og vísindalega þýðingu. Auk þess að fela í sér nákvæmar upplýsingar um sjóferðirnar þá birtust þar greinargóðar upplýsingar um náttúruferðir, dýralíf, flóru, loftslag og landafræði, um leið og greint var frá ýmsum síðum og háttum Íslendinga á þessum tíma. Kerguelen gaf þannig mörgum löndum sínum og erlendum lesendum tækifæri til að kynna hinum margvíslegu töfrum og sérkennum Íslands.

Sýningin er samstarfsverkefni franska sendiráðsins á Íslandi og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og stendur til 30. júní í Þjóðarbókhöðunni. Eftir það verður hún á Patreksfirði 4. til 22. júlí og loks á Fáskrúðsfirði 26. júlí til 18. ágúst.

### LANDKÖNNUÐUR

Yves-Joseph de Kerguelen skrifaði merka bók um rannsóknir sínar á Íslandi á síðari hluta átjándu aldar.



**GANGA**  
Hver ganga tekur um klukkustund, þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

## Menningar-göngur í Hafnarfirði

Í sumar verður boðið upp á menningargöngur með leiðsögn um svæðið umhverfis miðbæ Hafnarfjarðar öll fimmtudagskvöld kl. 20. Gengið er frá Hafnarborg eða Pakkhúsi Byggðasafns Hafnarfjarðar. Hver ganga tekur um klukkustund, þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

Fyrsta gangan verður farin fimmtudagskvöldið 5. júní, en þá mun Sigurður Hallgrímsson, fyrrverandi hafnarsögumaður, leiða gesti um svæði Hafnarfjarðarhafnar og segja frá uppbyggingu og sögu hafnarinnar. Gangan hefst klukkan 20 við Pakkhús Byggðasafnsins.



**HUGLEIKUR** Verkið Stund milli stríða var frumsýnt í Tjarnarblóí 5. apríl.

MYND/GUNNAR GUNNARSSON

## Hugleikur í Þjóðleikhúsinu

Kreppusöngleikur leikfélagsins Hugleiks, Stund milli stríða, var á vordögum valin athyglisverðasta áhugaleikssýning leikársins af dómnefnd Þjóðleikhússins og verður sýndur á stóra sviði leikhússins laugardagskvöldið 7. júní.

Stund milli stríða er 30 ára afmælisýning Hugleiks og er, eins og tíðkast þar, frumsmíð félagsmanns. Höfundur er Þórunn Guðmundsdóttir. Þórunn hóf leikritunarferil sinn með stæl þegar söngleikurinn Kolrassa sló eftirminnilega í gegn hjá Hugleik árið 2002. Þórunn samdi bæði leik- og söngtexta og tónlistina að auki, enda kona ekki einhöm. Leikstjóri er Jón St. Kristjánsson, en hann sviðsetti einmitt Kolrössa á sínum tíma.

**FUDGE** Þú kemst fljótt að!  
...en þú getur líka þarfið tíma

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**Rakarastofan Klapparstíg**

**S: 5513010**

*Floð á að hafa í*  
**KVÖLDMAT?**

**SNILLDAR SÓSUR - ENN BETRI**

Luigi Carola & Anton Rinsema  
Kokkar hjá Knorr í 14 og 7 ár

**UPPSKRIFT FYRIR 4:**  
4 kjúklingabringur  
2 sneiðar cheddar ostur  
250g sveppir  
500g ferskt spinat  
1 hvítlauksgeiri  
1 litill laukur  
1 Knorr Piparsósa  
3 dl mjólk  
Meðlæti:  
500g kartöflur

**FYLLTUR PIPARKJÚKLINGUR MEÐ SVEPPUM OG SPÍNATI**

**SVONA FERÐU AÐ:**  
Eldaðu kartöflurnar í 12 mínútur og haltu heitum. Skerðu vasa í kjúklingakjötið. Kryddaðu með salti og pipar og komdu ostinum fyrir þar sem skorið var í kjúklinginn. Lokaðu fyrir opið með tannstöngli eða kjötnál.

Brúnaðu kjúklinginn og leggðu á disk. Léttsteiktu sveppi og lauk á pönnu. Bættu við pressuðum hvítlauk og settu kjúklinginn aftur á pönnuna. Hraerðu Knorr piparsósuni saman við mjólk og bættu út á pönnuna. Láttu sjóða í 5-8 mínútur. Taktu kjúklinginn frá og haltu kjötinu heitu. Settu spinatið í sósuna og blandaðu vel saman. Berðu kjúklinginn fram með soðnum kartöflum.

**UPPSKRIFT FYRIR 4:**  
4 stórar svínakótelettur  
salt og malaður pipar  
2 hvítlauksgeirar  
6 rósmarínsprotar, ferskir  
400g litlar baunir, frosnar  
250g ferskur aspas  
1 Knorr brún sósa  
3dl eplasafi  
500g kartöflur

**LÚXUS-KÓTELETTUR MEÐ GRÆNMETI OG BRUNNI SÓSU**

**SVONA FERÐU AÐ:**  
Eldaðu kartöflurnar í 12 mínútur og haltu heitum. Steiktu kótelettur á pönnu eða grilli í 4-5 mínútur á hvorri hlið. Nuddaðu þær með blöndu af hvítlauk, rósmarín (skorið smátt), möluðum pipar og salti, og haltu heitu.

Settu baunir og aspas (skorið í 2 cm stk) í pönnuna og bættu við finskornu rósmarín. Hraerðu brúnu sósuna saman við eplasafa og bættu út í. Láttu grænmetið eldast í 2 mínútur. Berðu kótelettur fram með soðnum kartöflum.

**FLEIRI UPPSKRIFTIR MÁ FINNA Á KNORR.IS**

**GÓMSÆT NÝJUNG**

# Hátískuheimurinn lofar fatnað úr laxaroði

Fatahönnuðurinn Bóas Kristjánsson hlaut 2,5 milljóna króna styrk úr hönnunarsjóði í gær. Styrkinn ætlar hann að nota til þess að þróa fatalínuna KARBON enn frekar en uppistaða línunnar eru vistvænir textílar.

„Ég mun nota styrkinn í það að þróa línuna enn lengra. Ég hef verið að vinna með laxaroð og þeirri vinnu hefur verið mjög vel tekið. Við munum því halda áfram með þessa vinnu og ætlum að setja enn meiri fókus á íslensk og vistvæn hráefni,“ segir fatahönnuðurinn Bóas Kristjánsson sem hlaut hæstu úthlutun, 2,5 milljónir, úr hönnunarsjóði

í gær. Bóas hannaði tvær línur í fyrri undir merkinu KARBON by Bóas Kristjánsson og vakti merkið þó nokkra athygli erlendis. „Ég hef mikið verið að vinna með vistvæna textíla. Það var því ákveðin tilraun að sjá hvernig þetta myndi leggjast í hátískuheiminn, þar sem búðirnar eru allar hálfgerð listagallerí og vörurnar mjög dýrar,“ segir Bóas og

bendir á að hann sé sá eini í heiminum sem notar þessi hráefni í hönnun á fatnaði. „Það er alltaf áhætta að mæta með eitthvað sem enginn hefur áður séð. Laxaroð hefur kannski verið notað í töskur og skó en nú býð ég fólki að klæðast efninu. Þessu hefur þó verið tekið alveg svakalega vel og fötin úr þessu hráefni eru mest selda varan okkar.“

Bóas hefur í nægu að snúast þessa dagana en hann heldur á tískuvíkuna í París í lok þessa mánaðar. „Ég ætla að fara og hitta á fólk sem ég verslaði við í fyrri og viðhalda tengslunum við þær búðir sem við erum í samstarfi við. Á svona tískuvíkum kynnist maður einnig fólki alls staðar að úr heiminum og myndar ný tengsl.“



**HÆSTANÆGDUR** Fatahönnuðurinn Bóas Kristjánsson hlaut hæstu úthlutun úr hönnunarsjóði í gær en styrkurinn hljóðar upp á 2,5 milljónir.

# Rihanna tískufyrirmynd ársins

Hin árlegu bandarísku fatahönnunarverðlaun, CFDA, voru veitt á mánudagskvöldið í Alice Tully Hall í Lincoln Center í New York. Fatavalið var í takt við tilefnið þar sem stjórnurnar gengu rauða dregilinn. Tvíburasysturnar smekklegu Mary-Kate og Ashley Olsen fengu verðlaun fyrir fylgihlutamerki ársins fyrir merki sitt The Row og Rihanna var valin tískufyrirmynd ársins. Hún gerði sér lítið fyrir og klæddist demantakjól sem skildi lítið eftir fyrir ímyndunaraflið.



**SUMARLEG** Heidi Klum mætti í kjól frá DKNY.



**SMART** Blake Lively í stuttum kjól frá Michael Kors.



**DRAPPAD** Keri Russell í kjól frá Rosie Assoulin.



**DRAMA-TÍSKT** Coco Rocha í Christian Siriano.



**GEGNSÆTT** Rihanna í kjól frá Adam Selman sem vakti heldur betur athygli.




**ÖXLIN BER** Rachel Zoe í kjól sem hún hannaði sjálf.



**SIGURVEGARAR** Ashley og Mary-Kate Olsen í eigin hönnun.



**GLITRANDI** Solange Knowles í einföldum en fallegum kjól frá Calvin Klein.



**ÁHUGAVERT** Leikkonan Lupita Nyong'o í umdeildum klæðnaði frá Suno.

## Megrunarleyndarmál stjarnanna

## Frosin vínber

Leikkonan Jennifer Aniston elskar frosna ávexti, þá sérstaklega vínber, þegar hana þyrstir í eitt-hvað sætt. „Ég elska rauð vínber – þau eru ljúffeng,“ segir leikkonan í viðtali við Women's Health.



## Magurt kjöt

Leikkonan Sandra Bullock borðar aldrei feitt kjöt heldur velur frekar magurt. Þegar hún vill fá sér eitt-hvað sætt fær hún sér skál af Lucky Charms-morgunkorninu einu sinni í viku.

## Engar freistingar

Söng- og leikkonan Jennifer Hudson geymir engan freistandi mat á heimili, eins og bananabúðing sem er í upphaldi hjá henni. Hún á hins vegar alltaf nóg af kjúklingi og eggjahvítum.

## Óð í djús

Leikkonan Jessica Alba þyrjar alla daga á djúsi sem hún gerir úr káli, spínati og eplum.

## Grænmetisæta

Leikkonan Jenna Dewan Tatum hefur verið grænmetisæta síðan hún var þrettán ára. Þegar hún vill losa sig við aukakíló fær hún sér djús úr káli, spínati og perum og hafragraut með chia-fræjum á morgnana.

## Vegan í einn dag

Söngkonan Beyoncé léttist um tæp þrjátíu kíló á skömmum tíma eftir að hún eignaðist dóttur sína Blue Ivy. Til að hjálpa henni í baráttunni við aukakílóin borðaði hún



nóg af grænmeti og borðaði eina veg-an-mál-tíð á dag.




## Atkins er málið

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian eignaðist dótturina North West í júní í fyrra og kom sér í form aftur með því að borða eftir Atkins-kúrnum.

## Út fyrir boxið


Málþing um valdeflandi starf með börnum og unglingum  
4. júní 14-16.15 í Laugalækjarskóla

Ávarp: Oddný Sturludóttir, formaður starfshóps um líðan stelpna.




## SPARKing Changing to End the Sexualization of Girls

Dr. Dana Edell, aktivisti og fræða- og listakona fjallar um birtingamyndir klámvæðingar og áhrif hennar á ungt fólk. Þá fjallar hún um hvernig megi vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar og stuðla að heilbrigðri kynmynd unglinga. Dana er framkvæmdastjóri SPARK-hreyfingarinnar (SPARKmovement.org) og er með doktorsgráðu í menntunarfræði leiklistar. Hún hefur mikla reynslu af valdeflandi starfi með ungu fólk þar sem unnið er gegn staðalmyndum og klámvæðingu í fjölmiðlum.



## Naglalakkaðir unglingsdrengrir

Þorsteinn V. Einarsson, verkefnisstjóri félagsmiðstöðvarinnar Dregyn, segir frá því þegar tugir unglingsdrengrir í Grafarvogi brutust út úr norminu og naglalökkuðu sig. Geta staðalmyndir líka verið heftandi fyrir stráka?



## Líkamsvirðing í starfi með ungmennum

Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur og verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis, fjallar um áhrif staðalmynda um holdafar og útlit í lífi ungs fólks og hvernig vinna má gegn þeim í skóla- og frístundastarfi.

Öll velkomin, aðgangur ókeypis. Gott aðgengi fyrir fólk með hreyfihömlun.

Fundarstjóri er Jón Páll Haraldsson, aðstoðarskólalastjóri Laugalækjarskóla. Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi, stýrir umræðum.

Málþingið er samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Jafnréttisstofu og Embættis landlæknis.



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Veldu notaðan Mercedes-Benz



Mercedes-Benz

Mercedes-Benz ML 350  
BLUETEC 4MATIC

Árg. 2012, ekinn 12 þús. km, dísil, 259 hö., sjálfskiptur, Intelligent light system (framljós aðlagast bílum fyrir framan), íslandskort, dráttarbeiðli, lykllaust aðgengi, Xenon og led ljós, minni og rafmagn í sætum ofl.

► Verð: 13.490.000 kr.

Mercedes-Benz E 250  
CDI 4MATIC

Árg. 2013, ekinn 11 þús. km, dísil, 205 hö., sjálfskiptur, Led og Xenon ljós, minni og rafmagn í sætum, panorama sólþak, Elegance útfærsla, leður, bluetooth ofl.

► Verð: 11.490.000 kr.



## Mercedes-Benz A 220 CDI

Árg. 2013, ekinn 8 þús. km, dísil, 170 hö., sjálfskiptur, Urban pakki (sportsæti, 17" álfelgur, tvöfalt þúst), bakkmyndavél, bluetooth, hiti í sætum ofl.

► Verð: 5.290.000 kr.

MERCEDES-BENZ CLS 350  
BLUETEC 4MATIC

Árgerð 2013, ekinn 12. þús. km, dísil, 252 hö., sjálfskiptur, leðuráklæði, sóllúga, minni í sætum, ljósapakki Xenon, 19" álfelgur, bluetooth ofl.

► Verð: 13.890.000 kr.

MERCEDES-BENZ GLK 220  
CDI 4MATIC

Árg. 2012, ekinn 25. þúsund km, dísil, 170 hö., sjálfsk., inniljósapakki, hiti í framsætum, skyggðar rúður, krómpakki utan, bluetooth ofl.

► Verð: 7.690.000 kr.



## Mercedes-Benz C 220 CDI

Árg. 2013, ekinn 16 þús. km, dísil, 170 hö., sjálfskiptur, sérlitað lakk, hiti í sætum, bluetooth, leður ofl.

► Verð: 6.990.000 kr.



NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18  
og laugardaga kl. 12-16

# SAMbio.is

VINSÆLASTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG

EKKI TRÚA ÆVINTÝRINU

★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER

★★★★★ NEW YORK DAILY NEWS

ANGELINA JOLIE OG ELLE FANNING

---

LIVE. DIE. REPEAT.

★★★★★ VARIETY

★★★★★ TOTAL FILM

TOM CRUISE EMILY BLUNT

★★★★★ BIOGASNYNI VALDIMARS

---

★★★★★ ROGEREBERT.COM

★★★★★

★★★★★

★★★★★

★★★★★

★★★★★

SAMÞÓÐN ALFABAKKA		SAMÞÓÐN EGILSHÖLL	
MALEFICENT KL. 3D: 5:50 - 8 - 10:10	2D: 7	MALEFICENT 3D KL. 5:50 - 8 - 10:10	10
MALEFICENT VIP 2D KL. 5:50 - 8		EDGE OF TOMORROW 3D KL. 5:30 - 8 - 10:30	14
EDGE OF TOMORROW KL. 3D: 5:30 - 8 - 10:30	2D: 9:10	A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
EDGE OF TOMORROW VIP 2D KL. 10:10		X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D KL. 8 - 10:45	12
GODZILLA 3D KL. 10:10		GODZILLA 2D KL. 5:20	12
WALK OF SHAME KL. 5:50 - 8		<b>SAMÞÓÐN KRINGLUNNI</b> <b>NUMERUÐ SÆTI</b>	
BAD NEIGHBOURS KL. 5:50 - 8 - 10:10		MALEFICENT 2D KL. 5:50 - 8 - 10:10	10
		EDGE OF TOMORROW 2D KL. 5:30 - 8 - 10:30	14
		GODZILLA 2D KL. 5:20 - 8 - 10:40	12
<b>SAMÞÓÐN AKUREYRI</b>		<b>SAMÞÓÐN KEFLAVÍK</b>	
MALEFICENT 3D KL. 5:50 - 8		MALEFICENT 3D KL. 8	10
EDGE OF TOMORROW KL. 3D: 10:10 2D: 5:30 - 8		EDGE OF TOMORROW 3D KL. 10:10	14
GODZILLA 2D KL. 10:30		A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST KL. 8	16
		X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D KL. 10:20	12

**TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is**

## Varúð: Ekki fyrir viðkvæma

**BAKPANKAR** Halla Pórlaug Óskarsdóttir



Sumt á ekki að skrifa í blöðin. Þessi pistill er dæmi um það. Að því sögðu er líka gjörsamlega ótækt að ræða sumt á kaffihúsum. Þessi pistill fjallar um það. Ef þú ert að drekka morgunkaffið þitt eða borða beyglu skaltu ekki lesa lengra, en það var ég einmitt að fara að gera á kaffihúsi í miðbænum þegar ég settist við hlið unglingshóps. Það var þétt setið á staðnum og ég var ein, svo ég gat ekki að því gert að heyra samræður þeirra.

**HÓPURINN** var í miðjum klíðum að rifja upp ölvunarsögur þegar ég settist. Það var greinilega ekki langt síðan þau kynntust Bakkusi, því til dæmis þótti þeim enn mjög fyndið að finna ekki fyrir sársauka undir áhrifum. Samræðurnar leiddust út í afleiðingar ölvunar og þaðan fóru þau að tala um ælupestir. Ein sagði þá í óspurðum fréttum að það væri frábært að drekka kakó þegar maður er með magavírus því þá kæmi svo gott bragð þegar Geysir gysi. (Ég á í stökustu vandræðum með að koma þessu smekklega frá mér. Þau

hugsuðu ekkert um það). Þessi saga losaði einhverja stíflu því nú kepptust blessuð börnin við að toppa sögur hvert annars. Ég fékk að heyra um teiknibólur sem ryðguðu uppi í nefinu á einni stúlkunni og myglaða villisveppi á veitingastað. Og svo margt fleira.

**BEYGLAN** mín var skyndilega ekki jafngirnileg og þegar ég keypti hana.

**PAU** héldu áfram. „Var ég búin að segja ykkur frá því þegar strákur á leikskólanum hnerraði í síðustu viku? Ég hélt sko að hann hefði ælt.“ Nei. Ekki hor. Ég varð að stoppa þetta. „Krakkar, mig langar alls ekki að vera leiðinleg en þið eruð bara að tala um svo ógeðslega hluti að...“

**PAU** sprungu úr hlátri og ég, skyndilega níræð, sneri mér aftur að ógeðslegu beyglunni minni. Í hlátursrokunum sögðu þau eitthvað um að þau hefðu gleymt að þau væru á almenningstað. Eftir tveggja mínútna hysterískt hláturskast var stutt, vandræðaleg þögn.

„ERUÐ þið búin að sjá Vonarstræti?“

## Tvöföld sýningaropnun

Tvær sýningar með úrvalsverkum úr safneign Listasafns Reykjavíkur voru opnaðar fyrir stuttu á Kjarvalsstöðum, annars vegar Reykjavík, bær og bygging og hins vegar Hlíðstæður. Fjölmennt var á opnuninni og sugu gestir listina í sig.



**SIGURSÆLL** Dagur B. Eggertsson og eiginkona hans, Arna Dögg Einarsdóttir, brostu út að eyrum.



**TRYLLT TVENNA** Hildur Baldursdóttir og Einar Kárasón létu sig ekki vanta.



**FAGRIR FAGURKERAR** Roland Hamilton og Kristín Gísladóttir.



**Í SUMARSKAPI** Jórunn Frímansdóttir og Hörður Ólafsson nutu listarinnar.



**KANKVÍS KVARTETT** Berghildur Erla Bernhardsdóttir, Svanhildur Konráðsdóttir, Signý Pálsdóttir og Kolbrún Bergþórsdóttir.



**ÁNÆGÐAR MEÐ OPNUNINA** María Ólafsdóttir, Guðrún Hjartardóttir og Rannveig Eyberg.

**SMÁRA BÍÓ**

**HÁSKÓLA BÍÓ**

**STÓRKOSTLEGASTA ÁSTARSGAGA ÁRATUGARINS** - ENTERTAINMENT WEEKLY

**BYGGD Á METSÖLUBÓKUNNI SKRIFAÐ Í STJÖRNURNAR**

SMÁRA BÍÓ		HÁSKÓLA BÍÓ	
FAULT IN OUR STARS KL. 5 - 8 - 10:40	12	FAULT IN OUR STARS MILLION KL. 5:30 - 8 - 10:30	12
FAULT IN OUR STARS LUXUS KL. 5		TÖFRALANDIÐ OZ 2D ISL. TAL KL. 5:45	12
MILLION WAYS TO DIE... KL. 8 - 10:45		VONARSTRÆTI KL. 6 - 8 - 9 - 10:40	14
TÖFRALANDIÐ OZ 2D ISL. TAL KL. 3:30 - 5:45	16	THE AMAZING SPIDERMAN 2 2D KL. 10:30	12
X-MEN 3D KL. 8 - 10:45	12	THE OTHER WOMAN KL. 8	12
X-MEN 3D LUXUS KL. 10:45		HARRY OG HEIMIR KL. 6	7
X-MEN 2D KL. 5			
VONARSTRÆTI KL. 5:20 - 8 - 10:30	14		
VONARSTRÆTI LUXUS KL. 8	14		
LÁSI LÖGGUBILL KL. 3:20	14		

Miðasala á: **eMiði**

Kauptu miða á X-Men með **Netgiró**

**LAUGARÁS BÍÓ**

**midi.is**

**Coca-Cola**

**STÓRKOSTLEGASTA ÁSTARSGAGA ÁRATUGARINS** - ENTERTAINMENT WEEKLY

LAUGARÁS BÍÓ		Sýningartimar	
FAULT IN OUR STARS	12	5:20, 8, 10:40	12
MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST	16	8, 10:30	16
VONARSTRÆTI	14	5:20, 8, 10:40	14
TÖFRALANDIÐ OZ 2D	6		6

Sími: 553-2075 [www.laugarasbio.is](http://www.laugarasbio.is)

**BÍÓ PARADÍS**

EUROPA CINEMAS

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á [WWW.BIOPARADIS.IS](http://WWW.BIOPARADIS.IS) - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



# HM | DAGAR

## Í SAMSUNG-SETRINU



### Full búð af sjónvarpstilboðum

#### TIL DÆMIS:

#### SAMSUNG UE46/50F5005

LED SJÓNVARP · 100 Hz · Full HD 1920x1080p  
· Mega skerpa · Afspilun USB: kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist  
· Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2

#### TILBOÐ#1:

**46" = 159.900,-**

#### TILBOÐ#2:

**50" = 199.900,-**



#### SAMSUNG UE46F6675

LED SJÓNVARP · 600 Hz · Full HD 1920x1080p  
Skjár: Clear · Skerpa: Mega · AllShare: Auðveld samskipti  
Samsung tækja · USB: Upptaka og afspilun · Social TV: Já, horfðu  
á sjónvarp og vertu á Facebook, You Tube, Flickr, Skype ofl.

#### TILBOÐ#3:

**46" = 239.900,-**



#### SAMSUNG UE55F8005

GLÆSILEGT VERÐLAUNATÆKI

**„BESTA SMART TV Á MARKAÐINUM 2013-214“**

LED SJÓNVARP · 1000 Hz · Full HD 1920x1080p

#### TILBOÐ#4:

**55" = 529.900,-**



**VEITUM  
20% AFSLÁTT**  
af öllum heimabíóum  
við kaup á sjónvörpum  
á HM-DÖGUM

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK  
VERSLANIR UM LAND ALLT

**SAMSUNG**

**SETRID**

samsungsetrid.is

FIFA WORLD CUP  
Brasil

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

## HM Í FÓTBOLTA Í BRASÍLÍU 8 DAGAR Í FYRSTA LEIK

Brasílíski bakvörðurinn Cafu, sem var fyrirliði heimsmeistaraliðs Brasilíu 1994, á tvö mögnuð met í úrslitakeppni HM. Cafu er sá eini sem hefur tekið þátt í þremur úrslitaleikjum á HM, vann 1994 og 2002 en tapaði 1998, auk þess að enginn annar leikmaður hefur tekið þátt í fleiri sigurleikjum í úrslitakeppni HM.

Brasilía vann 16 af 21 leik sem Cafu spilaði. Cafu kom inn á sem varamaður á 22. mínútu í úrslitaleiknum á HM í Bandaríkjunum 1994 og var í byrjunarliðinu í úrslitaleikjunum 1998 og 2002. Enginn Brasilíumaður hefur spilað fleiri landsleiki en Cafu, sem spilaði sinn 142. og síðasta árið 2006.



## Ekki bara vinna heldur stjórna leiknum

**FÓTBOLTI** „Fyrst og fremst vil ég vinna leikinn,“ segir Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari karla í knattspyrnu, í samtali við Fréttablaðið um vináttulandsleikinn gegn Eistlandi á Laugardalsvelli í kvöld.

„Í svona vináttuleik reynum við að einbeita okkur að smáatriðum í okkar leik líkt og fyrir leikinn á móti Austurríki. Vonandi sé ég þau virka í leiknum á móti Eistlandi,“ segir Svíinn.

Lars vill ekki bara vinna leikinn í kvöld heldur hafa öll völd á vellinum. „Mér finnst mikilvægt að það sé sigurtilfinning í hópnum. Með fullri virðingu fyrir liði Eistlands þá eignum við að vinna það á heimavelli. Það er mikilvægt að sýna að við getum stjórnað leiknum algjörlega og náð góðum úrslitum,“ segir hann.

Ísland tapaði fyrstu tveimur vináttulandsleikjum ársins; á móti Svíþjóð og Wales. Hvað var betra hjá liðinu í þriðja leiknum á móti Austurríki?

„Það var gott að sjá hversu mikið liðið bætti sig í seinni hálfleik eftir slakan fyrri hálfleik. Við bættum okkur til muna í þeim síðari og menn fundu sig betur í sínum stöðum. Við ætluðum að byggja sóknirnar upp á ákveðinn hátt sem fór að ganga betur. Það var gaman að sjá,“ segir Lagerbäck.



**NÁKVÆMUR** Lars fylgist með liðinu á æfingu í Þorlákshöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Alveg til í að prófa eitthvað nýtt

Kolbeinn Sigþórsson yfirgefur líklega Ajax í sumar eftir þriggja ára dvöl í Amsterdam. Hann er opinn fyrir helstu deildum Evrópu.

**FÓTBOLTI** „Það er aldrei gaman að tapa þannig að það var fínt fyrir liðið að ná jafntefli. Við gátum stolið þessu í lokins en við áttum ekki skilið að vinna,“ segir Kolbeinn Sigþórsson, landsliðsframherji í knattspyrnu, í samtali við Fréttablaðið, rétt áður en hann skokkar út á æfingu liðsins í Þorlákshöfn í gær.

Kolbeinn og strákarnir okkar mæta Eistum klukkan 19.15 á Laugardalsvelli í kvöld í síðasta æfingaleik liðsins fyrir átökin í undankeppni EM 2016 sem hefst í haust.

„Þessi lið eru svipuð að styrkleika og sum þeirra sem eru í riðlinum. En við einbeitem okkur að okkar leik. Við erum að byggja upp okkar leik og vonandi skilar það sér eftir tvo til þrjú mánuði þegar undankeppnin hefst,“ segir hann.

### Ajax vill greiðslu

Kolbeinn varð Hollandsmeistari með stórlíði Ajax þriðja árið í röð á nýliðnu tímabili. Svo virðist þó sem tíma hans í Amsterdam sé lokið og má fastlega búast við að hann finni sér nýtt lið í sumar.

„Staða mín er augljós. Ég á eitt ár eftir af samningnum og bæði ég og Ajax viljum fá eitthvað fyrir mig. Það er í boði, fyrst ég á eitt ár eftir, að vera áfram og spila minna. Hugmyndafræði Ajax er þannig að það vill fá eitthvað fyrir mennina sem það kaupir,“ segir Kolbeinn, sem er líka tilbúinn að prófa eitthvað nýtt.

„Ég er búinn að vera sjö ár í Hollandi og það hefur verið markmið frekar lengi að taka næsta skref. Ef eitthvað spennandi kemur upp í sumar þá mun ég

klárlega skoða það,“ segir hann. Er stefnan sett eitthvert ákveðið?

„Ég er opinn fyrir þessum helstu deildum Evrópu; Englandi, Þýskalandi, Spáni og Ítalíu. Ef það koma tilboð frá liðum sem heilla mun ég skoða það en það er ekkert að gerast núna,“ segir Kolbeinn.

### Meiðslin tafið fyrir

Kolbeinn var mikið meiddur fyrstu tvö tímabilin hjá Ajax en skilaði marki í öðrum hverjum leik (14 leikir, sjö mörk bæði tímabilin). Í heildina spilaði Kolbeinn 30 leiki í hollensku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð og skoraði tíu mörk. Hann var ekki alltaf í byrjunarliðinu og kom inn á tíu sinnum sem varamaður.

„Þjálfarinn var að prófa eitthvað nýtt. Ég var heldur ekkert

alltaf frammi heldur á kantinum. Maður fékk ekkert alltaf að vera í sinni stöðu. En ég er búinn að verða hollenskur meistari þrisvar sinnum og er ánægður með það. Það voru bara þessi meiðslir sem settu strik í reikninginn og töfðu kannski fyrir mér,“ segir Kolbeinn sem segir það gott að vera að skora áfram með landsliðinu upp á framhaldið.

„Ég er mjög sáttur í landsliðinu þar sem ég er að skora í hverjum leik. Ég er ánægður með hvernig strákarnir eru að spila upp á mig. Það er eitthvað sem ég hef ekki verið ánægður með úti. Þessi mörk telja og það er fínt að vera að skora með landsliðinu. Glugginn er opinn núna þannig að allt getur gerst,“ segir Kolbeinn.

tomas@365.is



**MARKAHRÓKUR** Kolbeinn kátur á landsliðsæfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

LAUGARDALSVÖLLUR  
Í KVÖLD  
KLUKKAN 19:15

MIÐASALA Á MIÐI.IS  
MÆTUM TÍMANLEGA  
ÁFRAM ÍSLAND

# ÍSLAND

## EISTLAND

10

17

# Ísland gerði það sem þurfti til

Guðjón fór á kostum tveimur dögum eftir tapið í úrslitum Meistaradeildarinnar.

**HANDBOLTI** Ísland lagði Portugal 29-26 í þriðja leik þjóðanna á jafn mörgum dögum. Portugal byrjaði leikinn betur en eftir um 20 mínútna leik tók Ísland öll völd á vellinum. Liðið vann upp fjögurra marka forystu gestanna og var tveimur mörkum yfir í hálfleik 13-11.

„Ég var hræðilegur fyrstu 20 mínúturnar og svo hitnaði þetta aðeins hjá okkur flestum. Það er kannski edlilegt miðað við að menn eru komnir aðeins fram úr sér og með hausinn lengra en þennan leik,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirlíði Íslands.

„Þetta eru lok langs tímabils og við erum búnir að horfa á þessu Bosníu-leiki lengi. Ég ætla ekki að leita að afsökunum. Við vorum lélegir til að byrja með.“

„Við sýndum í hálf tíma, 35 mínútur, tiltölulega góðan handbolta. Svo misstum við aðeins dampinn í lokin aftur. Það er ekkert til að hafa áhyggjur af.“

Guðjón kvaddi lið sitt Kiel um helgina þegar liðið tapaði í úrslitum Meistaradeildarinnar. Það var síðasti leikur Guðjóns Vals fyrir félagið en hann segist ekki mega

gefa upp hvert hann fer fyrr en á mánudaginn eftir viku.

Guðjón sagði erfitt fyrir sig að sætta sig við úrslit helgarinnar en hann lofaði því að vera klár í slaginn þegar Ísland mætir Bosníu í umspilinu um laust sæti á HM.

„Ég verð klár í slaginn. Það er ekkert val. Helgin var ömurleg og er enn þá ömurleg en maður lítur fram á veginn. Lífið heldur áfram. „Mér líst vel á Bosníu-leikina. Ég er ekki betur gefinn en það að ég trúi alltaf að við vinnum.“

- gmi



Í BANASTUDI Guðjón Valur átti frábæran leik í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## VINÁTTULANDSLEIKUR

### ÍSLAND - PORTÚGAL 29-26(13-11)

Ísland - Mörk (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 7 (10/1), Arnór Atlason 6 (10), Róbert Gunnarsson 5 (8), Bjarki Már Elísson 3/2 (3/2), Snorri Steinn Guðjónsson 3/1 (4/2), Alexander Petersson 3 (5), Ólafur Guðmundsson 1 (1), Þórir Ólafsson 1 (2), Bjarki Már Gunnarsson (1), Ásgeir Örn Hallgrímsson (3),

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 5 (20, 25%), Sveinbjörn Pétursson 3 (14/2, 21%),

Hraðaupphlaup: 9 (Guðjón 5, Alexander 2, Arnór, Þórir)

Fiskuð víti: 4 ( Arnór, Róbert, Snorri, Alexander)

Utan vallar: 6 mínútur.

Portugal - Mörk (skot): Pedro Solha 5 (5), Tiago Rocha 5 (5), Wilson Davyes 5 (6), Pedro Portela 4/2 (5/2), Gilberto Duarte 3 (4), Fabio Antunes 1 (1), Nuno Roque 1 (2), Ricardo Moreira 1 (2), Fabio Magalhaes 1 (4), Ricardo Pesqueira (1), Pedro Cruz (4),

Varin skot: Hugo Figueira 10/2 (33/4, 30%), Ricardo Candeias 2 (8/1, 25%),

Hraðaupphlaup: 8 (Solha 3, Davyes 3, Portela, Duarte)

Fiskuð víti: 2 ( Rocha, Roque )

Utan vallar: 6 mínútur.



NÝTT ÆVINTÝRI Aron kveður Kiel eftir ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Aron samdi við Veszprém

**HANDBOLTI** Ungverska félagið Veszprém tilkynnti á heimasíðu sinni í dag að það væri búð að semja við íslenska landsliðsmanninn Aron Pálmarsson.

Samningur Arons við félagið er til þriggja ára og Aron gengur í raðir félagsins næsta sumar en hann á eitt ár eftir af samningi sínum við Kiel.

Aron fékk aðeins að kynna tilvonandi liðsfélögum sínum um helgina er hann mætti Veszprém í undanúrslitum Meistaradeildarinnar. Þar hafði Kiel betur í hörkuleik. Aron var svo kosinn besti leikmaður úrslitahelgarinnar en hann er heldur betur búinn að stimpla sig inn í hóp bestu handboltamanna heims.

- hbg



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**  
REYKJAVIK UNIVERSITY

# Við látum verkin tala

Opnar meistaravarnir við tækni- og verkfræðideild í Háskólanum í Reykjavík 5. júní.

Nemandi	Braut	Verkefni	kl.	Stofa
Erla Björk Sigurgeirsdóttir	MSc orkuvísindi	Financial benefit for Icelandic companies by implementing ISO 14001	10:00	M104
Harpa Rún Garðarsdóttir	MSc rekstrarverkfræði	Reliability of jet engines	10:00	M208
Birna Markúsdóttir	MSc íþróttavísindi og þjálfun	A novel exercise intervention on transversus abdominis recruitment and pain perception using EMG feedback in people with low back pain	10:00	M105
Oddný Björgvinsdóttir	MSc heilbrigðisverkfræði	Investigating the effects of pulsed electromagnetic fields (PEMFs) on bovine nucleus pulposus cells	11:00	M104
Sunna Björg Helgadóttir	MSc rekstrarverkfræði	Cost and optimization model of aluminium billets production at ISAL Straumsvík	11:00	M208
Guðmundur Þorsteinn Bergsson	MSc byggingarverkfræði/ mannvirkjahönnun	Samanburður bormótstöðu við niðurrekstur og burðarþols staura	11:00	M209
Pórhallur Siggeirsson	MSc íþróttavísindi og þjálfun	Próun matskerfis fyrir afreksstarf yngri flokka í knattspyrnu á Íslandi	11:00	M105
Sigurbjörg Jónsdóttir	MSc heilbrigðisverkfræði	Validation and biomechanical measurement using a novel inertial measurement unit	13:00	M104
Skúli Magnús Sæmundsen	MSc rekstrarverkfræði	Innritun í leikskóla	13:00	M208
Dagný Dís Magnúsdóttir	MSc rekstrarverkfræði	Risk-based analysis of operational procedures used by the Control Centre of Landsnet	13:00	M209
Anna Berglind Sigurðardóttir	MSc framkvæmdastjórnun	Parfaggreining á flugvélastæðum Keflavíkurflugvallar	14:00	M209
Nils Óskar Nilsson	MSc íþróttavísindi og þjálfun	Movement analysis of side step cutting motion in agility testing for elite athletes	15:00	M105
Heimir Þór Gíslason	MSc byggingarverkfræði/ umferð og skipulag	Verkbeiðna- og verkáætlanakerfi fyrir vegagerðarverk	15:30	M104
Ninna Björg Ólafsdóttir	MSc rekstrarverkfræði	Lateral flight optimization with respect to wind	15:30	M208

ALLIR VELKOMNIR!

hr.is



# NÝ OG FALLEG DRAUMAHÖLL

## STÆKKUM, BREYTUM OG SKREYTUM

### FULL BÚÐ AF FRÁBÆRUM OPNUNARTILBOÐUM



NÝTT  
**20%**  
KYNNINGAR-  
AFSLÁTTUR

**furninova**

**PASO DOBLE TUNGUSÓFI**

**255.990**

Stærð: 300 x 100 x 150 H 95 cm.

Hægri eða vinsti tunga. Áklæði í mörgum litum og gerðum.

FULLT VERÐ: 319.990

**TALIDA HORNSÓFI MEÐ TUNGU**



**ÞÚ SPARAR  
170.000  
KRÓNUR**

TALIDA HORNSÓFI MEÐ TUNGU.  
Brúnt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 341x222x160 H80 cm.

**199.990**

FULLT VERÐ: 369.990

**DURANGO TUNGUSÓFI**



**ÞÚ SPARAR  
80.000  
KRÓNUR**

Stærð: 273x199 H81,5 cm.  
Hægri eða vinsti tunga.  
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**189.990**

FULLT VERÐ: 269.990



**WOODY** borðstofustóll.  
7 litir með hvíttuðum  
viðarlöppum.

**14.450**

FULLT VERÐ: 19.990



**12.990**

FULLT VERÐ: 19.990

**ANDREW**  
Borðstofustóll  
Svartur, hvítur  
og brúnn.



Ferhyrnt  
120x80 H: 75,5 cm.

**31.990**

FULLT VERÐ: 39.990



**12.790**

FULLT VERÐ: 15.990

**RAVEN** Borðstofustólar  
birki eða svartar lappir.

**RAVEN**  
Eldhúsborð  
Hvít borðplata,  
natur birki eða  
svartlakkaðar  
lappir.



Hringlaga  
90x90 H: 75,5 cm.

**27.990**

FULLT VERÐ: 34.990

**LAZBOY**

**RIALTO**

Grátt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 80x80 cm H:107 cm

**ÞÚ SPARAR  
40.000  
KRÓNUR**

**79.990**

FULLT VERÐ: 119.990



**SMÁVARA**

**15%**  
AFSLÁTTUR  
AF



**ALESSI** **iittala** by nord



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

REYKJAVÍK | AKUREYRI



**SMÁVARA**

**20%**  
AFSLÁTTUR  
AF



HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17  
OG Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10-18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER 558 1100**

## BÍÓMYNDIN



Ein uppáhaldsmyndin mín er **3 Amigos**. Ég kann hana utan að og horfi á hana ef mig vantar að komast í gott skap. Viðræður eru í gangi um íslenska endurgerð myndarinnar með mig, Góa og Jóa í aðalhlutverkum. Sel það ekki dýrara en ég...

Atli Pórr Albertsson leikari

## Bandarískt stórfyrirtæki hótar lögsókn

Útgáfufyrirtækið Time Inc. fer fram á að tímaritið Nordic Style breyti lógói sínu.

Bandaríska útgáfufyrirtækið Time Inc., eigandi tímaritanna InStyle, People og Sports Illustrated, hótar að lögsækja tímaritið Nordic Style. Telja forsvarsmenn Time Inc. að merki tímaritsins sé of líkt merki tímaritsins InStyle og gæti því valdið ruglingi hjá viðskiptavinum þess síðarnefnda.

„Það var mikið áfall þegar mér barst bréfið frá Time Inc. vegna alvarleika hótunarinnar. Að því sögðu þá er áhugavert að gera sér grein fyrir að lítið sjálfstætt veftímarit, sem dreift er án endurgjalds, skuli vera þyrnir

í augum útgáfufyrirtækisins,“ segir Soffía Theódóra Tryggvadóttir, aðalritstjóri Nordic Style.

Nordic Style er ókeypis veftímarit og blogg sem fjallar um tísku og hönnun frá Norðurlöndunum.

„Þó svo að við íhuguðum mikið að fara í hart þá varð niðurstaða okkar sú að það myndi ekki borga sig fyrir okkur, hvorki fjárhagslega né tímalega séð. Þess vegna neyðumst við til að þróa ímyndina upp á nýtt,“ segir Signý Kristinsdóttir, markaðsstjóri tímaritsins.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem

**LOGÓIÐ SEM PYKIR OF LÍKT INSTYLE.**

Time Inc. lögsækir íslenskt fyrirtæki. Árið 1981 höfðaði það lögsókn gegn Frjálsu framtaki hf. sem þá gaf út tímaritið Líf. Farið var fram á að nafni tímaritsins Líf yrði breytt, þar sem það væri of líkt nafni tímaritsins Life, sem Time gefur út. Frjálst framtak hf. var sýknað í Héraðsdómi, en síðar dæmt til að breyta nafninu í Hæstarétti. Nafninu var breytt í Nýtt Líf.



**MIKIÐ ÁFALL** Soffía er stofnandi Nordic Style.

## EVRÓPUMÁL

## Ísland, Evrópusambandið og loftslagsbreytingar



FIMMTUDAGINN 5. JÚNÍ KL. 13:00-16:00 Í ODDA 101

Opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Evrópustofu í samstarfi við Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands.

Á þessu málþingi verður fjallað um stefnu Evrópusambandsins í loftslagsmálum og hvernig hún hefur áhrif á Íslandi í gegnum EES-samninginn. Er sambandið að standa sig nægilega vel í baráttunni gegn hlýnun jarðar? Á Íslandi er losun gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa með því mesta sem gerist í heiminum. Hvað eru íslensk stjórnmál að gera til að draga úr þessari losun? Hvaða tækifæri eru til nýsköpunar í viðskiptageiranum á Íslandi? Þarf að breyta viðhorfum hérlendis?

## OPNUNARÁVARP

Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands

## Stefna Evrópusambandsins í loftslagsmálum og EES-samningurinn

Samuel Flückiger, sérfræðingur í umhverfismálum hjá EFTA

## Gagnrýnin umfjöllun um stefnu Evrópusambandsins í loftslags- og orkumálum

Wendel Trio, formaður Climate Action Network Europe

## Stefna og aðgerðir Íslands í loftslagsmálum

Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

## Tækifæri til nýsköpunar í viðskiptageiranum á Íslandi

Bryndís Skúladóttir, forstöðumaður umhverfismála hjá Samtökum iðnaðarinnar

## Gerum minna - hreinskilið viðhorf til höfuðorsaka nútímaloftslagsbreytinga

Finnur Guðmundarson Olguson, einn umsjónarmanna grugg.is, vefrits um umhverfismál

## SAMANTEKT

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands

Fundarstjóri: Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar

Fundurinn fer fram á ensku. Boðið verður upp á kaffiveitingar – Allir velkomnir. Nánari upplýsingar: [www.ams.hi.is](http://www.ams.hi.is) og [www.evropustofa.is](http://www.evropustofa.is)



Evrópastofa  
Lofþingargátt 58B



ALPJÓÐAMÁL-  
STOFNUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ábendingahnappinn má finna á  
[www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## Gleðja eldri borgara með hljómléikaröð

Ása Berglind Hjálmarsdóttir stendur, ásamt tveimur öðrum, fyrir tónleikaferð, þar sem þau leika á hjúkrunar- og dvalarheimilum landsins. 65 tónleikar á 30 dögum.

„Þetta er hugmynd sem strákarnir fengu, sem hefur gerjast í svólíttinn tíma. Þetta er svo skemmtilegt og gefandi fyrir svo margar sakir,“ segir tónlistarkonan Ása Berglind Hjálmarsdóttir en hún, ásamt þeim Tómasi Jónssyni og Jökli Brynjarssyni, stendur fyrir hljómléikaröðinni, Nú verður glaumur og gaman, nú gleðjist hver einasta sál.

Um er að ræða hljómléikaröð til heiðurs eldri borgurum Íslands, sem inniheldur 65 tónleika á einungis 30 dögum.

„Þetta er þétt dagskrá hjá okkur, við erum með allt upp í fjóra tónleika á einum deginum. Við förum líka um allt land,“ segir Ása Berglind.

Þau ætla að heimsækja hvert einasta hjúkrunar- og dvalarheimili landsins en í fyrstu vikunni leika þau á 26 tónleikum.

Öll gefa þau vinnuna sína og gera þetta af góðmennskunni einni. „Við erum að gefa vinnuna okkar og bensín, en við vonumst þó til þess að einhverjir sjái hag sinn í að styrkja þetta verkefni. Við höfum talað við fyrirtæki og sjóði en höfum ekki fengið neina styrki nema útilegukortið styrkti okkur með útilegukortum. Argh ehf. styrkti okkur líka með gerð auglýsingaplakats,“ útskýrir Ása Berglind.

Tónleikarnir á hverjum stað fyrir sig eru 45 mínútna langir. „Það er svo einfalt, að taka sér klukkutíma pásu frá Facebook, skunda á elliheimilið með hljómfæri og spila og syngja með fólkinu. Það gefur okkur og fólkinu ólýsanlega mikið. Við höfum fengið frábær viðbrögð og nú þegar höfum við lent í alls kyns tilfinningum, fólk ýmist hlær eða grætur.“



Á FARALDSFÆTI Tónleikaröðin hófst 1. júní og verður tríoíð á ferð og flugi við að skemmta öldruðum allan júnímánuð.

„Það er svo einfalt, að taka sér klukkutíma pásu frá Facebook, skunda á elliheimilið með hljómfæri og spila og syngja með fólkinu. Það gefur okkur og fólkinu ólýsanlega mikið.“

Ása Berglind Hjálmarsdóttir

Á hljómléikaröðinni ætla þau að leika íslenska dægurlagatonlist sem flestir ættu að þekkja. „Við spilum íslenskar dægurlagaperlur, allt frá lögum eftir Jón Múla Árnason yfir í Hreðavatsvalsinn,“ bætir Ása Berglind við.

Hún segist ekki geta lýst þeirri góðu tilfinningu að skemmta fólki.

„Það er dásamlegt þegar líf kemur í döpur augu, sagði einn starfsmaður við mig um daginn. Tónlistin er svo ákaflega öflugt og gott lyf,“ bætir Ása Berglind við.

Hægt er að fylgjast með ferðalagi þeirra á fésbókarsíðu þeirra sem er samnefnd tónleikaferðinni.

[gunnarleo@frettabladid.is](mailto:gunnarleo@frettabladid.is)

## Ætlar kannski að smakka lunda

Tónlistarmaðurinn John Grant treður upp á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

„Mig langaði að koma fram því ég var beðinn um það og það hljómaði eins og frábært tækifæri til að fara til Vestmannaeyja því ég hef ekki komið þangað áður,“ segir bandaríski tónlistarmaðurinn og Íslandsvinurinn John Grant. Hann treður upp á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina og hlakkar mikið til.

„Ég ætla mestmegnis að syngja lög af nýjustu plötu minni, Pale Green Ghosts, og líka nokkur af fyrstu sólóplötunni minni, Queen of Denmark,“ segir John. Hann er ekki viss hvort hann þori að smakka þjóðhátíðarréttinn, reyktan lunda.

„Ég ætla mestmegnis að syngja lög af nýjustu plötu minni, Pale Green Ghosts.“

„Ég er ekki viss. Kannski.“ John er á tónleikaferðalagi sem stendur en hann vonast til að vinna meira með íslenskum tónlistarmönnum í framtíðinni. Hann samdi til að mynda enska textann við Eurovision-lag Pollapönks, Enga fordóma, og er stoltur af strákunum.

„Mér finnst þeir frábærir og þeir gerðu mig vissulega stoltan. Það er mikill heiður að þeir hafi beðið mig



**NÓG AÐ GERA** Mikið er að gera hjá John sem vonast til að fá allavega nokkra daga í sumarfrí í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að hjálpa því þeir eru yndislegar manneskjur og frábærir tónlistarmenn og mér finnst lagið þeirra gott. Þeir eru umvafðir góðri orku og flytja frábæran boðskap.“

-lk

**HLEÐSLA** | 100%  
ÍPRÓTTADRYKKUR | HÁGÆÐA  
PRÓTEIN



# NÝ OG FERSK HLEÐSLA MEÐ EKTA SÚKKULADIBRAGÐI



VIÐ VITUM AÐ ÞAÐ ÞARF ÚTHALD OG EINBEITINGU TIL AÐ HALDA SÉR GANGANDI.  
HLEÐSLA ER GERÐ ÚR NÁTTÚRULEGU ÍSLENSKU HÁGÆÐAPRÓTEINI, INNIHELDUR  
ENGAN HVÍTAN SYKUR OG BYGGIR UPP VÖÐVANA. FÁÐU SEM MEST ÚT ÚR ÆFINGUNNI  
MEÐ ÞVÍ AÐ SKELLA Í ÞIG HLEÐSLU EÐA NJÓTTU HENNAR Á MILLI MÁLA.

ÞINN LÍKAMI ÞARF HLEÐSLU

MS.IS



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

**WOW**  
FLUGFÉLAG FÓLKINS

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Umkringd stjórnnum

Söngkonan Anna Mjöll naut góðrar tónlistar á staðnum Vibrato í Los Angeles á sunnudagskvöldið með móður sinni, Svanhildi Jakobsdóttur. Staðurinn er þekktur fyrir að bjóða reglulega upp á háklassadjasstónleika og hefur Anna Mjöll sjálf margt troðið þar upp. Þær mæðgur fengu óvæntan glaðning á sunnudagskvöldið, sem og aðrir gestir, þegar leikkonan Charlize Theron vatt sér upp á svið og tók lagið með grínist- anum Seth MacFarlane. Ekki nóg með það því kærasti Charlize, stórleikarinn Sean Penn, var gestur í salnum sem og Kiss-rokkarinn Gene Simmons. Þetta þótti mæðgunum ekki leiðinlegt og skrifaði Anna Mjöll á Facebook-síðu sína að þetta hefði verið afar skemmtilegt.

- lkg



### Raddlaus söngvari

Röddin er helsta atvinnutæki Arnórs Dans Arnarsonar, söngvara Agent Fresco, en hún er að stríða honum þessi misserin. Arnór sendi á sunnudag ákall til vina sinna á Facebook til að fá lausn á vandræðum sínum en hann virðist orðinn ráðþrota í tilraunum sínum til að laga röddina.

Það er mikilvægt fyrir Arnór að röddin komist í lag enda er Agent Fresco að semja og taka upp tónlist fyrir nýja plötu sveitarinnar þessa dagana.

Danska óperusöngkonan Sofie Elkjær Jensen, sem nú býr sig undir eitt aðalhlutverkanna í Brúðkaupi Figarós í Kaupmannahöfn, kemur Arnóri til bjargar á síðunni og gefur honum góð ráð til að bjarga röddinni áður en illa fer. - sss



## Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Umfjöllun, viðtöl og einkunnir: KR - Fram 3-2 | Frábær endurkoma hjá KR
- 2 iPhone-4 orðinn úreltur
- 3 Umfjöllun, viðtöl og myndir: Breiðablik - Stjarnan 1-1 | Óli kvaddi
- 4 Mun minna fjallað um kvennafótbolta í fjölmiðlum
- 5 Þrýst á Bjarna að slíta stjórnsamstarfi



**KitchenAid**  
THE MORE YOU USE IT  
THE BETTER IT LOOKS



# VIÐ ELSKUM AFMÆLISPAKKA

Við erum tveggja ára og lækkum því verðið



Tímabil: 4., 11. og 18. september

## London

Verzlun, menning, matur og lystigarðar.

**Frá 51.900 kr.**

Verð á mann í tvíbýli.

Innifalið er flug með sköttum og gjöldum, gisting í 3 nætur með morgunverði og 10 kg. í handfarangri.



Tímabil: 18. september, 7. október og 8. nóvember

## Alicante

Allt sem hugurinn girnist. Sól, strönd og unaðslegur matur.

**Frá 84.900 kr.**

Verð á mann í tvíbýli.

Innifalið er flug með sköttum og gjöldum, gisting í 7 nætur á Hotel Maya \*\*\* með hálfu fæði og 10 kg. í handfarangri.



Tímabil: 21. ágúst, 4. september og 2. október

## Köben

Spennandi borg fyrir alla fjölskylduna.

**Frá 51.900 kr.**

Verð á mann í tvíbýli.

Innifalið er flug með sköttum og gjöldum, gisting í 3 nætur með morgunverði og 10 kg. í handfarangri.



Gildir frá 12 á hádegi í dag til hádegis fimmtudaginn 5. júní. Takmarkað magn í boði.

wowtravel.is

Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wowtravel@wowtravel.is

